



50% afsláttur af nammibarnum á laugardögum



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júlí 2005 - 183. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Reykvískur verðlaunahafi með skoskan hreim

Magnús Kjartan Gíslason vinnur nú hörðum höndum að doktorsverkefni í heilbrigðisverkefni við Strathclyde-háskólann, en verkefnið fékk í vikunni fyrstu verðlaun International Society of Biomechanics.

VISINDI 22



Pegar hver ferð var ævintýri líkust

Brugðió gat til þess að hafa þessa vona á upphafsstöðum milliandflugs þegar tækjunaður var oft frumstæður og lítið mátt út af bregða. 60 ár eru á mánudag frá fyrsta farþegafluginu til útlanda.

FLUG 24



Sigurganga FH-inga í fótbolta-umveldur áfram

FH-ingar unnu Keflvíkina 2-0 í fyrsta leik 10. umferðar og hafa því enn fullt húð og nú ný stíga forskot í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

FH hefur unnið 13 deildarleiki í röð og það eru komnir 26 leikir síðan liðið tapaði síðast deildarleik.

ÍBRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI norðaustan og austan til. Rigning eða skúrir á Vestfirðum, annars yfirleitt hálskjáð eða skjáð og hætt við minniháttar vætu. Híti 10-20 stíg, hlýjast NA-til.

VEÐUR 4

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ

Laugardagur: 25-49 ára*

74%

Fréttablaðið

58%

Mbl.

*Samkvæmt fjárfestingarvæðingum Gallup í apríl 2005. Lestur á laugardögum.

Hnífjafnt í borginni

Í fyrsta skipti um langt skeið mælist Sjálfstæðisflokkur með meirihluta í Reykjavík. Samkvæmt nýrri könnun Gallup fengi Sjálfstæðisflokkurinn helming atkvæða en R-listinn 49 prósent. Munurinn er vel innan skekkjumarka.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sé horft til þeirra sem afstöðu tóku í nýrri viðhorfskönnun IMG Gallup fengi Sjálfstæðisflokkurinn 50,2 prósent, Reykjavíkurlistinn 49,0 prósent og Frjálslyndi flokkurinn 0,8 prósent ef kosid yrði til borgarstjórnar í dag. Skekkjumörk eru þó veruleg, 6,2 prósent hjá stóru framboðunum og 1,1 prósent hjá Frjálslynda flokknum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna, segir augljóst að Sjálfstæðisflokkurinn sé í mikilli sókn. Hann segir þó að öllum skoðanakönnunum beri að taka með fyrirvara. „Við erum mjög þakklát fyrir það traust sem Reykjavíkingar sýna okkur og þessi skoðanakönnun er undurspeglar,“ segir hann og

Ef kosid yrði í Reykjavík nú:

Framboð	Svarendur	Hlutfall
Sjálfstæðisflokkur	127	50,2%
Reykjavíkurlistinn	124	49,0%
Frjálslyndi flokkurinn	2	0,8%

*Þeir 253 sem afstöðu tóku í Gallup-könnun 15. júní til 5. júlí 2005. Af 376 sem svöruðu sögðust 16 myndu skila auðu, 11 ekki kjósa, 55 voru óákveðnir og 41 neitaði að svara.

telur að niðurstaðan sé flokknum mikil hvatning til áframhaldandi góðra verka fyrir borgarbúa. „Í samvinnu við þá ætlum við okkur að búa til betri borg.“

Steinunn Valdíis Óskarsdóttir borgarstjóri segir skoðanakönnunir Gallup síðustu misseri hafa sýnt að meirihluti Reykjavíkurlistans standi traustum fótum. „Þó svo að ein smákönnun nú sýni að Sjálf-

stæðisflokkurinn sé þremur atkvæðum yfir Reykjavíkurlistanum, þá er það nokkuð sem ég sef alveg rólega yfir. En ef menn vilja taka þetta alvarlega má líka skoða niðurstöðuna í því ljósi að í gangi eru viðræður um framtíð Reykjavíkurlistans. Þar eru auðvitað miklar hræringar og ekki komið á hreint hvað gerist fyrir næstu kosningar,“ segir hún.

Símakönnun Gallup var unnin fyrir borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna dagana 15. júní til 5. júlí. Endanlegt úrtak var 670 Reykjavíkingar, 18 til 75 ára, valdir af handahófi úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 56,1 prósent, en spurt var: „Ef kosid yrði í dag til borgarstjórnar hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa/líklegast kjósa?“

VERSLUN SOMERFIELD Ekkert verður af þáttöku Baugs í yfirtöku Sommerfield.

Kauptilboð í Sommerfield:

Baugur hættir við þáttöku

VIÐSKIPTI Baugur er hættur þáttöku í fyrirtækjahópi sem vinnur að kaupum á bresku verslunarkeðjunni Sommerfield. Í tilkynningu frá félaginu segir að ákvörðunin hafi verið tekin í þágu samstarfsaðilanna í kjölfar þess að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, og fimm öðrum einstaklingum voru birtar ákærur í Baugsmálinu svokallaða.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður félagsins, segir að Baugur sé brotþoli í málinu. Fyrirtækið sé ekki ákært og rannsókn lögreglu snúi ekki að því. Samið hefur verið um að Baugur selji 5,55 prósent hlut sinn í Sommerfield fyrir um 6,5 milljarða króna. Aætlaður hagnaður Baugs af fjárfestingunni nemur um þremur milljörðum króna.

Íbúðalánasjóður selur:

Hefur aldrei átt færri íbúðir

FASTEIGNIR Íbúðalánasjóður hefur sést mikið af fasteignum að undanförmum og er nú svo komið að sjóðurinn hefur aldrei átt færri íbúðir en nú.

Íbúðalánasjóður hefur alla jafna átt á bilinu 100 til 120 fasteignir sem hann hefur leyst til sín vegna vanefnda lántakenda en sala þeirra hefur gengið óvenju vel að undanförmum.

Sjá síðu 8



DROTTNING HUGAR AÐ SJÚKLINGI Elisabet drottning kom í heimsókn á Royal London sjúkrahúsið í Lundúnum í gær og heilsaði upp á sjúklinga sem særðust í hryðjuverkaárásunum á fimmtudag. Drottningin seest hér ræða við Bruce Lait, 32 ára dansara, sem særðist þegar sprengja sprakk í lest, sem hann var farþegi í, á leið milli Aldgate og Liverpool stöðvanna.

Hreinsunarstarf er hafið og borgarlífið í Lundúnum að færast í samt lag:

Minnst fimmtíu létust í árásunum

LUNDÚNIR, AP Tala látinna eftir sprengjuárásirnar í Lundúnum á fimmtudagsmorgun var í gærkvöld komin í 49, að sögn lögreglu ytra og ljóst að hún ætti enn eftir að hækka. 22 voru enn sagðir í lífshættu og ekki er vitað um afdrif fjölda fólks. Ekki liggja þó fyrir upplýsingar um nákvæmlega hversu margra er saknað. Hinir látnu voru af átta þjóðernum um hlið minnsta.

Sir Ian Blair, yfirmaður Lundúnalögreglunnar, sagði augljóst að hryðjuverkahópur hefði starf-

að í landinu og undirbúið árásirnar. Tímasetningar sprenginganna sýndu að einn maður hefði ekki getað komið öllum sprengjunum fyrir.

Í Lundúnum hófst í gær bataferli borgarinnar. Farþegar sneru aftur í almenningssamgöngu-tækin, bæði neðanjarðarlestir og strætisvagna. Músímar höfðu varann á sér vegna mögulegrar andúðar á þeim eftir árásirnar, en héldu engu að síður föstudagsbænis sínar. Í skemmtanáhrferum borgarinnar hófust aftur sýn-

ingar þar sem þeim hafði verið aflýst.

Umferðarlögreglan, sem hefur umsjá með neðanjarðarlestunum, sagði enn unnið að því í gær að hreinsa burt brak lestar nærri Russell þar sem að minnsta kosti 21 lét lífið. „Björgunarlið er komið á staðinn og þar hafa sést fleiri látnir, en tekið gæti nokkra daga að ná þeim,“ sagði Andy Trotter aðstoðaryfirlögregluþjónn. Mörg lestartöngin eru yfir 30 metra djúp og í þeim er krökkt af rottum.

- Óká/ Sjá síður 4, 6 og 12

Frjáls íbúðalán 4,15% verðtryggðir vextir

FRJÁLSI



SPURNING DAGSINS

Guðmundur, er netið ekki bara bóla?

Nei, netið er framtíðin.

Orkuveitan ætlar að ljósleiðaravæða öll heimili borgarinnar á næstu sex árum. Guðmundur Pórðsson er forstjóri Orkuveitunnar.



UMFERÐAREFTIRLIT Töfl lögregluþjónar á vegum ríkislögreglustjóra sinna nú hertu umferðareftirliti á þjóðvegum landsins.

Hert umferðareftirlit:

Færri kærur í þessari viku

UMFERÐ Færri ökumenn hafa verið kærðir fyrir af hraðan akstur í annari viku umferðaráttaks sem Ríkislögreglustjóri og Umferðarstofa standa fyrir en í þeirri fyrstu. Átakið hófst 28. júní og felst í hertu umferðareftirliti á þjóðvegum landsins.

Tæplega 250 ökumenn voru kærðir vegna hraðaksturs í fyrstu vikunni en færri það sem af þessari viku að sögn Jóns Bjartmarz,

yfir lögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóra. Átakið stendur fram í október og er markmið þess að fækka slysum á þjóðvegum landsins. - ht

Félag Íslenskra bifreiðaeigenda:

Stjórnvöld lækki álögur

NEYTENDUR Forsvarsmenn Félags Íslenskra bifreiðaeigenda hafa skorad á íslensk stjórnvöld að lækka álögur sínar á eldsneyti og koma með því móti til móts við almenning í landinu.

Segja þeir að miðað við núverandi stöðu mála stefni í að tekjur ríkisvaldsins af virðisaukaskatti af eldsneytissölu nemi 500 milljónum króna og eðlilegt sé að ríkið noti síhækkandi heimsmarkaðsverð sér ekki að féþúfu. Gagnrýna þeir enn fremur skattlagningu á eldsneyti en þar sé um tvísköttun að ræða sem þurfi að leiðrétta sem fyrst. - aðe

Greiðir börnum sínum og fyrrverandi tengdaforeldrum skaðabætur:

Níu ára fangelsi fyrir að myrða konu sína

DÓMSTÓLAR Magnús Einarsson var dæmdur í níu ára fangelsi fyrir að kyrkja Sæunni Pálsdóttur, eiginkonu sína, með þvottasúru í íbúð þeirra í Kópavogi í byrjun nóvember í fyrra. Gæsluvarðhald frá 1. nóvember kemur til frádráttar refsingunni.

Dómur var upp kveðinn í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Magnús játaði að hafa orðið konu sinni að bana en sagði það ekki hafa verið ásetning sinn. Dómurinn gerði Magnúsi einnig að greiða börnum sínum tveimur skaðabætur, dóttur sinni tæpar 5,3 milljónir króna og syni sínum tæpar 6 milljónir króna. Er þar

bæði horft til missis framfær- enda, auk miskabóta. Þá var honum gert að greiða foreldrum eiginkonu sinnar skaðabætur, eina milljón króna hvoru, auk málskostnaðar, rúmar 2,3 milljónir króna.

Dómurinn segir ákomur á líki Sæunnar, ummerki í íbúð og framburð nágrannakonu benda til að átök hafi átt sér stað skömmu fyrir dauða hennar. Tekið er fram að Magnús hafi verið reður, afbrýðisamur og niðurlægður og „ekki fari á milli mála að hann hafi verið í andlegu ójafnvægi og ráðvilltur um rædda nótt“. Er það virt honum

til refsilækkunar en til refsilækkunar að hann brást ekki strax við er honum rann reiðin og hringdi á neyðarástoð þegar hann fann þá lífsmark með Sæunni. Þá afmáði hann verksummerki.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞEYR

- óka

MAGNÚS EINARSSON Ósannað er talið að Magnús hafi haft fyrirfram mótaðan ásetning um að bana konu sinni og talið að um skyndiásetning hafi verið að ræða. Þegar verknáðurinn var framin lágu börn þeirra, fjögurra ára stúlka og ársгамall drengur, sofandi í íbúðinni. Myndin var tekin í Héraðsdómi Reykjaness í apríl.

Austurbær seldur og verður gerður upp

Austurbær við Snorrabraut í Reykjavík hefur skipt um eigendur. Til stendur að gera húsið upp jafnt að utan sem innan. Í húsinu verður áfram menningar- og tónleikastaður. Borgin hugleiðir breytt skipulag til að leysa bílastæðavanda við húsið.

SKIPULAGSMÁL Fjárfestinga- og framkvæmdafélagið Nýsír hefur fest kaup á Austurbær, húsinu sem áður var þekkt sem Austurbæjarbíó og síðar Bíóborgin. Félagið ætlar að reka húsið áfram sem menningar- og tónlistarhús.

Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsirs, segir að skrifað hafi verið undir kaupsamning í hádegjunni í gær, en félagið keypti af verktafayrirtækinu Húsbyggji ehf., sem sameinaðist nýverið AHÁ-byggingum, sem hafði keypt húsið og sóst eftir leyfi til að rífa það. Sú umleitan vakti upp mót- mæli og á endanum fékkst ekki slíkt leyfi hjá borginni.

„Við ætlum að gera húsið upp og leigja það svo út líkt og við gerum víðar

við fasteignir,“ segir Sigfús og gerði ráð fyrir að svipaður rekstur yrði í húsinu og verið hvernig. „Við leigjum húsið í stök verkefni, hvort sem það verður til tónlistarmanna, leikhópa eða annað.“ Hvorki verður þó lagt út í rekstur skemmtistaðs né kvikmyndahúss. „Næstur er söngleikurinn Anný, svo er Ávaxtakarfan og hvað þetta heitir allt saman. Eftirspurnin er nóg,“ segir hann.

Kaupverð fæst ekki uppgæfið, en nú segir Sigfús að lagst verði yfir að meta hversu umfangsmikill endurbætur þurfi á húsinu. „Það þarf allavega að fríska þetta upp aðeins og mála í skemmtilegru litum,“ segir hann og gerir einnig ráð fyrir töluverðum endurbótum á húsmunum. „Við leggjumst yfir það með okkar mönnum að meta hvað þetta kostar,



DAGUR B. EGGERTSSON

hvað við treystum okkur í miklu og hvað borgarar sig að gera.“ Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir fregnirnar af sölnu mjög ánægju- legar. „Ráðagerðir nýrra eigenda falla út af fyrir sig mjög vel að okkar hugmyndum um svæðið í kringum Hlemin. Þar sjáum við á næstu árum sóknarfæri, íbúum gæti fjölgað og úr yrði ungt hverfi með menningarlegt og lifandi yfirbragð,“ segir hann og bætir við að borgin sé tilbúin að skoða hvað til þurfi að koma í skipulagi eða öðru til að húsið nýttist sem alhliða menningarhús. „Slíkar hugmyndir yrðu skoðaðar í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.“

oikr@frettabladid.is



AUSTURBÆR VIÐ SNORRABRAUT Framtíð Austurbæjarbíós réðst um hádegisbilið í gær þegar fjárfestingarfélagið Nýsír festi kaup á húsinu. Þar verður áfram rekin menningarstarfsemi og ætlað félagið að gera sögufrægu bygginguna upp.



HERPOTA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Umferð farþegaflugvéla hefur aukist og Bandaríkjamenn krefjast þess að Íslendingar taki aukinn þátt í rekstri vallarins.

Varnarsamningur:

Tekist á um kostnað

VARNAVIÐRÆÐUR Árangur af viðræðum um framtíð varnarsamningsins varð minni en íslensk stjórnvöld væntu. Akveðið er að næsti fundur verði hér á landi í september.

Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir ekkert upplýst efnislega um gang vioræðanna, en meginefni þeirra var skipting rekstrarkostnaðar Keflavíkurflugvallar.

James Irving Gadsden, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sagði í samtali við Fréttablaðið í byrjun vikunnar að Bandaríkjamenn telji að Íslendingar eigi að axla meiri byrðar við reksturinn. Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur sagt að ekki sé óeðlilegt að Íslendingar horfi til þess að taka nokkurn þátt í þeim kostnaði sem nú falli til vegna þess að hlutur almenns flugs gagnvart herflugi hafi breyst. - jh

HEIMSSÝNINGIN

VIÐSTÖÐ OPNUNINA Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Sigurjóna Sigurðardóttir, eiginkona hans, verða viðstödd opnun íslenska skálan á Heimssýningunni, EXPO 2005, í Japan í næstu viku. Forsætisráðherra mun einnig meðan á dvöl hans stendur eiga fundi með Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, og Akhito keisara.

Átak G8 til að berjast gegn fátækt:

Fimmtíu milljarðar dala í aðstoð

SKOTLAND, AP Leiðtogar átta helstu iönríkja heims lofuðu í gær að styrkja ríki Afríku um fimmtíu milljarða Bandaríkjadala, sem samsvarar 3.300 milljónum íslenskra króna. Einnig var ákveðið að styrkja stjórnvöld í Palestínu um þrjú milljarða dala, eða um 200 milljarða íslenskra króna.

Þessi styrkur er hluti af nýrri stefnu helstu iönríkjanna í þróunarástoð sem felur einnig í sér niðurfellingu skulda fátækustu ríkjanna, áform um nýtt samkomulag í viðskiptamálum og aðgang fyrir alla að lyfjum gegn alnæmi. Tony Blair kynnti þessa ákvörðun í Skotlandi í gær með leiðtoga hinna G8 ríkjanna sér við hlíð.

Leiðtogar annarra G8 ríkja virðast hafa látið undan þrýstingi Bandaríkjamanna í loftslagsmálum. Á fundinum var samþykkt yf-



HÖPMYND AF ÞJÓÐARLEIÐTÖGUM Leiðtogar G8- ríkjanna ásamt fleiri fundargestum að loknum fundi í gær.

irlýsing um loftslagsmál en í henni kom ekkert fram um aðgerðir, markmið eða tímamörk í

tengslum við minnkun gróðurhúsalofttegunda.

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

Baðinnrétting



spiegill
fylgir

Baðinnrétting 45 sm

Með handlaug og spegli
1001510

18.900



16.990

Garðbekkur - róla

3899095



Útimálning, 10 ltr.

Akrýlbundin plastmálning á stein
utanhúss.

Verð áður 8.995
4.990



295

Regnslá, PVC

Fyrir fulloröna og börn
5868633/38/40



1.995

Gúmmístígvél

5861547-55



Gúmmískór

Bleikir/bláir. Rósöttir
5869582-89/5898592-98

Verð áður 1.495
995



995

Regnsett

Rautt XS-XL og
grænt S-XXL
5868574-78/5868605-09



Vind-/regnsett

Fyrir dömur, herra og
börn. Margir litir

4.995



1.995

Ekkert mál



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 08.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,90	66,22
Sterlingspund GBP	114,37	114,93
Evra EUR	78,45	78,89
Dönsk króna DKK	10,52	10,59
Norsk króna NOK	9,96	10,01
Svænsk króna SEK	8,33	8,38
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR	XDR 94,98	95,54

Gengisvísitala krónunnar

110,4653 +0,30%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisþjónustan hafði uppi á 150 manns:

Allir Íslendingarnir komnir í leitirnar

HRYÐJUVERK Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins í Lundúnum hafa gengið úr skugga um að enginn Íslendingur var á meðal fórnarlamba tilræðanna í fyrradag.

Um leið og fregnir bárust af árásum í Lundúnum hófst utanríkisráðuneytið handa við að koma upp upplýsingalínu fyrir þá sem ötuðust um vini og ættingja. Alls þurfti að ná í 150 Íslendinga á Lundúnasvæðinu og höfðu ráðuneytið og sendiráðið samvinnu um það. Meðal annars heimsótti sendiráðspresturinn, sr. Sigurður Arnarson, sjúkrahús borgarinnar og athugaði hvort þar væri nokkra Íslendinga að finna. Um



FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN GUÐMARSSON

hádegisleytið í gær var svo búið að hafa uppi á öllu þessu fólki.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í Lundúnum, er ánægður með hversu vel gekk að finna allt þetta fólk. Hann segir að aðgerðaáætlunin sem var

búin til þegar flóðbylgjan reið yfir Indlandshaf hafi komið sér vel. „Það er nauðsynlegt að búa við svona gott skipulag því það er ekki útilokað að svona muni eigi sér stað aftur. Allir geta hjálpað sér og öllum öðrum með því að



SENDIHERRANN ER SÁTTUR Sverrir Haukur Gunnlaugsson telur að vel hafi gengið að ná til þeirra sem ekki létu vita af sér eftir sprengingarnar.

láta sína nánustu vita strax þegar atburður eins og þessi á sér stað.“

- shg

Fjölmiðlar ósáttir:

Frakkar fyrri með dánartölu

HRYÐJUVERKAÁRÁSIRNAR Vegna tregðu enskra stjórnvalda til að gefa upp dánartölur greindu franskir fjölmiðlar á undan þeim bresku frá því að fjöldi látinna væri yfir fimmtíu. Þeir fengu upplýsingarnar frá frönskum ráðherrum.

Þá er vitað um eitt atvik í fyrradag þar sem almannatengslaskrifstofa stjórnvalda fór fram á það að fréttaborði í sjónvarpsfréttabætti, sem sagði í það minnsta tuttugu hafa látist, yrði fjarlægður af skjánum.

- grs

Myndavélar í Lundúnum:

Taldar hjálpa rannsókninni

LUNDÚNIR. AP Talið er að fjöldi öryggismyndavéla í Lundúnum auki líkurnar á því að upp komist hverjir stóðu að hryðjuverkaárásunum. Um 1.800 myndavélar eru á lestarstöðvum í borginni og yfir 6.000 fylgjast með neðanjarðar-lestarkerfinu. Lögreglan hefur áður notað myndir úr vélunum með góðum árangri við rannsóknir mála.

- grs

Farþegi í rútunni:

Taldi sig sjá sprengjumann

HRYÐJUVERKAÁRÁSIRNAR Farþegar í strætisvagni sem var sprengdur telja sig hafa séð árásmann um borð í honum. Eitt vitni segir að maðurinn hafi virst stressaður og sifflit fitlað við eitthvað í bakpokanum sínum. Annað vitni, sem hjúkraði tveimur stúlkum á vettvangi eftir sprengingarnar, hefur eftir þeim að maður í námunda við þær hafi sprengt sig í loft upp.

Lífið í London heldur áfram

Rúmum sólarhring eftir að sprengjuárásirnar dundu yfir Lundúnir var lífið í borginni smátt og smátt farið að færast í sitt fyrra horf. Svipaða sögu er að segja um sumarfrí íslenskrar fjölskyldu sem Sveinn Guðmarsson hitti á Leicester Square.

HRYÐJUVERK Það var sérkennileg tilfinning að koma til Lundúna í gær, borgarinnar sem alltaf er iðandi af lífi og fjöri. Þrátt fyrir að allt hafi á yfirborðinu virst með sama haetti og venjulega var samt greinilegt að fólk hafði um annað að hugsa en amstur hversdagsins.



SVEINN GUÐMARSSON SKRIFAR FRÁ LONDON

Samgöngur voru komnar í sitt venjubundna form, allar neðanjarðarlestir voru í notkun nema auðvitað þær leiðir þar sem hryðjuverkamennirnir höfðu látið til skarar skrjóða. Skiljanlega kusu flestir sér þó annan fararmáta. Þeir sem á annað borð hættu sér upp í lestirnar sátu hljóðir, lásu fréttirnar af áfergju eða hvísluðust á í hálfum hljóðum.



SÉRKENNINGLEGT SUMARFRÍ Helgi Hilmarsson, Brynja, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Heiður Anna og Stígur.



AUÐUR BRAUTARPALLUR Yfirleitt er Oxford Circus stöðin iðandi af lífi. Í gærmorgun var hins vegar varla sála þar á ferli.

„Í fyrradag voru allir svo glöðir út af Ólympíuleikunum en í

gær hvarf hamingjan eins og dökk fyrir sólu.“ sagði maður við mig af ítölskum ættum sem hafði búið í Lundúnum í 45 ár. „Írski lýðveldisherinn varaði að minnsta kosti alltaf við sprengingum sínum.“ bætti hann við með hvassri röddu.

Á annarri brautarstöð beið táningspiltur eftir lest. Kvaðst hafa verið sofandi þegar sprengingarnar lustu borgina og sagðist kippa sér lítið upp við þær eins og unglina er gjarnan háttur. Á bak við glettíð augnaróði mátti sjá eitthvað sem líkistis ótta eða óöryggi. Sennilega hvort tveggja.

Fyrsti dagur sumarleyfis Helga Hilmarssonar og Hrafnhildar Ragnarsdóttur og barna þeirra hófst með sprengingu

fyrir utan hótélgluggann þeirra úr Tavistock Square. „Við litum út og höldum fyrst að vinnupallar hefðu hrunið, strætisvagninn var svo illa leikinn að við áttuðum okkur ekki á hvað þetta eiginlega var.“ segir Stígur, sonur þeirra.

Síðan þetta gerðist hefur fjölskyldan varla mátt koma aftur inn á hótelið því að svæðið er girt af. Helgi segir ekki vist hvort þau komist inn aftur fyrir en undir nóttina.


Fjölskyldunni ber saman um að andrúmsloftið í borginni sé annað og betra nú en á fimmtudaginn. „Þá hvarflaði að okkur hreinlega að pakka saman og fara, sérstaklega þegar ég horfði á dætur mínar svona óttaslegnar.“ segir Hrafnhildur. ■

VEÐRIÐ Í DAG


HALLORMSSTAÐASKÖGUR LOFAR GÖÐU

Hvað er skemmtilegra en að sleikja sólna á fallegum stað í ferðalag? Eta harófsk og grillia í kvöldsólinni. Horfa svo til himins að kveldi og spá í hve gott sé nú að vera með fjölskyldunni í faðmi náttúrunnar. Þetta er lífið!!! Og það sem meira er, svona gæsti veðrið orðið í dag á Hallormsstað. Það er nefnilega dælitíð vindasamt þessa helgina og gott að slá upp tjaldborg í skjóli trjáa. Sólríkast verður norðaustan og austan til og hlýtt í skjólinu!!!


Um hádegi



Á morgun



Mánudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	23°C skýjað	Paris	23°C hálfskýjað	Alicante	28°C heiðskirt
Oslo	31°C heiðskirt	Berlin	24°C heiðskirt	Milano	23°C hálfskýjað
Stokkhólmur	30°C heiðskirt	Frankfurt	24°C heiðskirt	New York	26°C skýjað
Helsinki	22°C heiðskirt	Madrid	34°C heiðskirt	San Francisco	19°C heiðskirt
London	21°C léttskýjað	Barcelona	27°C heiðskirt	Orlando/Florida	33°C skúrr

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitalitir sýna hæstu hitagildi.

ÓB Snorrabraut

- alltaf opið

ÓB
ódyrt bensín

- alltaf í leiðinni

Kveðja,
Sigurður
Ragnarsson,
veðurfræðingur

Vaxtalaus verðsprengja

í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

Hágæða örpunn sjónvarpstæki

United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 640 cd/m2
- Progressive scan
- 2x10w nican stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
9.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð nú 199.980,-
Verð áður 249.990,-

United 30" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 30" 16:9 LCD skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA)
- 600:1 skerpa og comb filter
- Sjónsvið: 170°
- 10w nican stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 6 breiðtjaldsstillingar: 4:3, zoom 14:9, zoom 16:9, zoom texti, super zoom og widescreen
- 2 scart, SVHS og heymartölstengi
- 124 síðna textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 87,5x50x10,5



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
7.499 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð nú 149.980,-
Verð áður 199.990,-

United 20" LCD Sjónvarp með móttakara

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið: 160°
- 12 og 220V
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- Inngangar: 2 scart með RGB, AV og SVHS
- Útgangar: 2 scart, og heymartölstengi
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
4.999 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.988,-
Verð áður 89.990,-



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
9.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 199.980,-

Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósmyndari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 500:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustigi: 450 cd/m2 • 2 x 30w nican stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereó inn og út • Heymartöls, SVHS og AV tengi
- Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
8.332 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa: 600:1
- Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heymartölstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Tengjast hryðjuverkin í London þáttöku Breta í Íraksstríðinu? Niðurstöður gærdagsins á **visir.is**

Já	82,1%
Nei	17,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér hvalkjöt gott?

Fáru inn á fréttahluta vísir og seðu þína skoðun



Hótanir hryðjuverkasamtaka í garð Ítala og Dana:

Danir óttast árásir á Kaupmannahöfn

HRYÐJUVERK Danskir hryðjuverkasérfræðingar fullyrða að ekki sé lengur spurning hvort Danmörk verði fyrir barðinu á hryðjuverkaársum heldur hvenær. Þeir mæla sterklega með því að gerðar verði ítrustu varúðarráðstafanir til að tryggja að landið verði í stakk búið þegar ósköpin dýnja yfir.

Á íslömsku vefsíðunni þar sem al-Kaida liðar lýstu ábyrgðinni á hryðjuverkunum í London á hendur sér var fullyrt að Danir, Ítalir og aðrar þjóðir sem tekið hafa þátt í stríðunum í Afganistan og Írak mættu búast við að röðin kæmi að þeim. Danir sjá margar hlíðstæður með stöðu sinni og stöðu Breta enda hefur ríkisstjórn Anders Fogh

Rasmussen staðið þétt við bakíð á George Bush Bandaríkjaforseta og sent herlið bæði til Afganistan og Írak.

Hins vegar hafa ekki verið gerðar viðlíka ráðstafanir í Danmörku og í Bretlandi þar sem búið var að æfa viðbrögð við hugsanlegum hryðjuverkaársum sem gerðu yfirvöldum þar kleift að bregðast skjótt og örugglega við á fimmtudagsmorgun þegar sprengrunnar fjórar sprangu.

SPRENGJUSÉRFRÆÐINGUR Á NÖRREPORT

Grunsamlegur poki fannst á Nörreport-lestarstöðinni í gær. Óttast var að sprengja væri í pokanum og voru sprengjuleitarsérfræðingar kallaðir til. Sem betur fer reyndist sá ótti ástæðulaus.



Evrópusambandið:

Öryggi rætt eftir árásir

BRUSSEL, AP Charles Clarke, innanríkisráðherra Breta, stýrir viðbragðsfundi dóms- og innanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna á miðvikudaginn í næstu viku.

Meta á öryggisviðbrögð Evrópusambandsins eftir árásirnar í Lundúnum á fimmtudag, að því er fram kemur í tilkynningu breskra stjórnvalda í gær, en Bretar fara með forseti í sambandinu.

Talið er líklegt að áhersla verði lögð á að efla aðgerðir sambandsins gegn hryðjuverkum, auk frekari samþæfingar tengdri upplýsingaöflun og hvernig ríkin deila með sér upplýsingum til að koma í veg fyrir frekari árásir.



HEIMSÆKIR SÆRÐA Karl Bretaprins heimssótti særaða á St. Mary's sjúkrahúsinu í London í gær ásamt Camillu Parker Bowles.

Krónprins Breta:

Hrósar þrautseigju Breta

LONDON, AP Karl Bretaprins hrósaði í gær þrautseigju bresku þjóðarinnar í kjölfar hryðjuverkaárásanna. Hann heimssótti St. Mary's sjúkrahúsið í London ásamt konu sinni, Camillu Parker Bowles, en sjúkrahúsið er einmitt skammt frá neðanjarðarlestarstöð þar sem ein af sprengjunum sprakk í fyrradag.

Þá sagði hann einnig að Bretar hefðu sýnt öðrum þjóðum frábært fordæmi um hvernig ætti að bregðast við hörmungum af þessum toga.

Áfallahjálpi á netinu:

Mikið bloggð eftir árásirnar

SPRENGJUÁRÁSIRNAR Fjöldamargir virðast hafa leitað á nánir bloggins eftir árásirnar í Lundúnum. Þeir sem voru í nánd við árásirnar hafa skrifað um reynslu sína og birt myndir teknar með GSM-símum á vettvangi.

Þá var einnig mikið um færslur þar sem viðkomandi bloggari lét einfaldlega vita að í lagi væri með sig.


Fjöldamargir virðast einnig hafa sótt í að lesa frásagnir á bloggum, en af tíu algengustu leituunum á bloggleitavélinni Technorati.com í gær voru átta sem tengdust hryðjuverkaárásunum.

Þögnin grúfir yfir torginu

Tavistock Square í Lundúnum er lokað fyrir allri óviðkomandi umferð eftir að strætisvagn var sprengdur þar í loft upp í fyrradag. Kona sem býr við torgið og varð vitni að atburðinum segist í viðtali við Fréttablaðið alls ekki ætla að láta hryðjuverkamenn hafa áhrif á það hvernig hún lifir lífi sínu.

HRYÐJUVERK Sorgin liggur í loftinu á götunum sem liggja að Tavistock Square og hún verður greinilegri eftir því sem nær dregur. Í það minnsta þrettán manns biðu bana þegar strætisvagn sem þeir voru í sprakk í loft upp við torgið og fjölmargir slösudust.

Rúnum sólarhring eftir þennan voðaatburð er svæðið ennþá



Á VETTANGI HRYÐJUVERK Í HÖFUDBORG BRETLANDS

SVEINN GUÐMARSSON SKRIFAR FRÁ LONDON

girt af og lokað þeim sem ekki vinna eða búa á því. Lögreglumenn gæta girðingarinnar enda er staðurinn vettvangur glæps.

Vanalega er ys og þys á þessum slóðum því að University College of London er þarna rétt hjá. Í dag ganga stúdentarnir hins vegar hljóðlega framhjá hver öðrum.

Kona kemur út af bannsvæðinu með barnakerru á undan sér. Hún heitir Susan Woodward og starfar að öllu jöfnu sem blámaður en þessa dagana er hún í mæðraorlofi. „Ég var í íbúðinni minni með dóttur minni þegar við heyrðum mikinn hvell. Við litum báðar hvor á aðra og svo byrjaði síminn að hringja stöðugt og ættingjar að athuga hvort allt væri í lagi. Ég leit þá út um gluggann sá og heyrði að það voru mun fleiri lögreglubílar á ferðinni en vanalega. Ég þaut því út með barnið og varð allt í einu litið á strætisvagninn sem hafði algerlega flest



TAVISTOCK SQUARE Lögregla hleypti engum inn á svæðið nema sá hinn sami ætti áreiðanlega erindi þangað.

í sundur. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir hvað hafði gerst.“

Ólíkt því sem flestir hefðu ef til vill gert í hennar sporum flýtti Susan sér ekki á brott með barnið heldur fylgdist hún með af athygli. „Sem betur fer sá ég ekki sjálf fórnarlömbin. Ég sá hins vegar hversu vel sjúkraflytinga- og slökkviliðsmennirnir stóðu sig. Dóttir mín er hins vegar orðin svo vön ysum herna að hún togaði skerminn á kerrunni bara yfir sig og steinsofnaði. Á meðan ég var að taka viðtöl og

hringja símtöl svaf hún eins og selur.“

Susan er ákveðin í að láta líf sitt hafa sinn vanagang. „Ég ætla alls ekki að láta hryðjuverkamenn hafa áhrif á hvernig ég lifi mínu lífi. Ég er engu að síður mjög döpur yfir þessum hörmulegu atburðum. Að ráðast á fólk sem er fast ofan í neðanjarðarlestum er villimannlega en orð fá lýst. Írski lýðveldisherinn, sama hversu slæmur hann var, hét því alltaf að láta neðanjarðarlestirnar í friði.“

MÆÐGURNAR Susan og Linda Woodward héldu sínu daglega lífi í gær áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Hótanir um hryðjuverk valda ítölum ótta:

Sérstakur viðbúnaður við Vatíkanið og mikilvæga staði

ÍTALÍA, AP Mikill viðbúnaður hefur verið hjá ítölsku lögreglunni í kjölfar hryðjuverkaárásanna í London í fyrradag en leynileg samtök al-Kaida í Evrópu, sem lýstu ábyrgð árásanna á hendur sér, tiltöku Ítalíu og Danmörku sérstaklega sem skotmörk fyrir stuðninginn við innrásir í Írak og Afganistan.

Sérstakur viðbúnaður hefur verið í kringum Vatíkanið, en alls hefur verið fylgst sérstaklega vel með yfir 13.000 stöðum í landinu eftir árásirnar, það eru hernaðarmannvirki, og miðstöðvar almenningssamgangna og fjarskipta. Þá hefur líka verið fylgst sérstaklega vel með keppnis-svæði Vetrarólympíuleikanna



ITALÍR SÝNA BRETMU STUÐNING Mikill viðbúnaður er á Ítalíu eftir árásirnar í Lundúnum.

sem halda á í Turín árið 2006.

Silvjo Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur varað við því að Ítalía kunní að vera í hættu og hefur hvatt þjóðina til árvekni og

varðstöðu. Ítölsk stjórnvöld telja líklegt að Ítalía verði næst í röðinni eftir að árásir hafa verið gerðar á Bandaríkin, Spán og Bretland.

ÓB Snorrabraut - alltaf opið

ÓB Snorrabraut
- alltaf í leiðinni

Ódyrt bensín

Á morgun 10. júlí á milli kl. 14 og 16

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

NYLON
syngur
Grillaðar pylsur og gos

HOPPUKASTALAR
á staðnum
Nammi og blóðrur

BÁRÐUR OG BIRTA
kynna



BENEDIKT BÚALFUR OG DIDI
mæta

Atríði úr söngleiknum **Kabarett**

HILDUR VALA skemmtir

Í tilefni flutnings Frjálsa Fjárfestingarbankans og opunar nýs útibús SPRON í Lágmúla 6, verður haldin fjölskylduhátíð á morgun 10. júlí á milli kl. 14 og 16. Hátíðin fer fram í tjaldi fyrir framan Lágmúla 6.

Komdu og eigðu góða stund með Frjálsa og SPRON.

ALLIR VELKOMNIR

 **spron**


FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN



VEISTU SVARID?

- 1 Hvenær á að vera búð að ljósleðara-væða Reykjavík?
- 2 Hver skoraði af 60 metra ferri gegn KR í fyrirkvöld?
- 3 Vöð hvaða verðlaun er Bob Geldof nú orðaður?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Skýrsluttómali frestað öðru sinni:

Veikur af vösbúð við Kárahnjúka

DÓMSTÓLAR „Minn maður liggur fátækur eftir kulda og vösbúð á Kárahnjúkum,“ sagði Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Ólafs Páls Sigurðssonar, þegar gerð var tilraun til að þingfesta mál á hendur honum fyrir að sprauta grænu skýri á gesti ál-ráðstefnu á hóteli Nordica í Reykjavík um miðjan júní.

Arna Ösp Magnúsdóttir sætir einnig ákæru fyrir sama glæp, en hún er enn stödd austur á Héraði í mótmælatjaldi við Kárahnjúka. „Þótt hún sé á leiðinni í bænin er það of seint,“ sagði Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari í Reykja-



HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Paul Geofrey Gill jataði greiðlega allar sakargiftir þegar réttávar yrft honum vegna skýrsluttúrásar á ráðstefnugesti á Nordica um miðjan síðasta mánuð. Þingfestingu máls á hendur veimur félögum hans hefur verið frestað til hausts.

vík og frestaði þingfestingu málsins fram í byrjun septem-ber.

Þriðji maðurinn sem sömu ákæru sætti, Bretinn Paul Geofrey Gill, var í byrjun mánaðarins dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, en skaðabótakröfum upp á tæpar 2,9 milljónir króna var vísað frá. Í ákæru er tjónið sem skýrsluttúrnar ollu metið á tæpar 2,3 milljónir króna. Meðal annars eyðilagðist IBM Thinkpad T41 fartölva, AG Neovo 17 tommu tölvuskjúr, IBM Thinkvision snertiskjúr, þrjár hljóðnemar og stórt sýningartjald. - óka

Fullur og æstur á balli:

Dæmdur fyrir flöskubrot

DÓMSTÓLAR Maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að berja annan í höfuðið með flösku fyrir utan Félagsheimili Húsavíkur.

Árásin átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 6. júní í fyrra. Flaskan brotnaði og skarst sá nokkuð sem fyrir högginu varð. Árásarmaðurinn var handtekinn á staðnum, fullur og æstur.

Í dómnum segir að hann hafi meðal annars ítrekað reynt að fá félagan sinn til að ráðast á kvenkyns lögregluþjón sem var annar tveggja á vettvangi.

Dómurinn, sem er skilorðsbundinn í tvö ár, var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra. „Telja verður brot ákærða sérstaklega hættulegt,“ segir í dómnum, en maðurinn þarf einnig að greiða fórnarlambi sínu 146.000 krónur í skaðabætur og svo málskostnað upp á rúmlega 281.000 krónur. - óka

HREFNUVEIÐAR

BRÆLA Á MIDUNUM Fjórir hrefnur höfðu verið skotnar í gær á yfirstandandi hvalveiðiver-tili. Ein hrefna var skotin í fyrra- dag en bræla var á miðum í gær og héldu hrefnuveiðibátarnir þrjár sig því í höfn. Að sögn Gísla Víkingssonar hjá Hafrannsóknastofnun hefur enn sem komið er ekki komið til neinna áreksra við hvalaskoðunarmenn.



VESTMANNAEYJAR Íbúðalánasjóður hefur selt níu íbúðir í Eyjum á skömmum tíma.

Íbúðalánasjóður á átján íbúðir í Vestmannaeyjum

Íbúðalánasjóður hefur selt fjölda eigin íbúða á þessu ári og á í dag 64 íbúðir. Sjóðurinn átti 27 íbúðir í Vestmannaeyjum en níu seldust eftir söluáttak. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir ástæðuna betra ástand og bjartsýni í þjóðfélaginu.

FASTEIGNIR Íbúðalánasjóður hefur selt 43 íbúðir það sem af er ári og hefur aldrei átt jafn fáar íbúðir. Í upphafi árs átti sjóðurinn 107 íbúðir en oft hefur fjöldi þeirra legið á bilinu 100-120.

Íbúðalánasjóður eignast íbúðir þegar viðskiptavinir hans geta ekki staðið skil á afborgunum lána um nokkra hríð og er það þrautalending hans að leysa til sín fasteignirnar þar sem veð fyrir lánum um hvíla.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, rekur þessa ágaetu sölu sjóðsins á íbúðum til betra ástands í þjóðfélaginu

og almennrar bjartsýni. „Það er greinilegt að talsverð viðhorfsbreyting hefur orðið í þjóðfélaginu. Atvinnulíf hefur víða eflst og væntingar eru miklar.“

Ljóst er að eitt-hvað hefur selst út á væntingarnar einar saman og nefnir Guðmundur sem dæmi að fyrir fáum mánuðum átti Íbúðalánasjóður níu íbúðir á Siglufirði en þær eru allar seldar. „Ég sé ekki aðra

ÍBÚÐIR Í EIGU ÍBÚÐALÁNASJÓÐS:

Vesturland	4
Vestfirðir	10
Norðurland	14
Austurland	10
Suðurland	18
Höfuðborgarsvæðið	8

ástæðu fyrir þessari góðu sölu en þá að til stendur að grafa jarögöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.“

Að auki nefnir Guðmundur að höfuðborgarsvæðið hafi í raun teygst út um Vestur- og Suðurland og því hafi fylgt aukin spurn eftir húsnæði í þéttbýlinu í þessum heruðum.

Athygli vekur að allar 18 íbúðir sjóðsins á Suðurlandi eru í Vestmannaeyjum. Má af því ráða að ekki gæti þar sömu bjartsýni í efnahagsmálum og víðast á landinu. Guðmundur bendir þó á að íbúðirnar í Eyjum hafi verið 27 en eftir söluáttak seldust níu þeirra.

Að sögn Guðmundar hefur Íbúðalánasjóður fært verð íbúða sinna til þess sem telja má sölvænlegt en gætt sin á að lækka það ekki um of. Slíkt geti skaðað bæði sjóðinn og aðra fasteignaeigendur.

bjorn@frettabladid.is

Flugslýsið í Skerjafirði:

Minnisvarði vígður í ágúst

BORGARMÁL Minnismerki um þá sem fórust í flugslýsnu í Skerjafirði árið 2000 verður vígður vígt 7. ágúst næstkomandi en þá verða liðin fimm ár frá slýsnu.

Aðstandendur þeirra sem létust í slýsnu kosta minnisvarðann en Reykjavíkurborg annast uppsetningu hans.

Fríðrik Þór Guðmundsson, sem fer fyrir hópi aðstandenda, segir að minnisvarðinn annars vegar og hins vegar skýrsla rannsóknarnefndar Sigurðar Línal sem birt verður bráðlega, myndi til samans endalok þessa hörmulega flugslýsamáls. - jse

Hryðjuverki afstýrt:

Fundu mikið af sprengiefni

SREBRENICA, AP Bosnísk lögreglu-yfirvöld hafa skýrt frá því að talsvert magn sprengiefni hafi fundist á minningarreit um fjöldamorðin í Srebrenica en þar fer fjölmenn athöfn fram í næstu viku.

Lögreglunni barst ábending um málið frá friðargæsluliðum Evrópusambandsins sem eru þarna við störf. Svæðið var girt af og fundust um 30 kíló af plastsprengiefni á tveimur stöðum.

Búist er við að 50.000 manns komi saman á reitnum á mánu- dag en um þessar mundir er áratugur síðan sveitir Bosnía-Serba myrtu 8.000 múslima í bænum. Það eru mestu fjöldamorðin í Evrópu síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk. ■

Borgarráð Reykjavíkur:

Sérstök akrein fyrir strætó

SKIPULAGSMÁL Sérstakar akreinar sem eingöngu eru ætlaðar strætis-eyngnum og leigubílum verða teknar í notkun í höfuðborginni um næstu mánaðamót, að sögn Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa R-listans.


Gert er ráð fyrir að þetta gerist samhliða því að nýtt leiðakerfi strætisvagna tekur gildi.

Ekki fékkst uppgefið á hvaða götum þessar akreinar verða né hvernig þær verða auðkenn- ar. - jse



STRÆTÓ Strætisvagnar í Reykjavík fá nú akrein á stöðum þar sem umferð getur verið mikið þegar nýtt leiðakerfi tekur gildi um næstu mánaðamót.

Hann elskar mig, elskar mig ekki ...



Frábært verð! Aðeins 1.290 kr.

Einnig í ánsku

Hér er að finna úrval af ástargöldrum víða að úr Evrópu og skemmtilegar sögur af tilburðum galdramanna við ástargaldra sem fóru ekki eins og til var ætlast. Þegar öll hefðbundin ráð til að heilla hitt kynið bregðast, er freistandi að beita galdri og virkja dulda krafta sér til hjálpar. Hér má sjá hvernig á að rista ástarrúnir, brugga seid úr jurtum eða fara með pulur og særingar.

Útgefandi ábyrgist alls ekki að galdramir virki en ekki heldur að þeir virki ekki!



Fæðingarlæknir og íslenska ríkið:

Greiði foreldrum bætur eftir barnsmissi

DÓMSMÁL Fæðingarlæknir og íslenska ríkið þurfa að greiða foreldrum dregns sem lést fjórum dögum eftir keisaraskurð samtals um 7,6 milljónir króna í skaðabætur. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í gær að stórfellt gáleysi hefði valdið því að eftirliti með hættulegri blæðingu í fylgju var mjög ábótavant.

Framkvæmd var legvatns-ástunga um mánuði fyrir áætlaða fæðingardag barnsins þar sem stungið var í fylgjuæð. Blæðing hafði mikla hættu í för með sér fyrir fóstrið og taldi dómurinn að seint og illa hefði verið brugðist við henni. Þegar ljóst var að fóstrið var í lífsháka og bráða-keisaraskurður var ákveðinn leið einnig of langur tími þar til að



KVENNAEILD Fæðingarlæknir og íslenska ríkið þurfa að greiða foreldrum skaðabætur eftir barnsmissi sem orsakadist af stórfelldu gáleysi.

gerðin var framkvæmd að mati dómsins. Þegar barnið kom í heiminn var það bráðveikt af blæðingalosti og lést fjórum dögum síðar.

Stefndu, fæðingarlæknirinn og íslenska ríkið, voru einnig dæmd til að greiða foreldrunum máls- kostnað sem ákveðinn var 750 þúsund krónur. - ht



BílaNaust opnar á nýjum stað

Við bjóðum ykkur velkomin
í glæsilega verslun
að Bíldshöfða 9

Fjöldmörg
skemmtileg
opnunartilboð í gangi
allt að 60% afsláttur
-Sjón er sögu ríkari



TAKRIL / 1993

Oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur:

Krefst svara um launahækkkanir

BORGARMÁL „Ég vildi einfaldlega fá úr því skorið hvort laun þeirra sem nú eru titlaðir sem sviðstjóra hafi hækkað verulega við stjórnkerfisbreytingarnar þó svo að ábyrgðin eða umsvifin hafi ekki aukist í flestum tilfellum,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Í fyrirsögn sem hann lagði fyrir borgarráð í fyrradag krefst hann svara við þessu.

Salvör Jónsdóttir, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, segir að hjá sér hafi ekkert breyst við stjórnkerfisbreytingarnar, hvorki ábyrgð, umsvif né laun.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans, segir að þótt ekki

liggi fyrir svar við fyrirsögninni sé óhætt að segja að laun einhvers sviðstjóra hafi hækkað enda hafi umsvif og ábyrgð aukist hjá mörgum þeirra við breytingarnar þó þegar. Hann segir enn fremur að þó laun einstakra manna hafi hækkað hafi breytingarnar sjálfar verið hagkvæmar.

Dagur segir að svar liggi væntanlega fyrir á næsta borgarráðsfundinum sem haldinn verður eftir tvær vikur. -jse

VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMMSSON

Hann spyr hvort laun sviðstjóra borgarinnar hafi hækkað við stjórnkerfisbreytingarnar, jafnvel hjá þeim sem tóku ekki á sig aukna ábyrgð og umsvif.



GAMLA FLÓTTALEIBIN GENGIN Höpur Bosniumanna sem lifðu borgarastyrjöldina af í fyrverandi ríkjum Jugoslavíu gekk í gær milli bájjanna Zvornica og Srebrenica eftir sömu leið og flúið var undan herjum Serbiumanna tíu árum fyrr.

Nýjasta breiðþota:

Flýgur lengra en aðrar þotur

FLUG Þota af gerðinni Boeing 777-200 LR Dreamliner lenti á Keflavíkurflugvelli um miðjan dag í gær. Þotan er nýjasta afrek Boeing verksmiðjanna á sviði farþegaþotna og sögð sú langflýgasta sem völ er á. Flugþol hennar er átján klukkustundir án millilendingar.

Flugið hingað til lands er liður í kynningu á þotunni fyrir fjárfestum og framámönnum flugfélaga en henni er nú flogið á milli borga helstu ríkja veraldar.

Boeing segir B777-200 LR verða einu farþegaflugvélar sem geta flogið í beinu flugi á milli nánast hvaða tveggja borga sem er í heiminum.

- bps



LANGFLYGGUR LOFTFLUGL Nýju Boeing-þotunni var flogið yfir Reykjavíkurflugvöll um miðjan dag í gær.

LÖGREGLUFRETTIR

MEÐ KANNABISEFNI Í BÍLNUM Tveir piltar á tvisgaldri voru færðir til yfirheyrslu eftir að fíkniefni fundust í bíl þeirra við hefðbundni eftirlit í Kópavogi í fyrrinótt. Um lítið magn kannabisefna var að ræða og telst málið upplýst að sögn lögreglu.

EFTIRLIT SKILAR ÁRANGRI Sérstakt umferðareftirlit lögreglu og Umferðarstofu virðist skila árangri að sögn lögreglunnar í Borgarnesi. Umferðareftirlit í umdæminu hefur gengið vel og lögregla telur hraðakstur í rénum. Talsverð umferð var norður í land í fyrrakvöld og gekk áfallalaust fyrir sig.

VALT Á HLÍÐINA Í HVASSVIÐRI Engin slys urðu á fólki þegar húsbíll valt á hliðina í miklu hvassviðri í Kolbeinsvík norðan Hólmavíkur í gærmorgun. Talsverðar skemmdir urðu á húsbílnum og ráðleggur lögregla eigendnum stórra bíla eindregið að vera sem minnst á ferli þegar mikið hvesst.

Ósætti um sameiningu heilsugæslustöðvanna

Heilbrigðisráðherra hefur undirritað reglugerð um sameiningu allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Ráðstöfunin mætir eindreginni andstöðu í Hafnarfirði og Garðabæ.

HEILSUGÆSLA Fjölskylduráð Hafnarfjarðar mótmælir nýrri reglugerð sem Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur undirritað, en hún miðar að sameiningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarfulltrúi og formaður fjölskylduráðsins, segir að bæjarstjórnin öll sé einhuga í andstöðu sinni við þessi áform. „Heilbrigðisráðherra hefur ekkert talað við okkur. Hann hefur sjálfur sagst stefna að því að sveitarfélögin taki við heilsugæslunni. Ríkisstjórnin fylgir einnig þeirri stefnu. Við öskuðum eftir að fá að taka við þessum málaflökki til reynslu líkt og gert hefur verið með þjónustusamningum á Hornafirði og á Akureyri. Því var hafnað snarlega,“ segir Guðmundur.

Reglugerðin sem heilbrigðisráðherra hefur undirritað tekur gildi um næstu áramót. „Áður en reglugerðin var undirrituð átti ég fundi með starfsfólki og fulltrúum heilsugæslustöðvanna í Garðabæ og Hafnarfirði og skýrði út hvað við hefðum í huga,“ segir Jón Kristjánsson. „Þetta mun ekki hafa í för með sér neina skerðingu á þjónustu nema siður sé, því ráðgert er að opna nýja heilsugæslustöð í Hafnarfirði á þessu ári. Það verður auðveldara að taka á ýmsum sameiginlegum málum en það er ekki ætlunin að leggja niður neina þjónustu sem veitt er,“ segir Jón.

Guðmundur Rúnar Árnason segir að heilsugæslan sé dæmigert nærþjónusta þar sem taka



HEILSUGÆSLUSTÖÐVARNAR SAMEINADAR Á ÖLLU HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur ályktað gegn sameiningunni.

ætti ákvarðanir sem næst þeim sem eiga að njóta hennar. „Það er augljóslega verið að færa ákvarðanatökuna fjær íbúnum. Ætli menn svo að færa heilsugæsluna til sveitarfélaganna, eins og stefnt er að, er augljóst að hér er verið að stiga skref í þverfuga átt og gera málin erfiðari viðfangs en nauðsynlegt er,“ segir Guðmundur.

Jón Kristjánsson segir of mikið gert úr þessu atríði. „Heilsu-

gæslustöðvarnar hafa haft svigrúm til þess að sérhæfa þjónustu sína þótt yfirstjórn hafi verið sameiginleg.“

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Hafnarfjarðar, starfsfólk heilsugæslunnar á Sólvangi og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru meðal þeirra sem mótmælt hafa fyrirhugaðri sameiningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

johannah@frettabladid.is

Deilurnar í Garðasókn í Garðabæ:

Undirskriftasöfnun fyrir prestinn

DEILUMÁL „Við beindum því til ráðherra að hann tæki ekki ákvörðun um mögulega embættistilfærslu Hans Markúsar fyrr en aðalsafn- aðarfundur hefur verið haldinn,“ segir Bjarnís Lárusdóttir, einn stuðningsmanna séra Hans Markúsar Hafsteinssonar, sóknarprestis í Garðabæ, en hún ásamt fleiri stuðningsmönnum héldu fund með Birni Bjarnasyni kirkjumálaráðherra í vikunni.

Áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar hefur úrskurðað að Hans Markús verði færður til í starfi en presturinn ætlar ekki að una þeim úrskurði og telur þjóðkirkjuna ekki hafa vald til að færa sig til.

„Við förum fram á að aðalsafn- aðarfundur verði haldinn sem fyrst enda er venjan sú að halda hann í mars. Það er eðlilegt að hann verði haldinn áður en ráð-



HANS MARKÚS HAFSTEINSSON Situr sem fastast.

herra tekur einhverja ákvörðun í þessu máli. Það er ljóst að mikill stuðningur er við Hans Markús því fólk hefur skrifað undir

stuðningsyfirlýsingu við hann og við höfum staðið fyrir slíkum undirskriftum. Allt endar þetta vonandi vel,“ segir Bjarnís. - hb

Sjaldséð dýr í Arnarfirði:

Rostungur og hnísur sáust

SIÁVARLÍE Hnísan er aftur farin að láta sjá sig í Arnarfirði að sögn Jóns Páls Jakobssonar sjómanns á Bíldudal. Fyrir tveimur áratugum kom hnísuhópur inn í Bíldudalsvog hvert sumar íbúum bæjarins til mikillar ánægju. Síðan lét hnísan ekkert á sér kræla fyrr en fyrir tveimur árum að hún sást aftur í firðinum.

Einnig hefur nýlega sést til rostungum sem var í mestu makindum skammt frá Hrafnseyri fæðingarstað Jóns Sigurðssonar. Tuttugu ár eru síðan rostungur hefur sést í Arnarfirði.

-jse



KOMIÐ TIL AKUREYRAR Akureyrirgúrin María Aðalsteinsdóttir, stjórnarmaður í Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna, og sonur hennar Aðalbjörn fóru fyrir hjólreiðaköppnum frá botni Eyjafjarðar.

Hringferð Eggerts:

Vindbarinn en óbugaður

FIÁRSÖFNUN Eggert Skúlason, sem hjólar nú hringinn í kringum landið til styrktar Landssamtökum hjartasjúklinga, kom sæll og glaður til Akureyrar síðdegis í gær. Með í för voru tveir meðreiðarsveinar: Jón Jósep Snaebjörnsson, Jónsi í Svörtum fótum, og Akureyrirgúrin Bjarni Hafþór Helgason.

„Sem fyrr var ég með storminn í fangid í gær, nema upp Víkurskarði. Þar fékk ég vindinn í bakid og það var yndisleg tilfinning. Það virðist engu skipta hvort ég hjóla í austur eða vestr, alltaf er ég í mótvíndi,“ segir Eggert.

Jónsi blés ekki úr nös við komuna til Akureyrar og vildi ólmur hjóla lengra. Bjarni Hafþór var einnig brattur.

- kk

Litháar með amfetamín:

Í varðhaldi til 12. ágúst

LÖGREGLA Hæstiréttur staðfesti á fimmtudag framlengingu gæsluvarðhalds yfir tveimur litháenskum karlmönnum, 55 og 27 ára gömlum, sem reyndu að smygla um fjórum kílóum af amfetamín til landsins með Norrænu 30. júní síðastliðinn.

Héraðsdómur Austurlands varð við beiðni Sýslumannsins á Seyðisfirði um gæsluvarðhald til 1. september, en þann tíma stytta Hæstiréttur til 12. ágúst. Grunur leikur á að hluti efnisins sem Litháarnir reyndu að smygla í Citroen-bifreið sé kókaín. Mennirnir segjast bara hafa verið að flytja bifreið, til og frá landinu, yfir ónefndan aðila.

- óka

Tvö rússnesk herskip:

Í heimsókn um helgina

SKIP Tvö rússnesk herskip, kafbátavarnaskip og olíubrigðaskip, eru væntanleg í vináttuheimsókn hingað til lands um helgina. Kafbátavarnaskipið skýtur við komuna til Reykjavíkur á sunnudag 21 fallbyssuskoti frá borði skipins í virðingarskýni við Ísland.

Æstu embættismenn landsins heimsækja skipið meðan það liggur við festar í Reykjavíkurhöfn auk þess sem það verður opið almenningi. Skipin láta úr Reykjavíkurhöfn á fimmtudag og stefna á Hornstrandir en þar verður rússneskrar skipalestar sem fórst árið 1942 minnst.

- ht

Blásu til veislu



Básúnublásarinn, útsetjarinn, upptökustjórinn og síðast en ekki síst „Jagúarinn“ Samúel J. Samúelsson elskar lambakjöt en hafði þó aldrei dottið í hug sá möguleiki að kljúfa lærið „í herðar niður“. Honum finnst það frábær njung enda hentar það hans fjölskyldustærð mjög vel.

Langskorið lambalæri

(Lambalærið er sagað í tvennt langsum eftir beininu.)

Kryddblanda

1/2 tsk óreganá	1 tsk rósmarín
1/2 tsk salvía	1/2 bolli ólífuolía
1/2 tsk paprikuduft	safi úr hálfri sítrónu
1 tsk sítrónupípar	salt og pípar
1 tsk tíman	

Skysósa

1 lítil dós hrætt ósætt skyr
2 hvítlaugsgeirar, pressaðir
1/2 agúrka, rifin á grófu rifjárn
10 fersk mintublöð, smátt söxuð
1/2 tsk salt

Stráíð salti yfir rifnar agúrkurnar og látið standa í 3–4 mínútur, kreistið rifnu agúrkurnar lítillega og hrærið saman við skyrið ásamt hvítlaug og mintu. Látið sósuna standa í u.þ.b. klst. áður en hún er borin fram.

Biðjið kjötkaupmanninn að skera lambalærið langsum. Blandið öllu þurrkryddinu saman í skál, setjið ólífuolíuna og sítrónusafann saman við og hrærið. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og látið það bíða í 1–2 klst. Setjið á grillið í u.þ.b. 9–10 mínútur á hvorri hlið, snúið því samt nokkrum sinnum svo það brenni ekki. Bragðbætið með salti og pípar. 1/2 lambalæri er tilvalið fyrir 2–3 í mat og einnig er mjög þægilegt að grilla lærið á þennan hátt þó svo að það séu fleiri í mat, það sparar tíma og gefur meiri skorpu.



lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald Íslensku Þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

HRÝÐJUVERK

MANNFALL Í SÍÐUSTU ÁRÁSNUM AL-KAÍDA Á VESTURLÖNDUM



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: SPRENGJURNAR Í LUNDÚNUM

Litlar sprengjur og tímastýrðar

Pó að lögregla vinni enn að rannsókni sprengjutræðanna í Lundúnum er aðferðin farin að taka mynd á sig. Hversu stórar voru sprengjurnar? Breska lögreglan greindi frá því í gær að sprengjurnar sem hryðjuverkamennirnir notuðu hefðu verið fömm kíló að þyngd. Það þýðir að hverri sprengju fyrir sig mátti koma fyrir í bakpoka eða tösku. Það gerir mönnum erfið fyrir að verða varir við sprengjurnar enda fjöldi fólks með bakpoka eða töskur í neðanjarðarlestunum hverju sinni. Hvernig var sprengjunum stjórnað? Þrjár af fjórum sprengjum voru tímastýrðar að sögn The New York Times. Það þýðir að hryðjuverkamennirnir kunna að hafa komið sprengjunum fyrir og forðað sér áður en þær sprungu. Blaðið hefur eftir

breskum rannsóknarlögreglumönnum að sprengjan sem sprakk í strætisvagni hafi líklega sprungið of snemma fyrir mistök. Eru tengsl við Spán? Af þessu virðist sem hryðjuverkamennirnir hafi notað aðferðir sem svipar til þeirra sem notaðar voru í hryðjuverkaárásunum í Madrid 11. mars í fyrra. Þar voru sprengjurnar fjarstýrðar með farsímum, nokkuð sem er ómögulegt í neðanjarðarlestum Lundúna og þar sem tímastílltar sprengjur komu í stað þeirra fjarstýrðu. Tengsl hafa verið milli íslamskra hryðjuverkamanna á Spáni og í Bretlandi og spænskir lögreglumenn héldu til Bretlands til að aðstoða við rannsóknina. Enn er þó ekki vitað til að tengsl séu milli árásanna.



Bretar ósammála um næstu skref

Menn greinin á um hvort rétta leiðin til að bregðast við hryðjuverkaárásunum í Lundúnum sé að heyja áfram stríðið gegn hryðjuverkum eða hvort eina leiðin til friðar sé að ráðast gegn þeirri fátækt og fáfræði, sem er gróðrarstía hryðjuverka.



FRÉTTASKÝRING
HRÝÐJUVERK

ODDUR ÁSTRÁÐSSON
BLAÐAMADUR

Margir hryðjuverkasérfræðingar fullyrða að tímasetning hryðjuverkanna í Lundúnum í gær hafi verið í beinum tengslum við G8-leiðtogafundinn sem haldinn er í Gleneagles í Skotlandi þessa dagana. Fljótlega eftir árásirnar hófust bolleaggingar um hverjir bæru ábyrgð á hryðjuverkunum og hvað þeim gengi til. Fljótlega hafði svo þýska blaðið Der Spiegel upp á arabískri vefsíðu þar sem fullt var að samtök sem kalla sig „Leynisamtök al-Kaída í Evrópu“ hefðu lýst hvíllingum á hendur sér og aðgerðirnar væru hefnd fyrir hlutdeild Breta í innrásunum í Afganistan og Írak.

Líklegt er að kastljós G8-leiðtoga beinist mun meir að svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum en til stóð og hafa stjórn-málaskýrrendur og pistlahöfundar bresku dagblaðanna sumir verið duglegir við að benda leiðtogunum á að ekki er hægt að slást við eld með eldi á meðan aðrir styðja ríkisstjórn Tony's Blair, stríðið í Írak og hertar öryggisráðstafanir. Greinilegt er að ekki eru allir einhuga um það hvaða skref skuli taka næst.

Rót hryðjuverka liggur í fáfræði og fátækt

Robin Cook, pistlahöfundur breska dagblaðsins The Guardian, fulltrúi í blaðinu í gær að ekki væri hægt að sigra í baráttunni gegn hryðjuverkum með hernaðaraðgerðum. Hann snýr orðum forsætisráðherrans Tony's Blair

þannig að þegar Blair sagði að hryðjuverkin væru árásir á lífs-gildi og viðmið vestrænna þjóða vildi Cook benda á að mikilvægast af þessum gildum væri gagnkvæm virðing fyrir náunganum, umburðarlyndi og fordómaleysi gagnvart mismunandi menningar- og kynþáttuþrúna.

Cook segir í grein sinni að leiðtogar G8-ríkjanna hafi tækifærið í hendi sér til að svara hryðjuverkaárásunum á hinn áhrifamesta máta; með því að láta engan bílbug á sér finna í leit að lausnum á fátækt þriðja heims ríkja. Cook fulltrúir að rætur hryðjuverkastarfsemi liggja oftar en ekki í löndum þar sem fátækt er mikil og þar sem bóksafstrú býður falsta tilfinningu fyrir stolti hjá ungum mönnum sem ekki búa að tækifærum til að mennta sig og brjóstast úr sárrí fátækt. Því segir Cook að stríð gegn fátækt sé mun áhrifameiri leið til að berjast gegn hryðjuverkum en hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum.

Cook lýkur svo grein sinni með því að segja að hvað svo sem megi segja til að verja stríðið í Írak sé aldrei hægt að segja að það hafi varið Breta gegn hryðjuverkum í heimalandinu.

Máttu búast við þessu

Robert Fisk, sérfræðingur blaðsins The Independent í málefnum Mið-Austurlanda, tekur heldur þyngra í árinu en Robin Cook og fulltrúir að hryðjuverkin séu hreinar hefndaradgerðir vegna flutunar Breta í Írak. Helstu rök Bush í svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum hafa að sögn Fisk verið að betra sé að sækja hryðjuverkamennina heim en að biða eftir því að þeir kæmu til okkar. Segir hann því að rök Bush og Blair fyrir því að stríð í Írak sé stríð gegn hryðjuverkum hafi



FORSÍÐUR BRESKU BLAÐANNA Í GÆR Mismunandi er hvernig bresku blöðin bregðast við hryðjuverkaárásunum á Lundúnum.

hrunið þegar ráðist var á Lundúnir á fimmtudagsmorgun. Einnig gagnrýnir Fisk bresk lögregluvirvöld fyrir að hafa ekki séð árásirnar fyrir þar sem greinilegt sé að þurft hafi margra mánaða undirbúning og skipulagningu til að framkvæma jafn samhæfðar árásir og dundu á íbúum Lundúna á fimmtudag. Robert Fisk bendir þó ekki á hugsanlegar betri lausnir á hryðjuverkavandnum.

Óvenjulegt ástand kallar á óvenjulegar aðgerðir

Í leiðara breska blaðsins Times er talað um að íbúar Lundúna þurfi að sýna stillingu og sérstakt æðruleysi í kjölfar árásanna. Leiðarahöfundur bendir á að örvinglan og örvæntingafullar aðgerðir til að auka öryggisgæslu væri villuspor. Þó er bent á í leiðaranum að nauðsynlegt gæti talist að herða löggjöf á ákveð-

um sviðum til þess að koma í veg fyrir önnur eins hryðjuverk. Leiðarahöfundur segir að staðfesta bresku þjóðarinnar hafi aldrei verið meiri í stríðinu gegn hryðjuverkum og einmitt eftir árásirnar, og ef tilgangur hryðjuverkamannanna hafi verið að sundra bresku þjóðinni og draga úr staðfestu hennar í baráttunni gegn hryðjuverkum þá hafi það mistekist hrápallega.

oddur@frettabladid.is

Eiga hótanir al-Kaída um frekari hryðjuverk við um Ísland?

Hryðjuverkamenn hafa hótad því að ráðast á fleiri þjóðir sem stutt hafa eða tekið þátt í stríðinu í Írak. Fréttablaðið leitaði til þingmanna allra flokka og spurði hvort Íslendingar ættu að hafa áhyggjur af því að hótanirnar beindust einnig gegn þeim.

Bjarni Benediktsson BEINT AÐ RÍKJUM MEÐ HER Í IRAK

„Ég lit þannig á að þeir hafi með þessum yfirlysingum sínum átt aðallega við þær þjóðir sem haft hafa mestan her-afna í Írak og Afganistan,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Auðvitað er erfið að átta sig á því hvað fyrir þessum liðsmönnum al-Kaída vakir og þessar yfirlysingar eru hótun við okkur Íslendinga í þeim skilningi að verið er að ógna okkar frjálsa og opna lýðræðis-fyrirkomulagi,“ segir Bjarni, sem vill einnig meina að ógnun við vinabjóðir okkar sé í vissum skilningi ógnun við okkur.



Hjálmar Árnason VEGIR ÞEIRRA ERU ÓRANNSAKANLEGR

„Vegir hryðjuverkamanna eru órannsaknlegr,“ segir Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins. „En eins og ég skil þessa hótun þá sýnist mér þeir vera að beina henni að þeim þjóðum sem eru með hermenn í Írak, með það fyrir augum að fá þær þjóðir til að draga hermenn sína til baka. En ég held nú samt að svo sé komið að ferðafrelsi okkar hér á Vesturlöndum hafi verið settar verulegar skorður þar sem við vitum ekki hvar næsta illvirki þeir niðri rauninni má segja að svona illvirki hafi áhrif á okkur öll og því megi taka þessu sem hótun til allra Vesturlanda.“

„Ég fordæmi að sjálfsgöðu illvirki hryðjuverkamanna en segi líka að ef við ætlum að koma á lýðræðis-legra þjóðskipulagi verðum við að Vinstri grænna. „Ég fordæmi að sjálfsgöðu illvirki hryðjuverkamanna en segi líka að ef við ætlum að koma á lýðræðis-legra þjóðskipulagi verðum við að beyta öðrum aðgerðum en Bandaríkjamegn og bandamenn þeirra beita í Írak. Þeir beina reyndar orðum sínum að þeim þjóðum sem eru með hermenn í Írak og Afganistan en að minni viti er það aðeins bitanumur en ekki fjár. Við studdum þetta stríð og erum í meiri hættu fyrir við.“



Kolbrún Halldórsdóttir ERUM EKKI UNDASKILIN

„Já ég held að Íslendingar séu á meðal þeirra sem hótunin beinist gegn vegna þátttöku okkar í fraksstríðinu,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður.

„Ég fordæmi að sjálfsgöðu illvirki hryðjuverkamanna en segi líka að ef við ætlum að koma á lýðræðis-legra þjóðskipulagi verðum við að Vinstri grænna. „Ég fordæmi að sjálfsgöðu illvirki hryðjuverkamanna en segi líka að ef við ætlum að koma á lýðræðis-legra þjóðskipulagi verðum við að beyta öðrum aðgerðum en Bandaríkjamegn og bandamenn þeirra beita í Írak. Þeir beina reyndar orðum sínum að þeim þjóðum sem eru með hermenn í Írak og Afganistan en að minni viti er það aðeins bitanumur en ekki fjár. Við studdum þetta stríð og erum í meiri hættu fyrir við.“



Magnús Þór Hafsteinnsson BEINIST ÞVI MIÐUR LÍKA AÐ OKKUR

„Því miður óttast ég það já,“ segir Magnús Þór Hafsteinnsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, aðspurður hvort hótanir al-Kaída liða beinist að Íslandi.

„Þetta eru afleiðingar þess að menn eru að skrá þjóðina að henni forspurðri á lista yfir þær þjóðir sem stóðu að þessari svivirðilegu og ólöglegu innrás í Írak á sínum tíma. Maður skyldi ætla að styrkjöld sem leitt hefur af sér dráp og llimlestingar á tugþúsundum saklausra borgara vekti upp mikla reiði og hatu í garð þeirra þjóða sem eru ábyrgar. Því miður erum við í þeim hópi, þókk sé Davíð Oddssyni og Halldóri Ásgrímssyni,“ segir Magnús.




Óssur Skarphéðinsson ERFITT AÐ DRAGA ÁLYKTUN

„Það er erfið að draga einhverja ályktun af háttsemi þessara glepasamtaka aðra en þá að þeim er ekkert heilagt,“ segir Óssur Skarphéðinsson, þingmaður

Samfylkingar. „Í þessari hótun beina þeir orðum sínum að þeim sem eru með hermenn í Írak og Afganistan og túlkunartrúð hvort við séum með hermenn í Afganistan. Við erum þó svo vel í sveit sett að öllklegra er að við verðum fyrir svona árás en þó væri það mikil gögga að halda að við getum spilað okkar fríla frá allri hættu á þessum voveflegu tímum.“





Skýr smoothie

SKYRDRYKKUR

KEA-skyr Smoothie er skydrykkur sem byggir á hollustu KEA-skyrs og inniheldur náttúrulegar trefjar og er nánast fitulaus. Hann er ríkur af hágæða myspróteínum og inniheldur fáar hitaeyningar.

KEA-skyr Smoothie er gerður fyrir fólk sem stundar heilbrigðan lífsstíl og er annar um hreysti og gott útlit.



Hágæða prótein
Nánast fitulaus
Náttúrulegar trefjar

FIGURÐ HREYSTI HOLLUSTA



39.900

~~49.900~~

Vnr.50640102

Gasgrill

PHOENIX gasgrill, 3 brennarar, ryðfir hjálmur og hitamælir. Pottjárn í grillgrind og brennurum. Grillflötur 65x49 cm. Álgrind og gler í hliðarborði og undirborði.

FRÁBÆRT
GRILL

*hafðu það
gott
á pallinum*



Vnr.50701096/7

Útiarinn
Útiarinn Veracruz lítill og Tampico stór.

9.900
~~17.990~~



Vnr.50701093/5

Útiarinn

Útiarinn Veracruz líttill & Tampico líttill.

5.900
~~11.990~~



RISATILBOÐ Í VE



Vnr.49804018

Garðstóll

Garðstóll, Ísland Folding.

~~3.930~~
1.990



22.990

Vnr.49804102

Garðborð

Ál garðborð. Stærð: 150x90 cm.

4.690

Vnr.49804100

Garðstóll

Ál garðstóll.



Vnr.0281624/6

Blómaker

~~1.230~~
1.390

Blómaker úr ómeðhöndluðu greni. Stærðir: 300x300x300/380. kr. 1.390 Stærðir: 430x300x300/380. kr. 1.690

6.990

Vnr.49804101

Garðstóll

Ál garðstóll, með stillanlegu baki, samanbrjótanlegur.

25%
afsláttur
ef keypt er borð
& fjórir stólar.



Vnr.42070010/20

Sessur

Sessur 119x46 cm, græn eða blá.

4 SESSUR
Í SETTI



Vnr.42070040-1

Sessur

Fjórar tvílitar sessur í tösku, stærð: 119x46 cm.

Bjóðum upp á grillaðar pylsur & gos í Kaffihorni BYKO Breidd & allir kátir krakkar fá sleikjó og blöðru.

Helgarfjör í

BYKO BREIDD

TAKTU ÞÁTT Í LÉTTRI GETRAUN:

Laufléttur leikur verður í BYKO BREIDD, þar sem þú getur unnið stórglæsilega vinninga

FRÁBÆRIR
VINNINGAR

1. VINNINGUR

Gæða gasgrill og fylgihlutir

PHOENIX, stórt gæða gasgrill, 10 kg gaskútur og grillsett.

2. VINNINGUR

Garðborð og stólar

Ái garðborð og fjórir stillanlegir garðstólar

3. VINNINGUR

Verkfærasett

HANSEATIC stingsög, borðsög og bútsög

4. VINNINGUR

Trampólín

10,4 m trampólín með öryggisneti

5. VINNINGUR

Borvél

BOSCH rafhlöðuvél

6-10. VINNINGUR

Leikföng

Fjarstýrður formúla 1 bíll

Ávaxtakarfan

Helgarfjör í
BYKO Breidd

laugardag
kl. 14:30



Ananasinn, sem leikinn er af Jónsa, og Jarðaberíð úr Ávaxtakörfunni mæta á svæðið og trúðar skemmta börnunum.

RSLUNUM BYKO

Tilboðin gilda í öllum verslunum BYKO um helgina eða á meðan birgðir endast



35%
afsláttur
af Alyssum & Liljum
gróingaeiningum

5.645

8.664

Vnr. 0291356

Gróingaeiningar

ALYSSUM,
stærð: 1500x1788 mm.



Vnr. 0291495

9.900

Hliðarborð 7.490

Hliðarborð úr birki.

hafðu það
gott



Vnr. 0291455

46.040

Hringborð 31.900

Hringborð Ø=1200 H=730.



Vnr. 0291468

7.230

Sandkassi 5.190

Sandkassi með sætum
úr lerkí, 1500x1500 mm.



Vnr. 0291480

Stíklur 449.600

Stíklur, 600x600.



BYGGIR MEÐ ÞÉR

skoðun

SIÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Aukin harka og hervald er ekki svarið við hryðjuverkunum í Lundúnum.

Að heyja stríð fyrir friði

Í kjölfar hryðjuverkanna í Lundúnum ítrekuðu bæði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og George Bush Bandaríkjaforseti að hvergi yrði slakað á í stríðinu gegn hryðjuverkum sem lýst var yfir eftir tilræði al-Kaída í Bandaríkjunum í september 2001.

Þetta eru kunnleg viðbrögð stjórnmalamanna þegar þeir standa andspænis afleiðingum hryðjuverka, en sannleikurinn er sá að hryðjuverk geta breytt stefnu ríkja. Markmið sprengjutilræðisins í Madrid í mars á síðasta ári var að knýja spænsk stjórnvöld til þess að kalla heim herlið sitt frá Írak, og það tókst. Ekki vegna sinnaskipta ríkjandi stjórnarherra heldur vegna þess að spænska þjóðin kaus til valda aðra menn sem vildu herlið Spánar frá Írak.

Margt hefur breyst frá því að þjóðir heimsins tóku höndum saman eftir árásirnar á Manhattan og Washington og lýstu nánast einum rómi yfir samstöðu í baráttunni gegn hryðjuverkum á heimsvísu. Sú ákvörðun Bandaríkjamanna að ráðast inn í Írak með fulltíngi Bretlands og annarra viljugra þjóða, þar á meðal okkar Íslendinga, í trassi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna og mikilvægra bandamanna í Evrópu, riðlaði þeirri góðu samstöðu.

Reyndar er óhætt að segja að innrásin í Írak hafi þvert á móti unnið gegn markmiðum stríðsins gegn hryðjuverkum og gert heiminn mun óöruggur en hann var áður. Burtséð frá því hvað hægt er að segja til að réttlæta þá aðgerð, og þar vegur þyngst að harðstjóranum Saddam Hussein var komið frá völdum, verður ekki fram hjá því lítið að stríðið sem geysar í Írak er olía á atakabál heimsins og elur á óvild og hatri gegn vestrænum ríkjum.

Bandaríkjaforseti hefur óspart réttlætt innrásina í Írak með þeim rökum að með því að berjast gegn hryðjuverkum að heiman minnki líkurnar á því vestrænar þjóðir þurfi að berjast gegn þeim í eigin löndum. Þessa kenningu hafa Bush og stríðshaukar hans kallað „fyrirbyggjandi stríð“ og hluti af því er aðferðir sem hefðu verið taldar óþugsandi fyrir 9. september 2001. Heimildir leyningu til að fylgjast með einstaklingum hafa til dæmis verið stóráuknar en umfram allt hafa bæði Bretland og Bandaríkin lefvt sér að halda meintum hryðjuverkamönnum fongnum án dóms og laga. Í þeim efnum hafa Bandaríkjamenn gengið mun harðar fram með fangabúðum sínum við Guantánamoflóa á Kúbu þar sem mörg hundruð mönnum hefur verið haldið í meira en þrjú ár án þess að ákæru hafi verið gefnar út á hendur þeim. Fangabúðirnar í Guantánamo og fréttir sem hafa borist af meðhöndlun fanga þar eru með þeim brag að auðvelt er að gera sér í hugarlund að þær séu öflugt tæki við nýliðasmöllum þeirra hryðjuverkaafila sem fangabúðunum er einmitt ætlað að beinast gegn.

Ekki er óvarlegt að ætla að afleiðingar hryðjuverkanna í Lundúnum verði þær að valdhafar í Bandaríkjunum og Bretlandi endurskoði aðferðirnar sem þeir hafa beitt í stríðinu gegn hryðjuverkum. Það er að minnsta kosti erfitt að álykta að stríðið fyrir friði vinnist með aukinni hörku eða hernaðarvaldi. ■

ÓB Snorrabraut

- alltaf opið

ÓB Snorrabraut
- alltaf í leiðinni

odyrt bensín

	FRÁ DEGI TIL DAGS
<p>Á gráu svæði Óssur Skarphéðinsson alþingismaður gerir hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra að umræðuefni á vef-síðu sinni í gær. „Engum blandast hugur um að forsætisráðherra var á gráu svæði hvað varðaði hæfi hans um aðkomu sem ráðherra að sölu ríkisbankanna. Honum bar að láta vita af eignatengslum sínum, og misvísandi upplýsingar sem bersýnilega voru gefnar Ríkisendur-</p>	<p>skoðun hafa ekki bætt stöðu hans í málinu. Linkulegar afsaknar hans eftirá þegar upp komst um strákinn Tuma bæta aðeins gráu ofan á svart“, segir Óssur.</p> <p>Sérþekking skiptir máli Og Óssur bendir á atríði sem ekki hefur áður verið nefnt í þessu samhengi. Hann rifjar upp nýlegan hæstaréttardóm sem hann telur sýna ákveðið fordæmi. „Par var prófessor í viðskiptafræði dæmdur til að greiða athafnamanni 40 milljónir króna vegna viðskipta sem áttu sér stað. Hið merkilega í dómunum var að Hæstiréttur sagði í dómsorði að þar sem umræddur einstaklingur væri prófessor í viðskiptafræði þá hefði hann öðrum</p>
	<p>fremur átt að vita betur. Af dómsorði mátti ráða að þessi ætlaða þekking hans á innviðum viðskipta og fjármála hefði ráðið úrslitum um að prófessorinn var dæmdur til að greiða viðskiptamanninum 40 milljónirnar.“</p> <p>Er endurskoðandi Óssur bendir á að Halldórs forsætisráðherra sé löggiltur endurskoðandi að aðeins heyrnt Jón Gerald Sullenberger og Jónínu Benediktssdóttur áskata stjórnendur þess um eitthvað misjafnt. Og síðan auðvitað áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum og ritstjóra Morgunblaðsins.</p> <p>Það eru mikil líkindi með Hafskipsmálinu og Baugsmálinu. Í báðum tilfellum blæs lögreglan til viðamikillar rannsóknar á fyrirtæki sem að lokum spannar nánast alla þætti starfsemi þess. Í báðum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem starfa án velvilðar langsetinna valdablokka í samfélaginu. Hafskipsmálið varð frægt að endemum fyrir kunnáttuleysi lögreglunnar í bókfærslu, forðoma og fyrirframgefna sannfæringu fyrir sekt sakborninga.</p> <p>Sem kunnugt er varð Hafskipsmálið lögreglu og ákæruvaldi sneypufór – en auðvitað er fráleitt að gefa sér að líkindin sem Hafskipsmálinu og yfirstandandi Baugsmáli haldi allt til enda. Og um sumt eru þau ólík. Í Hafskipsmálinu var til dæmis hægt að finna fórnarlamb; gjaldþrota fyrirtæki, skiptastjóra þess og kröfuhafa – öfugt við Baugsmálið. Það má því ætla að það mál reyni enn meir á rannsókn lögreglu og málatilbúnað ákæruvaldsins. Þótt við eignum að sjálfsögðu að ætla lögreglunni að kunna fótum sínum forráð, þá getum við heldur ekki látið sem við þekkjum ekki söguna. Og því miður er of margt í þeirri sögu sem fær okkur til að taka það sem frá lögreglu og ákæruvaldi kemur með temmileigum fyrirvara og of fátt sem bendir til að þessir aðilar hafi eflst og þrostast svo á undanförunum árum að þeim hafi tekist að yfirstífa fyrri afglög.</p> <p>Hvernig sem fer verður niðurstaða Baugsmálsins þáttaskil. Annahvort upphaf þess að lögregla og ákæruvald ráði við stór og flókin mál þar sem ekki liggur fyrir hrein og klár skiljanlegt að þeir kvarti ekki. En er þá verið að saka fólk um að stela frá sjálfu sér? Nei, líklega er verið að vernda minnihlutaeigendurna. En mér vitanlega hafa þeir heldur ekki kvartad eða viljað kannast við neitt</p>

Þáttaskil hvernig sem lyktir verða

Nú þegar Baugur hefur dregið sig úr hópi fjárfesta sem stefndu að því að gera tilboð í bresku verslunarkeðjuna Somerfield, er skiljanlegt að fyrirtækið barmi sér yfir rannsókn ríkislögreglustjóra. Ef marka má fréttir hefur rannsóknin einkum beinst að meintum fjárdrætti stjórnenda og umboðssvikum gagnvart fyrirtækinu. Baugur er með öðrum orðum fórnarlamb meintra lögbrota stjórnendanna. Rannsóknin, húsleitir og nú síðast birting ákæra á hendur meintum brotamönnum hefur hins vegar skaðað fyrirtækið trekk í trekk. Fyrst missti það af kaupum á Arcadia í kjölfar húsleitar lögreglunnar, en breski kaupsvilumadurinn Peter Green hagnaðist gríðarlega á þessum kaupum – svo mikið að ætla má að hlutur Baugs í þeim hagnaði hefði numið tugum milljarða. Og nú er ljóst að Baugi er ekki vært í þeim hópi fjárfesta sem fyrirtækið myndaði um kaup á Somerfield, eftir að lögreglan birti ákæru í málinu fyrir viku. Í báðum tilfellum hefur Baugur misst af tækifæri til að njóta ávaxtanna af viðskiptum sem fyrirtækið hefur undirbúið.

Auðvitað er það svo að enginn er hafinn yfir lög. Þótt Baugur standi í stórraðum er það ekki svo að fyrirtækið verði með því ósnertanlegt og geti farið sínu fram án tillits til laga og reglna. En í þessu máli er Baugur hins vegar fórnarlamb meintra afbrota. Það hlýtur því að vera hundfúll fyrir fyrirtækið, starfsmenn þess og eigendur að verða sí og æ fyrir áföllum vegna lögregluáðgerða sem í orði kveðnu eiga að vernda fyrirtækið fyrir órétti.

Sjálfsagt er það erfitt fyrir allan þorra fólks að skilja þessa stöðu. Við erum von því að í opinberum refsímálum sé skýrt hvert sé fórnarlamb glæpsins. Ef það er stolið frá einhverjum kvartar sá vanalega. Það er reyndar þekkt í nauðgunarmálum að þeim sem er nauðgað leggur ekki fram kæru. Viðkomandi veigrar sér þá við að upplifa glæpinn aftur og aftur allt rannsóknarferlið og síðan enn og aftur í dómsölum undir- og Hæstaréttar. En við þekkjum engin dæmi þess að lögreglan

rannsaki meinta nauðgun þvert á fullyrðingar þess sem á að hafa verið nauðgað um að ekkert ósæmlegt hafi gerst. Baugsmálið er því ekki aðeins sérstakt vegna augljósra tengsla þess við breytingar í viðskipta- og stjórnmalalífi Íslendinga og lítt duldrar andstyggðar valdamikilla stjórnmalamanna á öllu er viðkemur fyrirtækinu; heldur er það á einhvern undarlegt í sjálfu sér – þjófnadur án þess að nokkur sakni fjármuna og nauðgun án þess að nokkur segi að sér hafi verið nauðgað.

Í DAG
SKRIFAR UM
BAUGSMÁLID

GUNNAR SMÁRI
EGILSSON



En við þekkjum engin dæmi þess að lögreglan rannsaki meinta nauðgun þvert á fullyrðingar þess sem á að hafa verið nauðgað um að ekkert ósæmlegt hafi gerst. Baugsmálið er því ekki aðeins sérstakt vegna augljósra tengsla þess við breytingar í viðskipta- og stjórnmalalífi Íslendinga og lítt duldrar andstyggðar valdamikilla stjórnmalamanna á öllu er viðkemur fyrirtækinu; heldur er það á einhvern undarlegt í sjálfu sér – þjófnadur án þess að nokkur sakni fjármuna og nauðgun án þess að nokkur segi að sér hafi verið nauðgað.

Auðvitað vita allir að sumir ákærora eru jafnframt meirihlutaeigendur að Baugi. Einhver kann að segja að það sé því skiljanlegt að þeir kvarti ekki. En er þá verið að saka fólk um að stela frá sjálfu sér? Nei, líklega er verið að vernda minnihlutaeigendurna. En mér vitanlega hafa þeir heldur ekki kvartad eða viljað kannast við neitt

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEÐU SKOÐUN ÞÍNA

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Eirir Rönnesson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinnur Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórnýrður Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐAL-SÍM: 550 5000 SÍMBRÉF A FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Eining er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



GERÐU ÞÉR MAT ÚR KÍNAKÁLI

KÍNAKÁLSALAT MEÐ NÚÐLUM

1 íslenskt kínakálshöfuð, fremur stórt
1 pakki skyndinúðlur
100 g sykurbauinir*
75 g kasjúhnetur
3 msk olía**
3 msk sojasósa
2 msk balsamedik
2 msk sykur

Kínakálið skorið í mjóar ræmur og sett í stóra skál. Núðlurnar muldar gróft og settar í aðra skál ásamt sykurbauunum. Vatn hitað að suðu, hellt yfir og látið standa í 3–5 mínútur, en síðan er núðlunum og bauunum hellt í sigti og látið renna vel af þeim. Bauinirnar þurfa ekki meiri suðu. Blandað saman við kínakálið, ásamt kasjúhnetunum. Olía, sojasósa, balsamedik og sykur þeytt saman, hellt yfir og blandað vel. Þetta salat er gott með ýmsum austurlenskum mat en einnig með t.d. steiktum kjúklingi og soðnum eða steiktum fiski.


*má sleppa
**t.d. sólbíomaolía



www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

DV Helgarblað

Læknir dæmdur vegna barns-dauða



Víðförull fjölskyldumaður

MUGISON TÓNLISTARMAÐUR



Íslenski tónlistarmaðurinn Órn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, fékk mjög góða dóma fyrir tónleika sína á Hróarskeldu um síðustu helgi. Mugison fékk nú í vikunni í kjölfar tónleikanna útgefanda í Bandaríkjunum, Ipecac records-ins, sem Mike Patton stjórnar. Honum standa því allar dyr opnar um þessar mundir.

Órn fæddist fjórða september 1976 og bjó í Bolungarvík þar til hann, á sjöunda ári, flutti með foreldrum sínum til Grænhöfðaeyja við Vestur-Afríku, þar sem þau bjuggu í þrjú ár. Þá lá leiðin í Breiðholtið en þar var aðeins staldrað við í tvö ár. Næst flutti fjölskyldan til Hriseyjar og þar kom listamaðurinn upp í honum. Fjörtán ára gamall byrjaði hann að spila á gítar og um svipað leyti fór hann að leggja stund á ljóðagerð. Sagan segir að hann hafi gefið út ljóðabók á sautjándra aldrursári eftir að hann hafði lokið fjönda bekk og einu framhaldsskólaári í héraðsskólanum á Laugum í Þingeyjarsýslu.

Eftir Laugar fór hann á sjóinn, var hásæti hjá föður sínum og þótti lötætur. Hann fór bæði í Smuguna og á Flæmingjargrunn áður en hann fluttist í bæinn. Þar lauk hann stúdentsprófi úr Menntaskólanum við Hamrahlöð. Árið 2000 fór hann í háskólanám í hljóðupptökum og tónlistarvískaðskiptum í SAE, London. Geisladiskinn Lonely Mountain vann hann samhlöðu því námi og kom diskurinn út hér heima um svipað leyti og því námi lauk.

Hann býr í dag í Vesturbænum

hneigingu til að hafa puttana í öllu bykir Órn mjög góður í samstarfi. Hann er nákvæmur, áreiðanlegur og skipulagður, fer ekki út í neitt verkefni nema vita hvernig það endar og leggur mikið upp úr því að fullkomna lagasmíðar sínar. Þannig mun hann hafa gert mörg hundruð útgáfur af hinu vinsæla lagi Murr murr áður en hann varð ánægður. Þá er hann sinn eigin umbóðsmaður en nýtur aðstoðar föður síns.

Sem tónlistarmaður er Órn frjór, hreinskíptinn, melódískur og mjög beiður í sínum lagasmíðum. Einn helsti styrkur hans er fölginn í tónleikum hans þar sem hann nær mikilli nálægð við áhorfendur, stundar ýmis konar tilraunamennsku og gerir sér far um að hafa enga tónleika eins. Hann er ófiminntur við að fara nýjar leiðir.

Órn er fjölskyldumaður og reidir sig mikið á sína nánustu. Hann var þakkrari sem barn en alltaf geðgóður og ábyrgur og aldrei neitt vesen á honum. Hann og Rúna reyna sem oftast að gefa sér tíma til að fara á Vestfirðina, þrátt fyrir annir. Listamannsnafnið Mugison dregur hann af föður sínum, Guðmundi, sem kallaður er Muggi. Órn er hreinskíllinn, umbúðalaus og skemmtilegur félagi, bykir góður vinur vina sinna, er vinnmargur og gerir sér far um að halda sambandi við gamla vini.

Þessa dagana vinnur Órn að tónlistinni í næstu kvikmynd Baltasar Kormáks en ætlað að því loknu að gefa sér góðan tíma með fjölskyldunni áður en hann gefur út smáskíffu og heldur í tónleikaferðalag um Evrópu og Bandarík-in.

ásamt konu sinni, Rúnu Esradóttur, og syni þeirra, Ísak Dýra. Í risi hússins er hann með lítið stúdíó. Þrátt fyrir stjórnsemi og til-

Er þetta aðför að Baugi?

UMRÆÐAN BAUGSMÁLÍÐ



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON VÍDSKIPTAFRÆÐINGUR

Föstudaginn 1. júlí sl. var ég að hlusta á Talstöðina í útvarpinu. Ingvi Hrafn Jónsson var að tala og sagði m.a. að innan nokkurra stunda væri væntanleg tilkynning frá Ríkislögreglustjóra um að stjórnendum Baugs hefðu verið birtar ákærur í kjölfar umfangsmikillar lögreglurannsóknar. Ingvi Hrafn sagði, að lögreglurannsóknin hefði staðið í tæp 3 ár innrás lögreglunnar í aðalstöðvar Baugs og Ríkislögreglustjóri gæti ekki annað en gefið út ákætur eftir svo langa og mikla rannsókn! Það mátti skilja á þessum orðum Ingva Hrafns, að það væri verið að gefa út ákætur hvort sem eitthvað saknæmt hefði fundist eða ekki. Hallur Hallsson, sem var í þættinum hjá Ingva Hrafn, gerði athugasemdir við ummæli Ingva Hrafns og sagðist ekki trúa því að lögreglufrýðingur væri á þessu. Mál þetta er allt hið undarlegasta. Það hófst á þessa leið: Samstarfsmaður Baugs til margra ára

í Bandaríkjunum, Jón Gerald Sullenberger, kærði stjórnendur Baugs fyrir fjárdrátt frá Baugi eftir að þeir höfðu sagt honum upp störfum. Sullenberger gaf stjórnendum Baugs að sök að hafa notað fjármuni Baugs til persónulegra þarfa, þ.e. að hafa stolið frá sjálfum sér, þar eð um er að ræða stærstu eigendur Baugs. Mun málið einkum hafa snúist um skemmtisnekkju í Bandaríkjunum og kaup hennar en þeir Bónusfeðgar og Gerald Sullenberger áttu hana í sameiningu. Einnig snerist það um ágreining um viðskipti Nordica Inc. og Baugs. Þetta „sakarefni“ er ekki lengur fyrir hendi, þar eð þeir Bónusfeðgar hafa gefið fullnægjandi skýringar á kaupum snekkjunnar og sátt var gerð milli Gerald Sullenberger og Baugs um ágreiningsmál. Eðlilegast hefði verið, að þegar svo var komið sögu hefði Ríkislögreglustjóri látið málið gegn Baugi falla niður. En það gerði hann ekki heldur hóf leit að nýjum sakarefnum.

Jónatan Þórmundsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands skrifar ítarlega greinargerð um mál þetta fyrir Baug. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ekki sé efni til þess að dæma stjórnendur Baugs fyrir nein auðgunarbrott. En Ríkislögreglustjóri kærir einnig vegna ýmissa annarra atríða. Jón-

atan Þórmundsson telur grundvöll ásakana Sullenberger löngu brostinn en hann hafi verið „knúinn áfram af hefndarhug.“ Ákætur gegn stjórnendum Baugs hafa enn ekki verið birtar opinberlega. Erfitt er því að átta sig til fulls á máli þessu. Trúlega má finna einhver dæmi um það að stjórnendur Baugs hafi farið á svig við lög við rekstur fyrirtækisins. Sennilega eru ekki mörg fyrirtæki hér á landi, sem mundu þola þriggja ára lögreglurannsókn, þar sem farið er ofan í öll atríði svo sem bókhaldsmál, tollamál, skattamál o.fl. Þó hafa einkafyrirtæki tekið sig mjög á í þessum efnum á undanfönum árum og áratugum. Bókhald flestra fyrirtækja er nú í góðu lagi og reynt að gæta þess að góð skil séu milli rekstrars fyrirtækjanna og einkaneyslu stjórnenda en áður var víða pottur brotinn í því efni. Einkum var algengt að stjórnendur skráðu eitthvað af einkaneyslu sinni á fyrirtækin og að þeir notuðu fyrirtækjabla til eigin þarfa. Slíkt heyrir nú orðið til undantekninga. Undarlegt er að Ríkislögreglustjóri skuli taka eitt fyrirtæki út úr ríkisráðgjafi á þessum atríðum. Nær hefði verið að draga út nokkur fyrirtæki og rannsaka þau. Hin langa og ítarlega rannsókn Ríkislögreglustjóra á Baugi og stjórnendum þess lyktaf ar að för að fyrirtækinu. ■

TEKINGI: HELG SIGURSSON - HUGRERKAS

„Drap dóttur okkar og sleppur létt“
Faðir Sæunnar æfur vegna dómsins yfir Magnúsi...
Alma Geirsdal
Helgarblað
Heljusaga Helgu Matthíasdóttur móður HEIÐARS HELGUSONAR EINKAVITJAL
Þóra Fischer læknir
Parti að greiða milljónte vegna dauða hvarfs
EIRIKUR ER LAGT LEIÐUR AF MS
Andri Már í Heimsferðum
Helmsfrelsi

Hefur þú séð DV í dag

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.174 +0,49% Fjöldi viðskipta: 206 Velta: 1.085 milljónir

MESTA HÆKKUN

Flaga
Jarðboranir
Burbáras

MESTA LÆKKUN

Atlantic Petroleum
Siminn
Marel

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVIÐTÖLU: Actavis 41,30 +0,73% ... Bakkavör 38,80 -0,26%... Burbáras 16,00 +1,27%... FL Group 14,90 +0,00% ... Flaga 4,90 +3,90% ... Grandi 8,50 +0,00 ... Íslandsbanki 13,50 +0,37% ... Jarðboranir 21,90 +1,86 ... KB banki 542,00 +0,37% ... Kögun 58,50 +0,17% ... Landsbankinn 17,30 +1,17% ... Marel 58,30 -1,02% ... SÍF +0,00 ... Straumur 12,25 +0,82% ... Össur 78,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

Ný stjórn FL Group kjörin

Yfirtökunefnd vill kanna hvort yfirtökuskylda hafi myndast í FL Group.

Hluthafafundur verður haldinn í FL Group í dag þar sem fundurinn kys nýja stjórn. Hannes Smárason stjórnarformaður er sá eini úr fyrri stjórn sem heldur áfram. Gert er ráð fyrir því að Einar Ólafsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Magnús Ármann, Sigurður Bollason, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Þorsteinn M. Jónsson taki jafnframt sæti í stjórn.

Yfirtökunefnd, sem starfar á vegum Kauphallar Íslands ásamt fleiri samtökum og stofnunum, hefur tilkynnt að hún kanni hvort mundast hefði yfirtökuskylda hjá stærstu eigendum FL Group eftir að nýir eigendur keyptu um 27 prósent hlutfjár.

Yfirtökuskylda myndast þegar 40 prósent hlutfjár eru á einni eða sameiginlegri hendi. Samanlagt ráða félag í eigu Hannesar Smárasonar, Baugs Group og Kötlu Investments um 65 prósent hlutfjár í FL Group og vill nefndin kanna hvort samkomulag hafi myndast meðal þessara aðila um stjórnun félagsins.



NY STJÖRN Ljóst er að Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, verður eini stjórnarmaðurinn úr eldri stjórn sem sest í þá nýju.

- eþa

Tilboði Elisa vel tekið

Saunalahti helmingi verðmætara en í maí.

Fregnir af tilboði finniska símafélagsins Elisa í Saunalahti fóru vel í fjárfesta. Hlutaþréf í Elisa hækkuðu um ellöfu prósent í gær en bréf síðarnefnda félagsins, sem er að stærstu hluta í eigu Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, um átján prósent.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Virði Saunalahti hefur því aukist um helming síðan Novator og Ajanta gerðu tilboð í bréf annarra hluthafa í maí. Þegar tilboðið var kynnt var um fimmtán prósent yfirverð að ræða. Hluthafar sem eiga enn bréf í Saunalahti fá um 27 prósent yfirverð til viðbótar við það sem Björgólfur Thor býður. Má því gera ráð fyrir að allir taki tilboði Elisa.

Novator verður stærsti eigandinn í sameiginlegu félagi sem verður næststærsta símafélag Finnlands.

- eþa

Atvinnuleysi fer minnkandi

Hægt og bitandi er vinnumarkaðurinn í Bandaríkjunum að taka við sér. Atvinnuleysi mælist nú fimm prósent og hefur ekki verið lægra frá hryðjuverkaárásunum í september árið 2001.

Um 150 þúsund ný störf urðu til í júní á móti 104 þúsund nýjum störfum í mánuðinum á undan. Smásalar og framleiðendur sjá batamerki í rekstrinum og aukna veltu og þurfa því á fleiri höndum að halda.

Bandaríska hagkerfið hefur vaxið á meiri hraða en evrópska og japanska. Hagvöxtur hefur verið um 3,5 prósent á þessu ári en var 4,4 prósent á síðasta ári.

- eþa

Fleiri farþegar millilenda

Um 217 þúsund farþegar fóru um Flugstöð Leifs Eiríkssonar í júní. Eru það tólf prósentum fleiri farþegar en á sama tíma í fyrra þegar 193 þúsund farþegar fóru um flugstöðina. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur rúmum tíu prósentum milli ára og farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgaði um rúmlega 21 prósent.

Í tilkynningu kemur fram að farþegum, sem fara um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hafi fjölgað um tæp tíu prósent fyrstu sex mánuði ársins miðað árið 2003. Voru þeir 779 þúsund í ár en 710 þúsund í fyrra.

- bg



LUCA
LEÐURSTÓLL

23.400 KR. ÁÐUR 36.000 KR.



HVÍTTAÐ EIKARBORÐ OG 6 GARDA-LEÐURSTÓLAR

BORÐSTOFUBORÐ 180X90 SM, EINNIG FAANLEGT 210X100 SM.

119.000 KR. SETTIÐ ÁÐUR 170.000 KR.



PISA

TUNGUSÓFI M/MICROFIBER ÁKLÆÐI
TVEIR LITIR: SANDLITT OG GRÁBRÚNT
BREIDD: 244 SM

125.300 KR. ÁÐUR 179.000 KR.



JÚLÍTILBOÐ!



OPÍÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

BARBARA CARTLAND (1901-2000)
fæddist þennan dag.



„Eftir því sem konur hugsa minna um sjálfar sig, tala minna við aðrar konur og reyna að gleðja eiginmann sinn meira, því hamingjusamara verður hjónabandið.“

Barbara Cartland var valdalaust vinsælasti ástarsöguhöfundur tuttugustu aldar. Talið er að hún hafi skrifað rúmlega 700 bækur á ævinni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Óboðinn gestur í herbergi drottningar

Þennan dag árið 1982 braust maður inn í Buckingham-höll og spjallaði í tíu mínútur við Elísabetu drottningu í svefnherbergi hennar. Michael Fagan hafði klifrað yfir vegg sem umlukti höllina og hífði sig upp vatnsrennur að hilylum drottningar. Hinn atvinnulausi fjögurra barna faðir slapp fram hjá öllum öryggisvörðum og viðvörunarþjóllum berfættur í stuttermabol. Fagan hafði áður komið við sögu lögreglu og var ákærður fyrir að stela vínflosku úr höllinni mánuði fyrr. Atvikið átti sér stað við vaktaskipti en öryggisvörðunin sem átti að

taka við þeim sem var fyrir utan herbergi drottningar var úti að víðra hundana. Drottningin náði ekki að gera vart við sig fyrr en Fagan bað um sigarettu. Þetta var í fyrsta sinn sem óboðinn gestur birtist í konunglegum hilylum síðan í stjórnartíð Viktoríu drottningar. Fagan var ekki kærður fyrir atvikið en var sendur á geðsjúkrahús í Liverpool þaðan sem hann losnaði þremur mánuðum síðar. Síðan þá hefur Fagan framið nokkur smávægileg brot. Í júní 2003 tókst grínista að smygla sér í afmælisveislu Vilhjálms prins í Windsor-kastala.



9. JÚLÍ 1982 Öryggisgæslunni í höllinni var ábótavant.

MERKISATBURÐIR

- 1877 Fyrsta Wimbledon-mótið er haldið með um tuttugu þátttakendum.
- 1941 Bretar leysa dulmálsgóða Þjóðverja sem kallaðist Enigma.
- 1946 Skemmtisæðið Tivoli er opnað í Reykjavík. Það starfaði til ársins 1964.
- 1972 David Bowie kemur í fyrsta sinn fram sem Ziggy Stardust.
- 1976 Mesti hiti í Reykjavík á tuttugustu öld, 24,5 gráður, mælist.
- 1994 Síldarminjasafn er opnað í Roaldsbrakka á Siglufirði.
- 1998 Leikritið Hellisbúinn er frumstýnt. Um ári síðar höfðu tæplega sextíu þúsund manns séð það.

ANDLÁT

Valborg Ólafsdóttir, Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis að Bauganesi 5, Reykjavík, lést á Landspítala við Hringbraut þriðjudaginn 28. júní. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Guðrún Kjartansdóttir, Ljósheimum 18a, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 5. júlí.

Björg Aradóttir frá Hólmanvík lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí miðvikudaginn 6. júlí.

Einar Magnús Matthíasson frá Hólmanvík, Hrauntúni 12, Breiðdalsvík, lést miðvikudaginn 6. júlí.

Jón Örn Ingólfsson hæstaréttarlögmaður, Haukanesi 21, Garðabæ, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 6. júlí.

Már Ásgeirsson andaðist að heimili sínu, Ljósheimum 6, Reykjavík, miðvikudaginn 6. júlí.

Þorsteinn Víðir Valgarðsson, Hringbraut 114, Reykjavík, lést miðvikudaginn 6. júlí.

JARDARFARIR

13.30 **Tómas Magnússon** frá Stóru-Sandvík, verður jarsunginn frá Sefnarkirkju.

14.00 **Egill Jónasson**, Hagatúni 11, Höfn, verður jarðsunninn frá Hafnarkirkju.



Inngæla þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærrar eigin konu minnar, móður okkar og systur,

Þorbjargar Sigurðardóttur
Hveramörk 2, Hveragerði.

Sérstakar þakkar til þeirra Helga Sigurðssonar, krabbameinslæknis og Kristínar Skúladóttur, hjúkrunarfræðings.

Guðmundur Guðmundsson
Karl Valur Guðmundsson
Sigurður Hrafn Guðmundsson
Bjarki Þór Guðmundsson
Andri Geir Guðmundsson
og systkini hinnar látnu



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Valborg Ólafsdóttir
Hrafnistu, Reykjavík,

áður til heimilis að Bauganesi 5, Rvk. lést 28. júní sl. á Landspítala Hringbraut. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Svava Björg Gísladóttir Erlingur Snær Guðmundsson
Hrafnhildur Jóna Gísladóttir
Elinborg Gísladóttir Sigurður Eggertsson
Friðborg Gísladóttir Birgir Kristjánsson
Anna Bjarnis Gísladóttir Emil Hákonarson
Barnabörn, barnabarnabörn og langlangaömmubarn.



Inngæla þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs sonar okkar, stjúpsonar, bróður og barnabarns,

Arent Pjetur Eggertsson
Sindragötu 4, Ísafirði.

Berglind Sveinsdóttir Pálmi Ó. Árnason
Kristrún Sif Gunnarsdóttir
Jóna Sigurlína Pálmadóttir
Sveinn Jóhann Pálmason
Ingibjörg Kristjánisdóttir
Sveinn Jóhannsson
Egbert Hjartarson Gríma Huld Blængsdóttir
Lára Ósk Eggertsdóttir
Gunnar Smári Eggertsson
Laura Claessen

FRÉTTABLAÐIÐ/ERIKSSAFN



VIÐ AKRANESGÖTU Gísli og eiginkona hans Hallbera fóru á Ólafsvöku í Færeyjum árið 2003 og rákust þá á þetta skemmtilega götuskiði. Gísli er tíður gestur í Færeyjum og á þar marga vini.

GÍSLI GÍSLASON BÆJARSTJÓRI Á AKRANESI ER FIMMTUGUR Í DAG

Opnaði götuna fyrir vinum og ættingjum

„Það vill svo til að það eru írskir dagar hér á Akranesi,“ segir Gísli Gíslason bæjarstjóri á Akranesi sem er fimmtugur í dag en hélt upp á það í gærkvöldi með því að bjóða vinum og vandamönnum í „Opna götu“. „Það verða léttar veitingar og tónlist í eins miklum mæli og hægt er,“ sagði Gísli þegar rætt var við hann fyrir afmælið. Þá vissi hann ekki hve margir myndu mæta en sagðist ætla að láta slag standa.

Í dag ætla Gísli að njóta þess sem írsku dagarnir hafa uppá að bjóða en þeir hafa verið haldnir í um sex ár og hefur vaxið fiskur um hrygg að sögn Gísla. Í kvöld er Lopapeysuball og Skagamót í fótbolta er haldið fyrir yngri kynslóðina yfir helgina.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekiur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Papinos Pizza. Hafnarfirði. Óskum eftir hressu og duglegu starfsfólki. Umsóknareyðubúð á staðnum Reykjavíkuvægi 62, Hafnarfirði.

Bón og þvottur
Óskum eftir vönum starfsmönnum á bonstöð hjá Bilkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Bónusvideo Hafnarfirði. Óskum eftir jákvæða og heiðarlegu starfsfólki, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgavinnna. Umsóknareyðubú. á staðnum Lækjargötu 2 HÍ.

Hefur þú áhuga á að vinna með skóla í vetur? Getum bætt við okkur skólafólki í helgar og kvöldvinnu, yngri en 19 ára koma ekki til greina. Umsóknareyðubúð á staðnum. Sólbaðsöfn Smart, Grensásveg 7.

Bakari
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklausa. Uppl. í s. 820 7370.

Bakari
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari í Kópavogi hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklausa. Uppl. í s. 820 7370.

Vantar vélastjóra og vélavörð á Ísrækjubát, 1000 hó. Uppl. í síma 897 5090.

Óska eftir röksum, duglegum og jákvæðum starfsmanni í þökkun og lager. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merkt "PK" fyrir 14. júlí.



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um atvinnu á sunnudögum í Fréttablaðinu.



!
90,9

BIÓÞÁTTURINN í umsjón Odds Ástráðssonar. Á Talstöðinni alla sunnudaga.

95.000

HEIMILI

**NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL
LANDSINS TIL AÐ DREIFA SKILA-
BODUM TIL PINNA VIÐSKIPTAVINA**

Með því að dreifa innskotsblöðum og efni með Fréttablaðinu nærðu til 95.000 heimila um allt land og tryggir hámarksnýtingu á markaðsfé þínu.

Hafðu samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 550 5010 eða augl@frettabladid.is og kynntu ér verð og dreifimöguleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

Stálsmiður óskast

Vantar stálsmið sem fyrst á vandað verkstæði í Hafnarfirði. Uppl. í síma 848 0843.

Þjónustuver Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki, 18 ára og eldra, í hlutastarf. (www.dominos.is).

Óska eftir starfskrafti til að sjá um þrífri- að í sameign á litlu samþýli. Uppl. í s. 699 3534.

Húsgagnsmiði - nemi. Viljum ráða nema eða starfsmann á Húsgagna- smiðaverkstæði Ingvars Þorsteinssonar í Kópavogi. Nánari upplýsingar veitir Ingvar í síma 897 7199.

Hverfisbarinn

Óskum eftir að ráða manneskjur í sal, einungis helgarvinna. Áhugasamir hafi samband við jon@hverfisbarinn.is og/eda rosant@hverfisbarinn.is.

Umboðsaðili óskast

Franskur undirfataframleiðandi er að leita eftir sjálfstæðum atvinnurekend- um með reynslu til að taka að sér að dreifa þessum vörum á Íslandi. Skrifleg umsókn sendist ffcinternational@wanadoo.fr.

Sundanesti óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Framtíðarvinna, 18 ára og eldri. Uppl. í s. 533 1113, 895 1310 & 822 0568.

Smiðir eða múrarar óskast í fast starf við uppsetningu á granitborðplötum. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta menn. Upplýsingar í síma 692 7878.

Hótel óskar eftir þernu í fullt starf í sum- ar. Einnig vantar bókara. S 588 0000.

Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa. Uppl. í s. 893 3915.

Duglegur starfskraftur óskast í þríf (hlutastarf). Kvöldvaktir og morgun- vaktir og önnur hver helgi. Uppl. í s. 846 2117.

Stýrimann og háseta vantar

Stýrimann og háseta vantar á línubát. Uppl. í síma 863 9357, 862 2591 & 854 0257.

Atvinna óskast

Ég er 17 ára karlmaður, samvirkusamur og duglegur. Óska eftir vinnu sem fyrst. Flest kemur til greina. Uppl. í síma 565 5719 & 860 5719.

32ja ára strákur óskar eftir vinnu (til 28.07) frá 00-24. S. 659 4866.

Viðskiptatækifæri

Auka Buisness

Litíð vefvyriræki til sölu, auðveld vinna, góð afkoma. Uppl. í s. 660 7750.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Grá, ómerkt læða tapaðist frá Rauðarár- stig 5, 2. júlí. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 663 4804 & 585 9425.

! 90,9

MARKADURINN
Hafðu Hjúskaparnámskeið Markaðurinn
Íslenskt og fjölskylduáhrifafræðingur.
Átt vikna dagur kl. 17.30



! 90,9

TÓNLISTARÞÁTTUR DR. GUNNA
Á Talstöðinni alla sunnudaga kl. 16.

EGOTT.FOLK.MCGANN

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biðdu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000
KEMUR EKKI:



FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN
birta
MARKAÐURINN



Framtíðarstarf og sumarafleysingar

AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstarf og einnig í sumarafleysingar.

Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnu- aðstöðu og mótuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Trausti í síma 693-5602.

AÐFÖNG



OLIVER

BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir VÖNU starfsfólki í sal og VÖNUM barþjónum.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821-8500.

www.cafeoliver.is



HÓSTIÐ FASTEIGNASALA 533 4300
Salómón Jónsson löggr. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655
Vilhjálmur Bjarnason löggr. fasteignasali

Logafold 22

Opið hús Laugardaginn 9 júlí kl 14:00 til 15:00

Falleg þriggja herbergja 99,3 fm íbúð á annari hæð með fráberu útsýni yfir Grafarvoginn auk stæðis í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í and-dýn, hol, eldhús, þvottahús, borðstofu, stofu, 2 herbergi og baðherbergi. Gólfefni eru parket og flisar. Fallegt útsýni og slutt í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. Verð 23.7m.

Allar nánari upplýsingar gefur Ólafur Haukur í síma 693-4868 verðið velkominn

Nýtt símanúmer hjá dreifingu:



550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ



LANDSBANKAEILDIN

DRAUMA LÍÐIÐ

TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS



MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

90,9

TILKYNNING



Auglýsing um skipulag í Kópavogi. Kópavogstún.

A. Breytt aðalskipulag.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Urðarbraut í vestur, Kópavogsbraut í norður, Hafnarfjarðarvegi í austur og Kópavogi til suðurs. Í breytingunni felst að svæði fyrir þjónustustofnanir verður íbúðarsvæði og opin svæði. Mörk bæjarverndar á svæðinu norðan gamla Kópavogsbæjarins breytist á þann hátt að opið svæði með bæjarvernd, um 3.500 m² að flatarmáli, vikur fyrir blandaðri landnotkun (þjónustu og opnu svæði til sérstakra nota). Aðkoma verður frá Urðarbraut og Kópavogsbraut. Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi á Kópavogsbraut norðan Sunnuhlíðar og breytingu á veltengingu að hringtorgi á Digranesvegi í miðbæ Kópavogs með akreinum bæði til suðurs og norðurs. Gert er ráð fyrir nýjum aðalgöngustígum um miðbik svæðisins. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður 23-27 íbúðir á ha og fjöldi íbúa líðlega 1.000. Breytingin er sett fram á uppdætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í apríl 2005. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Kópavogstún – Íbúðarsvæði. Greinargerð með breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Verkræðistofan Hönnun, apríl 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

B. Breyting á svæðisskipulagi.

Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogstúns felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Í breytingunni felst að fjölga þarf fyrirhuguðum íbúðum í byggingarsvæðinu Kópavogur vestur úr 900 í 1.300 íbúðir sbr. töflu á bls. 47 í greinargerð svæðisskipulagsins. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan verður sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaáfgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

C. Tillaga að deiliskipulagi.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að deiliskipulagi Kópavogstúns. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Urðarbraut í vestur, Kópavogsbraut og gatnamótum Digranesvegur/Borgarholtsbrautar í norður, Hafnarfjarðarvegi í austur og Kópavogi til suðurs.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Kópavogsbærinn gamli, Hressingarhælið og leikskólinn Urðarholt auk bygginga Sunnuhlíðar komi til með að standa áfram. En miðað er við að byggingar nr. 1d, 9, 11,17 og 19 við Kópavogsbraut auk bygginga í eigu ríkisins miðsvæðis á skipulagssvæðinu (Kópavogshælið) verði fjarlægðar. Þess í stað muni ný byggð rísa-, einbýlishús, parhús og fjölbýlishús fyrir alls 325 íbúðir auk 57 þjónustuíbúða. Næst Urðarbraut er í tillögunni gert ráð fyrir 1-2 hæða einbýlishúsum og parhúsum. En næst gatnamótum Urðarbrautar og Kópavogsbrautar er miðað við fjölbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Meðfram Kópavogsbraut verða fjölbýlishús á 4 til 5 hæðum auk kjallara og fjölbýlishúsin miðsvæðis verða 5 og 6 hæðir auk kjallara. Aðkoma verður frá Urðarbraut og Kópavogsbraut. Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi á Kópavogsbraut norðan Sunnuhlíðar og breytingu á veltengingu að hringtorgi á Digranesvegi/Borgarholtsbraut í miðbæ Kópavogs með akreinum bæði til suðurs og norðurs. Gert er ráð fyrir nýjum aðalgöngustígum um miðbik svæðisins.

Nýbyggingarsvæðið er um 14 ha að flatarmáli (svæðið undir bæjarvernd undanskilið) og þéttleiki byggðarinnar því áætlaður 23 íbúðir á ha (27 íbúðir á ha ef þjónustuíbúðirnar eru meðtaldar). Áætlaður íbúafjöldi á svæðinu miðað við 3 íbúa í íbúð og 1,5 íbúa í þjónustuíbúð er um 1060 íbúar. Áætlað nýtingarhlutfall lóða verður á bilinu 0.3-0.6. Stór hluti bilastæða verður í bílageymslum neðanjarðar.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulags-skilmálum dags. 29. apríl 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 13. júlí til 10. ágúst 2005. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 24. ágúst 2005.. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Vissir þú ...

... að mýs eru algengasta spendýrið í Bandaríkjunum?

... að rotta getur lifað lengur án vatns en kameldýr?

... að þegar leðurbökkur fljúga út úr helli beygja þær alltaf til vinstri? Þær fara aldrei til hægri eða beint áfram.

... að tungan er sterkasti vöðvi mannslíkamans?

... að stærsta brúðarerta sem um getur vó heil 6.818 kg? Hún var bökuð fyrir brúðkaupssýningu í Nýja Englandi árið 2004.

... að þeir sem eru réttentir lífa að meðaltali níu árum lengur en þeir sem eru örvhentir?

... að allir hvítabirnir eru „örvhentir“?

... að Kína og Rússland eiga hvort um sig landamæri að 14 löndum?

... að stærsta fuglshreiður sem fundist hefur var búið til af skallaerni? Hreiðrið var tæpir þrjú metrar í þvermál og sex metrar á dýpt.

... að sebrahestar eru hvítir með svartar rendur en ekki svartir með hvítar rendur?

... að kakkalakkur eru hraðskreiðasta sexfætta skordýrið? Þeir komast einn metra á sekúndu.

... að 24 karata gull er ekki hreint gull? Það inniheldur dálítinn kopar. Gull sem er alveg hreint er svo mjúkt að má móta það til með því að velta því milli fingra sér eins og leir.

... að Tékkar drekka allra þjóða mest af bjór? Hver Tékkur drekkur að meðaltali 160 lítra af bjór á ári.

... að lífslíkur við fæðingu eru minnstar í Botsvana í Afríku? Meðal lífslíkur þar eru aðeins 37 ár.

... að lífslíkur við fæðingu er mestar í Japan? Þar eru meðal lífslíkur 81 ár.

... að orðið Kanada kemur úr indíánamáli og þýðir „stórt þorp“?

... að giraffar fæða afkvæmi sín yfirleitt stöndandi? Fallið er sex metrar.

SJÓNARHORN



Tími skemmtiferðaskipa er í alglymngi./Ljósmynd: GVA

DRAUMASTAÐURINN



Pálmi Sigurhjártarson

Toscana

„Þegar stórt er spurt er fátt um svör,“ segir Pálmi Sigurhjártarson, tónlistarmaður og lióssstjóri í þættinum Það var lagið á Stöð 2, er hann er spurður um sinn draumastað.

„Má það vera staður sem ég hef komið á?“ spyr Pálmi og þegar blaðakona jánkar því er hann ekki í miklum vafa. „Þá er það Toscana-héraðið í Ítalíu. Það er búið að vera minn draumastaður síðan ég fór þangað fyrst fyrir nokkrum árum.“

Og ástæðan er einföld. „Þar er fallett, góður matur og gott að vera.“

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Trúlofunar
hringar
Jon & Óskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

ÚTSALAN

í fullum gangi
30–50% afsláttur

vorum að bæta við vörum á útsöluna



Smáralind • sími 517 5330 • www.adams.is

ERT ÞÚ AÐ DRUKKNA Í DRASLI?

Hvernig væri þá að taka á því og leyfa okkur að hjálpa þér?

Eftir frábærar móttökur förum við aftur af stað með Allt í drasli og leitum nú að hentugum heimilum á landsbyggðinni.

Upplýsingar í síma 8222549 /
alltidrasli@sagafilm.is

KOLAPORTIÐ

Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu



1 Þú pantar sölubás

2 Þú greiðir básinn

3 Þú velur básinn

4 Þú selur

Pantaðu bás núna
í síma 562 5030

OPIÐ UM HELGINA
FRÁ KL. 11-17



LAUG Á LAUGUM Ungviðið var ekki lengi að stinga sér til sunds í nýju útilauginni sem leysir af hólmí elstu innilaug landsins.

Ný sundlaug að Laugum í Þingeyjarsveit

„Þetta breytir gríðarlega miklu, bæði fyrir nemendur Framhaldsskólans á Laugum og sérstaklega íþróttabrautina þar. Auk þess sem þetta er bylting í búsetugæðum íbúa á svæðinu,“ segir Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, en í gær voru ný sundlaugarmannvirki við Framhaldsskólann á Laugum í Þingeyjarsveit opnuð formlega.

Jóhann segir sundlaugina einnig lyftistöng fyrir ferðamannaþjónustuna sem sé mjög vaxandi á

svæðinu. Hann er viss um að straumur ferðamanna muni aukast með tilkomu sundlaugarinnar sem er í nálægð við góð tjaldsvæði.

Bygging laugarinnar hófst fyrir ári og er laugin 25 metra keppnislaug ásamt heitum pottum. Hún leysir af hólmí elstu innisundlaug landsins sem var byggð árið 1925 á sama tíma og skólanað höfst á Laugum, en Laugaskóli fagnar áttatiu ára afmæli sínu í haust. „Hún er barn síns tíma,“ segir Jóhann en skólasund var kennt í laug-


inni fram á þennan dag. Ekki er ljóst hvað verður um gömlu lauginna.

Um eitt hundrað nemendur stunda nám við Framhaldsskólann á Laugum og búa flestir þeirra á heimavist. Jóhann segir skólann einn þann síðasta sinnar tegundar.

Á næsta ári verður unglíngalandsmót UMFÍ haldið að Laugum. Jóhann segir undirbúning standa yfir og ljóst að sundlaugin muni nýttast vel þegar hundruð unglíngastreyma á svæðið að ári. ■



SPADINN Á LOFT Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari FL, Unnsteinn Ingason formaður byggingarnefndar, Kristján Snaebjörnsson aðalverktaki og Ásvaldur Þor-móðsson oddviti henda á loft stungu-spáðann sem notaður var við fyrstu skóflustunguna.



SIRKUS Loftfílmleikafólk fjölleikahópsins Cirque du Soleil sýnir listir sínar á sérstakri sýningu fyrir fatlaða í Beirút í Líbanon.



ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON Skólástjóri Menntaskólans Hraðbrautar er ánægður á þessum tímamótum.

Fyrsta útskrift Hraðbrautar

Fyrsta brautskráning Menntaskólans Hraðbrautar fer fram í dag í Bústaðakirkju. 42 nýstúdentar útskrifast þá frá skólanum sem tók til starfa árið 2003 en skólinn er ætlaður námsfólki sem vill klára framhaldsskólann á tveimur árum.

„Þetta eru feykilega stór tímamót,“ segir Ólafur Haukur Johnson skólástjóri sem segir skólafarfið hafa gengið sérlega vel. Áhugi á skólanum fari vaxandi og hófu 115 skólagöngu í fyrri og allt stefnir í að 140 nemendur byrji í haust. „Við stefnum að því að skólinn fari í 200 nemendur en verði alltaf lítill skóli, persónulegur og notalegur,“ segir Ólafur sem telur allar áætlanir hafa gengið upp.

Dó skólinn sé aðeins tveggja ára er hugmyndin að honum gömul. Jóhann man eftir því að hafa sent frá sér minnisblað árið 1994 en erfitt var að fá heimild til að fara af stað með skólans þar sem þurfti að fá viðurkenningu frá menntamálaráðuneyti. „Menn höfðu miklar efasemdir um að þetta gengi. Lengi vel gekk maður undir manns hönd til að tala mig ofan af þessu,“ segir Jóhann sem byggir skólafarfið á svipuðum hugmyndum og sumarskóla sem hann kennið við í tíu ár.

Jóhann telur sig hafa sannað gildi skólans og þakkar frábæru starfsfólki árangurinn. Þá þakkar hann einnig foreldrum sem sýndu þá dírfsku að senda börn sín í skóla sem byggði á hugmynd sem ekki var búið að reyna í heilsteypu skólafarfi. Um fyrstu nemendur sína segir hann: „Þetta voru ofurhugar sem voru tilbúnir að reyna eitthvað nýtt.“ ■

FÆDDUST DENNAN DAG

1932 Donald Rumsfeld varnamálaráðherra Bandaríkjanna.

1947 O. J. Simpson leikari.

1956 Tom Hanks leikari.

Bíll ársins

» Hyundai Tucson

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Tucson 2.0 CRDI-Dísel, sjálfskiptur.
Dráttargeta 1600 kg.
Verð kr. 2.730.000
Bílasamningur kr. 28.500 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Tucson 2.0 bensín, beinskíptur.
Dráttargeta 1600 kg.
Verð kr. 2.370.000
Bílasamningur kr. 24.700 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Í FLOKKI JEPPIA OG JEPPLINGA

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með bílinn handa þér

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

*Menntaáhrifur mibær við bílasamning lýstegar, til 84 mánaða og 30% útborgun. Graubum til þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýje bílans.

Magnús Kjartan Gíslason er ein ötulasta grúppía breska rokkbandsins Oasis, búinn að elta þá um Bretlandseyjar á alls sex tónleikum. Alltaf jafn hrifinn og fær ekki nóg. Magnús er einnig verk- og eðlisfræðingur úr Reykjavík. Spilaði fótbolta með Fram og Fjölni á bernskuárunum, en sparkar nú bolta með hópi athafnamanna í Glasgow á milli þess sem hann vinnur hörðum höndum að doktorsverkefni í heilbrigðisverkefni við Strathclyde-háskólann, en verkefnið fékk í vikunni fyrstu verðlaun International Society of Biomechanics. Þóráðs Lilja Gunnarsdóttir óskaði Magnúsi til hamingju.



MAGNÚS KJARTAN GÍSLASON, HEILBRIGÐISVERKFRÆÐINGUR Í GLASGOW Hefur setið 22 ár á skólabekk, en er þó ekki orðinn þritugur. Stundar doktorsnám í heilbrigðisverkefni og fékk í vikunni ISB-verðlaunin fyrir verkefni sitt í Strathclyde-háskólanum.

Verðlaunahafi með skoskan hreim

Mér er sagt að ég sé kominn með eilítið þykkan og skoskan hreim, en vissulega átti ég í mesta basli með að skilja Skotana til að byrja með. Fallega töluð skoska er glæsilegt tungumál, en sumir eru svo ferlegir að tala að meira að segja innfæddir Skotar skilja hvorki upp né niður," segir Magnús hlajandi og ánægður meðal Skota.

„Skotar eru vingjarnlegir upp til hópa, að vissu leyti líkir okkur Íslendingum. Þeim finnst gaman að skemmta sér og eru léttir í lund. Eg kann sömuleiðis vel við Glasgow. Þetta er stórborg að vissu leyti, þó ekki í landfræðilegum skilningi, með milljón íbúa. Hér ríkir stórborgarbragur og mikið að gerast í menningar- og íþróttalífi.“

Þyrstur í stærðfræðileg vandamál
Magnús er hálfnaður með doktorsnám sitt við Strathclyde, þar sem hann er á þriggja ára rannsóknarsamningi, en áður hafði hann lokið meistaraþráðu við sama skóla í heilbrigðisverkefni.

„Eftir stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík fór ég í vélaverkefni við Háskóla Íslands og bætti við mig B.Sc. í eðlisfræði. Lokaverkefnið var unnið í samstarfi við Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, og vakti áhuga minn á heilbrigðisverkefni, sem einnig er kölluð læknisverkefni. Þá fékk ég áhuga á að þeita þeirri þekkingu sem ég hafði aflað mér í vélaverkefni og á eitthvað annað en að reikna út burðarþol í húsum,“ segir Magnús, sem skráður er sem starfsmaður við skólann þótt hann sé í raun námsmaður.

„Ég er aðstoðarrannsóknarmaður og þigg laun sem slíkur, auk þess sem skólagjöldin falla niður og munar um minna því þau eru ansi há vegna þess að Íslendingar eru ekki í Evrópusambandinu; alls fjórum sinnum hærrí en ella. Eg hélt að Ísland hefði gert sérsamning um skólagjöld í evr-

ópskum háskólum, en svo reyndist ekki vera.“ segir Magnús, sem snemma hafði góðan skilning á raungreinum.

„Áfi minn, Magnús Magnússon, var prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands og hafði mikil áhrif á mig. Eg gat alltaf leitað til hans ef ég lenti í vandræðum með stærðfræðina, en gekk oftast vel í þessum fögum og lá því beinast við að velja þessa leið. Eg sé alls ekki eftir neinu, þetta er eins og hvert annað nám; tekur stundum á taugarnar þegar lítið gengur og allt virðist í klessu, en er gefandi þegar vel gengur. Eg hef þessa þörf til að komast til botns í tækni- og stærðfræðilegum vandamálum.“

Engir tveir úlnliðir eins

Þeir Íslendingar sem valið hafa sér heilbrigðisverkefni til doktorsnáms eru teljandi á fingrum annarrar handar, enda greinin ung að árum og ennþá í mótun.

„Það eru mörg óleyt vandamál á þessu sviði og mikil þörf fyrir fleira fólk úr raungreinum inn í greinina til að leysa læknisfræðileg vandamál. Heilbrigðisverkefninga bíða brýn verkefni, þetta er óþægur akur og margt má gera sem bætir líf og líðan fólks. Heima hefur heilbrigðisverkefni verið að hasla sér völl, enda Íslendingar færir vísindamenn og uppfinningasamir, en nærtækasta dæmið um fyrirtæki á þessu sviði er Össur,“ segir Magnús, sem sjálfur vinnur að uppfinningu í læknisfræði í samstarfi við leiðbeinendur sína dr. Nicky Fowler og dr. David Nash, fyrirlsara við Strathclyde-háskólann.

„Hugmyndin er upphaflega dr. Fowlers, og ég vinn aðeins að litlu hluta þessarar stóru heildar myndar, sem er gagnvirkt tölvulíkan af mannhöndinni. Minn þáttur snýst um að greina krafta og spennur í úlnliösbeinum, en líkan þetta gæti gagnast skurðlæknum síðar meir þegar metla þarf hvernig á að meðhöndla einstaka sjúkling. Engar tvær hend-

ur eru eins og greinilegur munur á því hvernig úlnliður er uppbyggður hjá fólki og í hvernig stöðu beinin liggja, sem allt hefur áhrif á hvernig höndin starfar. Því þíum við til nokkrar breytistærðir í stað eins móðels og fáum ólíka einstaklinga til að skoða muninn, en þannig verður hægt að púsla saman ólíkum líðum úlnliðs og fá út mismunandi útkomu, sem skilur sér í mun betra tæki sem skurðlæknar geta notað fyrir aðgerðir,“ segir Magnús, sem býst síður við Nóbelsverðlaunum í læknisfræði fyrir sinn þátt í upp-

er samfélag allra fagaðila á sviði heilbrigðisverkefni. Í byrjun ágúst verður haldin alþjóðleg ráðstefna í Cleveland í Ohio þar sem Magnús tekur við verðlaunum.

„Það kom dálítið á óvart að okkar verkefni skyldi vinna, og því mun ánægjulegra. Rannsóknartimaritíð Clinical Biomechanics gefur verðlaunin og við verðlaunaafhendinguna mun ég halda fyrirlestur um líkanið. Alls voru fimm verkefni tilnefnd til verðlaunanna, en sigurvegurinn er það verkefni sem talið er hafa mest

ir Magnús brosmildur og bætir við að smíði líkansins muni taka alls um sjö ár áður en hægt verði að nota þá í læknisfræðilegum tilgangi.

„Hvort ég verð með alla leið er óvíst enn. Þetta er spennandi verkefni, en ég er ekki öðruvísi en aðrir Íslendingar þegar kemur að því að ákveða mig á síðustu stundu. Mér finnst líklegast að ég komi heim að námi loknu og þætti þá gaman að taka þátt í uppbyggingu heilbrigðisæknifyrirtækja, sem er ört vaxandi.“


Heilbrigð sál í hraustum líkama

Magnús þjáist ekki af heimþrá, enda duglegur að heimsækja fösturjörðina. Hann er 28 ára gamall og hefur verið í skóla frá sex ára aldri, í alls 22 ár.

„Ætli ég sé ekki kominn með allt of miklar og flóknar prófgráður og snemmliga orönn ónothæfur í alvöru vinnu,“ segir hann ströfnislega og víðurkennir að vera stundum þreyttur á langri skólagöngunni.

„Ég gæli nú við þá hugmynd að ég sé búinn með námsferilinn að þessu loknu. Það er mikil vinna að stefna að doktorsprófi, en munurinn á doktorsnámi og öðru námi er rúmur tími, alls þrjú ár til að ljúka því, þótt ekki veiti af tímanum heldur. Eg er svo sem enginn vöðulegur hugsjónamaður, en finnst gott að láta gott af mér leiða, og því væri frábært ef verkefnið fengi brautar-gegnifir alla leið,“ segir Magnús, sem þarf að haska sér heim á leið, enda tónleikar með Coldplay í kvöld.

„Jú, ég á mér líka líf utan doktorsnámsins. Hef yndi af tónleikum, stunda mikla hreyfingu og reyni að komast af malbikinu og út í sveit um helgar. Náttúran hér er fögur. Keimlík þeirri íslensku. Eg reyni að hugsa vel um sjálfan mig og viðhalda heilbrigðri sál í hraustum líkama,“ segir hann einbeittur og hverfur á braut út í skoskan daginn.



GAGNVIRKT TÖLVULÍKAN AF ÚLNLÍÐ
Myndin sýnir spennudreifingu í úlnliösbeinum. Bláir og rauðir fletir tákna álagssvæði.

finningunni.

„Nei, ætli það. En þetta gæti gert lífið bærligra fyrir marga gigtarsjúklinga þar sem lídagigt herjar einkum á hendur og úlnliði. Ýmsir möguleikar hafa verið reyndir við uppskurð slíkra meina, en ekki gefið nógu góða raun. Þetta líkan gæti auknið árangur þess háttar skurðaðgerða til muna í framtíðinni.“

Nóbelsinn bíður

En þótt Nóbelsverðlaunin bíði um sinn hefur verkefnið nú þegar fengið fyrstu verðlaun ISB, sem

klinískt notagildi þegar til lengri tíma er lítið,“ segir Magnús glöður í bragði, en verðlaunin eru 1.200 Bandaríkjadalir og birting í hinu virta Clinical Biomechanics.

„Í mínum huga snúast verðlaunin aðallega um heiðurinn. Nú verður auðveldara fyrir okkur að sækja um styrki til áframhaldandi rannsókna á verkefni, auk þess sem fólk í þessu fagi þarf að skila af sér ákveðnum fjölda vísindagreina og þá er lítið til slíkra verðlauna þegar metin er hæfni rannsóknarfólks. Þetta gerir því líf okkar aðeins auðveldara,“ seg-



HNÉ OG FINGUR

Spurning: AF HVERJU KIPPIST FÓTURINN TIL EF SLEGIÐ ER UNDIR HNÉSKELINA?

Svar: Ef setið er með slakan fót og slegið er létt á réttan stað fyrir neðan hnéskelina tekur fóturinn ósjálfrátt viðbragð og réttir úr sér. Við höggjö strekkist á sin sem togar í vöðvanum í framanverðu lærinu þannig að hann lengist. Í lærvöðvanum, eins og í öðrum ráköttum vöðvum, eru skynfæri sem kallast vöðvaspólur sem sjá um að senda miðtaugakerfinu boð um lengd vöðva. Þessi skynfæri nema lenginguna sem verður á



ÓSJÁLFRÁÐ VIÐBRÖGÐ Ef setið er með slakan fót og slegið er létt á réttan stað fyrir neðan hnéskelina tekur fóturinn ósjálfrátt viðbragð og réttir úr sér.

vöðvanum við höggjö og senda boð eftir skyntaugungi upp í mænuna um að óvænt lenging hafi átt sér stað. Mænan sendir þá umsvifalaust boð til baka eftir hreyfitaugungi um að strekkja skuli á lærvöðvanum að framan og um leið önnur boð um að slaka skuli á lærvöðvanum að aftan. Þetta veldur svo því að fóturinn réttir úr sér.

Boðin fara um mænuna en ekki heilann

Þar sem þessi boð fara aðeins um mænuna en ekki í gegnum heilann eru þau fullkomlega ósjálfráð. Sá hluti taugaboðkerfisins sem við getum stjórnað með vilja okkar og á upptök sín í heilanan hefur enga möguleika á að gripa inn í þessa atburðarás. Það er því engum tíma eytt í það að taka ákvörðun um hvernig eigi að bregðast við heldur eru viðbrögðin alltaf eins. Þessi stutta boðleið og skilyrðislaus viðbrögð gera það að verkum að viðbragðið verður mjög hratt. Það líða einungis um 50 millisekúndur, það er 1/20 úr sekúndu, frá því að slegið er á sinna þar til fóturinn réttir úr sér.

Hluti af jafnvægisstjórnunarkerfi líkamans

Viðbrögð eins og hnéviðbragðið eru hluti af jafnvægisstjórnunarkerfi líkamans. Ef það verður skyndilegt ójafnvægi í vöðvakerfinu í fótunum þá verðum við að geta brugðist hratt við til þess að leiðrétta það áður en við dettum. Það er því mikil hagkvæmni fölginn í því að láta þetta ferli taka eins stuttan tíma og mögulegt er og að eyða ekki miklum tíma í að ákveða hvað þarf að gera. Flestir hafa eflaust einhvern tímann prófað að ganga upp tröppur í myrkrum og lent í því að stíga í tómt eftir að síðustu tröppunni hefur verið náð. Það eru viðbrögð af þessu tagi sem koma í veg fyrir að við dettum kylliflöt við slíkar aðstæður.

Höfundur: Friðrik Þórðarson, M.Sc. í líffræðilegri eðlisfræði.

Spurning: AF HVERJU BRAKAR Í LIÐAMÓTUM Í FINGRUNUM OG ER ÞAÐ HÆTTULEGT?

Svar: Brak í liðum fingra, áhrif þess og afleiðingar, hefur ekki verið mikið rannsakað en menn bykjast þó vita hvað það er sem gerist þegar við látum smella í liðamótum af þeirri gerð sem eru í fingrunum.

Um liðamótin

Utan um liðamótin er liðpoki úr bandvef sem tengir beinin og umlykur liðholið sem aðskilur beinaendana. Innst í liðpokanum er þunn liðhimna sem seytir (gefur frá sér) liðvökva sem fyllir liðholið. Hlutverk liðvökvans er að smyrja snertifleti beinanna, minnka núnung í liðnum, næra brjóskhimmur beinanna og losa þær við úrgang. Utan við liðpokann og einnig í honum liggja liðböndin sem tengja beinaendana saman.

Brakið heyrast vegna gass í liðvökvunum

Þegar við látum braka í liðum þá er í raun verið að færa liðinn úr eðlilegri stöðu og teygja á liðpokanum. Við það eykst rúmmál liðpokans og þrýstingur í honum minnkar. Í liðvökvunum er uppleyst gas, meðal annars koltvísýringur. Þegar þrýstingurinn minnkar losnar gasið úr vökvunum og myndar loftbólur (sem eru að mestu úr koltvísýringi) sem fylla upp í holrúmið sem skapaðist við aukni rúmmál liðpokans. Þegar liðurinn gengur í samt lag aftur vex þrýstingurinn og loftbólurnar falla saman. Talið er að hljóðið sem heyrast þegar við látum smella í liðum myndist þegar gasið losnar úr vökvunum og/eða þegar holrúmin falla saman.

Þeir sem stunda mikið og reglulegt „puttabrak“ hafa sjálfsgætt tekið eftir því að ákveðinn tími þarf að líða áður en hægt er að láta smella í sömu liðamótum aftur. Ástæða þess er sú að það tekur gasið sem losnar nokkurn tíma að leysast aftur upp í liðvökvunum.

Brak í liðum á líklega ekki þátt í liðagigt

Sú saga er lífseig að brak í liðum geti leitt til liðagigtar. Eins og segir í upphafi svarsins hefur þetta atferli ekki notið mikillar athygli meðal fræðimanna. Þó menn hallist að því að brak í liðum aukir ekki líkurarnar á liðagigt þá taka þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu efni ekki af um allan vafa.

Hitt virðist ekki eins umdeilt að sé brak í liðum iðkað mikið og reglulega geti það haft slæm áhrif á liðamótin þó það leiði ekki til liðagigtar. Bent hefur verið á að þegar látið er smella í liðamótum sé verið að færa liðinn í óeðlilega stöðu og teygja á liðböndunum, en styrkur liðbandanna tryggir að beinendar haldist saman. Með stöðugu áreiti er hætt við að liðböndin missi hluta af teygjanleika sínum og liðurinn verði viðkvæmari fyrir skemmdum.

Höfundur: Emítía Dagný Sveinbjörnsdóttir, landfræðingur og starfsmaður Vísindavefsins

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Hvernig verður rafmagn til?



Laxárstöðvar í Aðaldal

„Hvað er með Ásum?“
Frábær sýning Hallsteins Sigurðssonar, sem hlotið hefur einróma lof.



„Hreindýr og dvergar“
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir magnaða tréskúlpúru í Laxársstöð í sumar.



Kröflustöð í Mývatnssveit

Allt um Kröfluleiða Gestastofu. Kynnist eldsubrotunum sem urðu í nágrenni Kröflustöðvar 1975-1984.

Hvers vegna er rafmagn á Íslandi umhverfisvænna en hjá öðrum þjóðum?



Blöndustöð í Húnabpingi

Þorir þú 200 metra niður í jörðina? Hvað verður í göngum Blöndustöðvar í sumar? Magnaður viðkomustaður.



Végarður í Fljótsdal

Kynnið ykkur Kárahjúkavirkjun og allt sem henni viðkemur í Végarði. Tilvalið að koma þar við áður en haldið er upp að Kárahjúkum.

Heimsókn til Landsvirkjunar er upplýsandi og skemmtileg



Sultartangastöð ofan Þjórsárdals

„Andlit Þjórsárdæla“ – áhugaverð sýning um mannlífið í Þjórsárdal í 1100 ár.



Ljósafosstöð í Soginu

„Ár og Kýr“ Jóns Eiríkssonar komnar suður. 365 kúamyndir sem hlotið hafa verðskuldaða athygli. Einnig ljósmyndasýning Guðmundar frá Efri-Brú „Oft er í holti heyrandi nær“.

Sýningar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafni birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförmu eru: Vaxa vatnsmelónur á trjám eða í jörðinni, hvort á að segja „að taka djúpt í árina“ eða „að taka djúpt í árinni“, hvað eru mörg grómm af prótinum í einu meðalhanueggi, hverjar voru áætlanir Þjóðveira um að ráðast inn í Ísland í seinna heimsstyrjöldinni, hver er munurinn á fósturforseldrum og stjórnforseldrum, og hvað mengar eitt álver mikið í samanburði við bíl? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Brugðið gat til beggja vona á upphafsdögum millilandaflugs þegar tækjabúnaður var oft frumstæður og lítið mátti út af bregða. 60 ár eru á mánudag frá fyrsta farþegafluginu til útlanda. Millilandaflugíð var lengi umlukid dýrð-arljóma en flugfélögin oft á barmi gjaldþrots.



CATALINA FLUGBÁTUR Fyrsta millilandaflugíð var farið með Catalina flugbátunum Pétri gamla, flugvél sem smíðuð var til hernaðarmota en var líkt og mörgum öðrum breytt í farþegaflugvél. Þó að Catalina flugbátarnir bæru allt að 22 farþega voru aðeins fjórir farþegar um borð í fyrsta millilandafluginu.

Þegar hver ferð var ævintýri líkust

Þeir voru ekki margir farþegarnir um borð þegar lagt var upp í fyrsta millilandaflug íslenskrar farþegaflugvélar 11. júlí 1945. Farþegarnir voru aðeins fjórir, jafn margir áhafnarmeðliminum sem voru Jóhannes R. Snorrason flugstjóri, Smári Karlsson flugmaður, Sigurður Ingólfsson vélamaður og Jóhann Gíslason loftskeytamaður. Engin flugfreyja var um borð, þær komu ekki til sögunnar fyrr en ári síðar.

Flugið var þarna komið langan veg frá því lítilli tvíþekju var flogið á Íslandi í tilraunaskyni 1919 og átti enn langt í land með að ná þeim sessi sem síðar varð.

Átti sér langan aðdraganda

Nokkur erlend flugfélög lýstu áhuga á Íslandsflugi þegar fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldar, meðal þeirra voru Pan American Airways, Lufthansa og KLM en áhugi þeirra var að visu misjafnlega mikill. Ekkert varð þó af því á þeim tíma og upphaf seinni heimsstyrjaldar 1939 varð til þess að engar ferðir voru fyrir flugsamgöngum við umheiminn fyrr en að hildar-leiknum loknum.

Lítið var um flug til og frá Íslandi fyrstu áratuginum eftir að Daninn Cecil Faber varð fyrstur manna til að fljúga Flugvél á Íslandi 3. september 1919. Mest þykir vert um hópflug Ítala á fjórða áratugnum og bandarískan flugleiðangur sem kom hér

við á hnattflugi árið 1924 en það var fyrsta flugið til Íslands.

Fyrsta millilandaflugíð, 11. júlí 1945, var farið í tilraunaskyni og segja má að millilandaflug hafi ekki hafist af alvöru fyrr en ári síðar þegar teknar voru upp reglulegar ferðir til útlanda. Þá var flugið til Bretlands og Kaupmannahafnar í samvinnu við skoskt flugfélag og flugið með sprengjuflugvélum úr seinni

kaupa hvort tveggja fyrstu flugvélna sem mátti fljúga skýjum ofar og fyrstu farþegaþotuna.

Millilandaflugíð var farið frá Reykjavík fyrstu tvo áratuginum. Þetta breyttist árið 1967 þegar Flugfélag Íslands keypti fyrstu farþegaþotuna. Henni mátti ekki fljúga frá Reykjavíkurlflugvelli og því flutti félagið allt sitt millilandaflug til Keflavíkurlflugvallar.



BÚIN TIL FLUGFERÐAR Þristinum Páli Sveinssyni var flugið til Bretlands síðasta miðvikudag til að minnast þess að á mánudag eru 60 ár liðin frá fyrsta millilandafluginu. Vélinni hafði þá ekki verið flugið til útlanda í rúma þrjú áratugi.

heimsstyrjöld sem breytt hafði verið í farþegaflugvél. Upphöfst þá mikið kapphlaup milli Flugfélags Íslands og Loftleidaflugli. Loftleioir urðu fyrri til að eignast eiginlega millilandaflugvél en Flugfélag Íslands hafði vinninginn þegar kom að því að

Reksturinn var löngum erfiður Þrátt fyrir mikla uppbyggingu og nýja áfangastaði var millilandaflugíð engin gullnáma fyrir flugfélögin sem neyddust til að sameinast árið 1973 til að forðast gjaldþrot. Hið nýja flugfélag, Flugleioir, átti einnig við erfiðleika að stríða og fáeinum

árum eftir sameininguna þurfti ríkið að koma að til að rekstur félagsins færi ekki í þrot. Íslenska ríkið varð þá hluthafi í Flugleioðum um skeið en seldi sinn hlut 1985.

Aðrir sem freistuðu gæfunnar í millilandaflugi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar fóru flatt á því. Viking Air var stofnað 1970 en heyrði fljótt sögunni til. Arnarflug var stofnað í kjöl-

þekjka eða skilja hugtakið um lágmarkshvildartíma. Þessu lýsti Loftleioðamaðurinn Kristinn Olsen svo í viðtalsbókinni Dagur við Sky: „Ég flaug mjög mikið á þessum tíma og hef reiknað út að þegar allt er talið saman hafi ég verið þrjú ár í loftinu, enda gátu þetta verið býsna langar tær. Einn sinni var ég sjötíu og þrjár klukkustundir í flugi án þess að komast inn á hótél. Við vorum þá fimm í áhöfn og gátum fengið okkur blund til skiptis í sætumum. Flugið var til Parísar, þaðan til Rómur og svo heim þar sem skipta átti um áhöfn. Þá kom í ljós að enginn flugstjóri var til-tækur svo að ég hélt áfram með Ítala til Suður-Ameríku og kom með bananafarm heim.“

Í sama viðtali segir hann frá því að eitt sinn þegar hann flaug til New York hafi verið slíkt óveður að aðeins ein flugvél lenti, sú sem hann stýrði enda var sextíu hnúta hliðarvindur.

brynjolfur@frettabladid.is



FYRSTA KAUPMANNAHAFNARFLUGIÐ Jóhannes R. Snorrason var flugstjóri í fyrsta flugi til Kaupmannahafnar, aðrir í áhöfn voru Sigurður Ingólfsson, Jóhann Gíslason og Magnús Guðmundsson.

farið og lifði fram undir lok níunda áratugarins þegar rekstur þess stöðvaðist.

Mikil vinna og mörg ævintýri Flugmenn þessara frumherja-ára í millilandafluginu vildu ekki allt fyrir sér og hvorki þeir né yfirmenn þeirra virtust

HEIMILDIR:

Alfreds saga og Loftleioða eftir Jakob F. Ásgeirsson, Á flugi eftir Helgu Guðrúnu Johnson og Sigurweigu Jónsdóttur, Dagur við Sky eftir Jóninu Michaelsdóttur, Fimmíttu flugin ár 1 eftir Steinar J. Lüðvíksson og Svein Sæmundsson, Flugmál Íslands eftir Hjalmar R. Bárðarson, Viðburðarflugmannsævi eftir Þorstein E. Jónson, Það verður flugið eftir Arngrim Sigurðsson.

FYRSTA FLUGBARNIÐ

Nefnd eftir flugvélinni

Hvítasunnudagsmorguninn 1955 var áhöfn og farþegum Skymaster-flugvélarinnar Heklu minnisstæður. Þá fæddist fyrsta barnið sem fæðst hefur um borð í íslenski flugvél. Ung norsk kona fæddi þá stúlku-barn á snyrtingunni aftur í flugvélinni. Þegar þetta gerðist var enn eftir fjögurra tíma flug til Reykjavíkur og enginn læknir um borð. Þar var þó maður sem tekið hafði á móti tveimur börnum og gat því veitt nokkra aðstoð. Aðrir farþegar tóku sig einnig til og efndu til samskota fyrir móður og barn. Stúlkan sem fæddist um borð í Loftleioðavélinni Heklu fékk svo nafnið Hekla.

Lággjaldaflugfélag á sjötta áratugnum:

Við fljúgum hægar en ódýrar

„Við ætlum okkur ekki í beina samkeppni við stóru flugfélögin, heldur búa okkur til eigin markaðs og ná til fólks sem ekki hafði efni á því að ferðast samkvæmt taxta IATA.“ sagði Alfred Elíasson, í ævisögu sinni þegar hann lýsti því hvernig Loftleioir urðu að lággjaldaflugfélagi í flugi milli Bandaríkjanna og Íslands en fram að því hafði millilandaflug aðeins verið á færi hinna efnameiri.

IATA eru samtök flugfélaga þar sem ákveðin voru lágmarks-fargjöld og samkeppni þannig takmörkuð. Loftleioir stóðu utan IATA og gátu boðið lægri fargjöld en önnur flugfélög, þetta var þó aðeins hægt í flugi til Bandaríkjanna sem voru eina ríkið sem

krafðist þess ekki í loftferðasamningi að miðað yrði við taxta IATA. Alfred segir í sögu sinni að framtakið hafi gengið hægt í upphafi, það sem hafi hins vegar gagnast þeim mest hafi verið andstaða IATA við áform þeirra og áhugi fjölmöla á deilu litla flugfélagsins við risann. Í kjölfarið hafi sífellt fleiri ferðast með Loftleioðum. Þá hófst fimmtán ára stríð við SAS sem reyndi allt hvað það gat til að fá taxta Loftleioða hækkaða og fékk sænska ríkið meðal annars til að segja upp loftferðasamningi ríkjanna til að þrýsta á fargjaldahækkun Loftleioða.

Slagorð fyrirtækisins á þessum árum var „We are slower but we are lower“ sem þýða mætti „Við fljúgum hægar en ódýrar“.



ALFRED ELÍASSON Fargjöld Loftleioða milli Bandaríkjanna og Evrópu voru fimmtungi lægri en fargjöld annarra flugfélaga þegar Alfred og félagar hösluðu sér völl vestanhafs.



ÞORSTEINN E. JÓNSSON Lenti í mörgum ævintýrum á löngum flugmannsterli sem hófst í breska flughernum í seinni heimsstyrjöld og dró hann meðal annars til Biafra þegar borgarastrið geisadi þar.

Tækjabúnaður var frumstæður á upphafsárunum: Villtist hundrað sjómíllur af leið

Tækjabúnaður á upphafsárum millilandaflugsins var afar frumstæður í samanburði við það sem gengur og gerist í dag. Góða lýsingu á því er að hafa í öðru bindi endurminninga Þorsteins E. Jónssonar flugmanns, Viðburðarík flugmannsævi. Þar segir hann frá því þegar hann villtist langt af leið þegar hann flaug til Bretlands.

„Á þessum tímum var raf-eindatæknin miklu skemmra á veg komin og veitti leiðsögmönnum ekki nærri eins mikla aðstoð og nú orðið. Ekki var ratsjá almennt í farþegaflugvélum þá en þykir nú ómissandi. Að vísu var í notkun LORAN-kerfi, sem gat komið siglingafræðingum að haldi á sumum leiðum, en

hvergi nærri eins nákvæmt og í dag... Miðunarstöðin í vélinni var ekki sjálfvirk, eins og slík tæki eru nú, heldur var hún ramma-loftnet sem snúa þurfti með handafla.“

Enda fór svo að áður en langur tími var liðinn lenti Þorsteinn í miklum vandræðum. Stöðurafmagn truflaði móttöku og staðsetningarnar sem hann fékk virtust fjarri lagi. Þegar hann svo taldi sig vera að nálgast land ákvað hann að lækka flugið svo hann sæi til lands. Þá brá hins vegar svo við að ekkert sást nema sjór hvert sem litið var. Þegar þeir loksins komu auga á land eftir dágóða stund kom í ljós að flugvélin var hundrað sjómílum vestar en ætlunin var.

TÍMAMÓT Í MILLILANDAFLUGI



- 1945** Catalina flugbát Flugfélags Íslands, Pétri gamla, er flogið til Largs Bay í Skotlandi 11. júlí 1945.
- 1947** Loftleiðir kaupa fyrstu eiginlegu millilandaflugvélinu, 46 sæta DC-4 Skymastervél sem fékk nafnið Hekla.
- 1948** Loftleiðir fá leyfi til flugs til Bandaríkjanna.
- 1950** Geysir ferst 14. september. Áhöfninni var bjargað af Vatnajökli sex dögum síðar.
- 1957** Flugfélag Íslands kaupir tvær Vickers Viscount skrúfupotur, fyrstu flugvélar í eigu Íslendinga sem máttu fljúga skjórum ofar.
- 1967** potuöldin hefur innreið sína á Íslandi þegar Flugfélag Íslands kaupir Boeing 727-100C farþegaþotu.
- 1970** Viking Air stofnað en fór síðar á hausinn, Arnarflug var stofnað úr rústum þess 1976.
- 1973** Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinast undir nafni Flugleiða.
- 1978** Átta Íslendingar og 180 Indónesar farast í mannskæðasta slysi íslenskrar flugsögu þegar Flugleiðaþota í leiguflogi brotlendir á akri með 259 manns innanborðs.
- 1979** Sigurður Helgason segir á ársfundi Flugleiða að staða félagsins sé svo slæm að ef til vill væri réttast að ríkið eignaðist hlut í félaginu.
- 2000** Lágfargjaldafflugfélagið Go flýgur til Íslands sumarlangt, fyrst lágfargjaldafflugfélaga síðan Loftleiðir slógu í gegn sem slíkt flugfélag.
- 2003** Lágfargjaldafflugfélagið Iceland Express hefur göngu sína.
- 2005** Flugleiðir festa fyrstar evrópskra flugfélaga kaup á Boeing 787 Dreamliner sem hægt er að fljúga nær hvert sem er á jarðkringlunni.

NÝTT! Hljóðlát bylting

HKC Rafdrifinn golfbíll



Verð aðeins
485.000,-



VÉLAVER

Billinn er til afgreiðslu strax
Sýningareintak og reynsluakstur á staðnum



Lágmúli 7 • Reykjavík • Sími: 588 2600 • www.velaver.is

OPIÐ UM HELGINA



Gestamóttaka á Nesjavöllum og Hellisheiði

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradölum (fyrirhuguð Hellisheiðarvirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum
mánudaga-laugardaga kl. 9-17
og sunnudaga kl. 13-18.

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

www.or.is



Orkuveita
Reykjavíkur

SUMARIÐ SMELLIR
Á 199 KR.

LENDIR 11/07/05

Taktu þátt þú gætir unnið:
Geisladiskinn **Svona er sumarið**
Kippur af Coke

Sendu **SMS** skeytið
BTL SESB á númerið
1900 og þú gætir unnið.

13. hver vinnur.

Adalvinningur: SONY MPS spilari

Adalvinningur er dreginn úr öllum SMS skeytum.
Vinnslu og veitingu afhendir þú hjá BT Smáralind.
Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS Klúbb. 199 kr/skeytið



ANNA Björk ljær Önnu rödd sína í myndinni.

Björk með unglíngaveiki

Gunnar Karlsson og fyrirtækið Caoz vinna nú hörðum höndum að teikni-myndinni Anna and the moods en ásamt Björk leika Damon Albarn og Monty Python-maðurinn Terry Jones í myndinni.

Litla lirfan ljóta var aðallega hugsuð til að öðlast reynslu og komast inn í þennan teikni-myndabrana, sem okkur hefur tekist," segir Gunnar Karlsson leikstjóri stuttmyndarinnar Anna and the moods sem áætlað er að verði tilbúin í ársbyrjun 2006. Hilmar Sigurðsson í fyrirtækinu Caoz er framleiðandi myndarinnar, en hann og Gunnar gerðu Litlu lirfuna ljóta sem vakti mikla lukku

Anna and the moods er í þrívídd en notuð er sama tækni og í Litlu lirfunni ljóta. „Núna í júní byrjuðum við að vinna þetta á fullu, að búa til þennan tölvuheim," segir Gunnar sem er myndlistarmaður. Þekktir einstaklingar hafa verið fengirn til að ljá sögupersónum rödd sína. „Það er búið að taka upp flestar raddir, við erum með Terry Jones úr Monthy Python, hann er þulur.

lostnir til læknis sem greinir hana með hræðilegan sjúkdóm: Anna er með unglíngaveiki.

Myndin, sem er um 30 mínútur að lengd, byggir á sögu eftir Sjón sem hann gerði við tónlist breska Brodsky-kvartettins. „Brodsky-kvartettinn bað Sjón að skrifa sögu við tónlist þeirra sem höfðu að til unglíng, og síðan fengu þeir Julian Nott til að semja tónverkíð. Sjón flutti söguna með kvartettinum í Bretlandi, og hér á Listahátíð, og kom til okkar með hugmyndina í ársbyrjun 2003," segir Hilmar um tildrög stuttmyndarinnar. Julian Nott hefur útsett verkið sérstaklega fyrir myndina og er flutningur Brodsky í öndvegi. Gunnar segir að Brodsky-kvartettinn hafi haft að leiðarljósi að gera verk í líkingu við Pétur og úlfinn til að vekja með unglíngum áhuga á klassískri tónlist.

Anna and the moods, eða Anna og skapsveiflurnar eins og hún heitir í íslenski talsetningu, er styrkt af Media ætluin Evrópu-sambandsins og Norræna kvikmyndastofnunarinnar og segir Hilmar að styrkurinn frá Kvikmyndamiðstöð Íslands opni dyr í aðra sjóði. Nú þegar eru Caoz-menn búnir að forselja myndina til sex erlendrar sjónvarpsstöðva í Evrópu og miðað við gott gengi Litlu lirfunnar ljóta verður spennandi að fylgjast með Önnu og skapsveiflunum í byrjun næsta árs.

rosag@frettabladid.is



DOKTOR ARTMANN Sjón leikur brjálaða lækninn sem sérhæfir sig í óþægum börnum og unglíngum.

hér og landi og erlendis. „Við erum komin með það fjármagn sem við þurfum til að klára Anna and the moods, þannig að ekkert stoppar okkur lengur," segir Hilmar en myndin fékk á dögnum 5,3 milljóna króna framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Damon Albarn leikur líka eitt hlutverk, hann brillerar alveg, og svo leikur Björk aðalpersónuna," segir Gunnar. Myndin segir frá fyrirmyndastúlku Önnu sem breytist dag inn í smækkaða útgáfu af Marilyn Manson. Foreldrarinn senda dóttur sína skelfingu



ÁHRIFAVALDAR EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON TÓNLISTARMAÐUR

Poppstjarna ársins 1969

Einn af þeim sem mest hefur mótað lífsstefnu mína og haft ómdeild áhrif á þá ákvörðun mína að velja tónlist sem ævistarf er sjálfur Björgvin Halldórsson. Ég var átta ára þegar hann var kosinn Poppstjarna ársins 1969 og man vel eftir því. Þá strax fannst mér hann hafinn yfir aðra í íslensku tónlistarlífi og varð mikill aðdáandi. Ég hafði það mikla músík í mér sem barn að verða strax ljóst hve miklum hæfileikum Björgvin bjó yfir og hve vel hann söng. Ég hitti svo Björgvin í myflugumynd og fyrst í eigin persónu þegar við félagarnir í Hálfu í hvoru vorum að hita upp í Sigtúni 1981. Þá kom hann til okkar og sagði: „Helvíti flottar raddir hjá ykkur, strákar!"



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

Við lifðum á því mjög lengi og þótt ég hafi kannski ekki fyllst lotningu yfir að vera kominn í návígi við goðið voru orð hans mér mikil hvatning í því sem ég var að gera og vafalaust þáttur í því að ég hef verið atvinnutónlistarmaður í 24 ár.

Ég kynntist svo Björgvini betur þegar við fórum saman á svið í gamla Broadway í syningunni *Allt vitlaust* og sungum þar saman. Ég hafði byrjað í *Blítavínafélaginu* 1986 og bandið gekk vel, en þetta var fyrsta stóra verkefnið mitt í poppbransanum. Mér þótti bæði skemmtileg tilviljun og mikil upphéð að syngja með Björgvini; fannst gaman að ég og stóri áhrifavaldurinn stæðu saman á sviðinu.

Enn í dag erum við Björgvin góðir vinir, heimsækjum hvor annan og borðum saman. Ég hef fyrir löngu vanist því að vera orðinn vinur goðsins, en lít enn mjög upp til Björgvins og finnst gaman að umgangast hann þótt lotningu sé að mestu farin. Trúlega hefur hann enn áhrif á mig, svona leynt og ljóst, þótt ég hafi alltaf unnið mína



EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

tónlist út frá mínum sjónarmiðum. Ég þyki þannig lunkinn í söng og útsetningu bakradda og það hef ég örugglega sótt til Björgvins.

Ódýrt skemmtiefni


Juiced

Í Juiced snýst allt um bílinn, en leikmenn geta keypt sína eigin bíla og breytt þeim á fleiri milljón mismunandi vegu. Einn af stærstu bílaleikjum ársins á PlayStation 2. Meira en 50 gerðir bíla frá mörgum stærstu bílaframleiðendum heims á borð við Toyota, Honda, Nissan, Peugeot og Volkswagen.



Madagascar

Vandaður hopp og skopp leikur byggður á myndinni Madagascar, en hér fá leikmenn tækifæri á að stýra fjórum dýrum; ljóni, sebrahesti, gírafra og flóðhesti. Leikmenn þurfa að hjálpa þeim að sleppa úr dýragarði og koma sér fyrir á eyjunni Madagascar.



Útsala á tónlist

40% afsláttur



Gildir til 13. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





Heyrst hefur ...

... að það eina sem hafi komið í veg fyrir að Magnús Cyflason hafi verið rekinn sem þjálfari KR sé lítið framboð á íslenska þjálfaramarkaðnum ekki síst þar sem Þróttar voru fljótir til og kræktu í Atla Eydalsson í vikunni en Atli gerði KR-inga einmitt að tvöföldum meisturum þegar hann þjálfaði þá síðast 1999.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JULÍ

6 7 8 9 10 11 12

Laugardagur

- **LEIKIR**
- 14.00 Þór og Víkingur Ó mætast á Akureyrarvelli í fyrstu deild karla í knattspyrnu.
- 16.00 Fjölnir og KS mætast á Fjölnisvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.
- 16.00 Völsungur og Víkingur R mætast á Húsavíkuvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.
- **SJÓNVARP**
- 11.50 Formúla 1 á RÚV.
- 13.10 Gullmót í frjálsum íþróttum á RÚV.
- 15.30 Strandblak á Sín.
- 16.30 PGA-mótaröðin í golfi á Sín.
- 17.00 Motorworld á Sín.
- 17.30 Toyota-mótaröðin í golfi á Sín. Svipmyndir frá Óstamótinu.
- 19.00 Spænski boltinn á Sín. Real Mallorca – Barcelona.
- 20.40 Hnefaleikar á Sín. Laila Ali – Gwendolyn O'Neil
- 22.15 Hnefaleikar á Sín. JL Castillo – Diego Corrales
- 23.15 Hnefaleikar á Sín. Joel Casamayor – Diego Corrales

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

FH–KEFLAVÍK 2–0

STABAN:

FH	10	10	0	0	28–5	30
VALUR	9	7	0	2	20–5	21
KEFLAVÍK	10	4	3	3	16–21	15
FYLKIR	9	4	2	3	17–14	14
KA	9	4	1	4	9–11	13
IR	9	3	1	5	8–13	10
GRINDAVÍK	9	2	3	4	10–16	9
FRAM	9	2	2	5	10–12	8
ÍBV	9	2	0	7	6–21	6
ÞRÓTTUR	9	1	2	6	11–17	5

Landsbankadeild kvenna:

ÍA–VALUR 0–9

Margrét Lára Viðarsdóttir 5 (15. viti, 30. viti, 36., 50. og 77.), Laufey Ólafsdóttir (44.), Dóra María Lárusdóttir (51.), Málfríður Sigurðardóttir (68.) og Rakel Logadóttir (85).

STABAN:

BREIÐABLIK	8	8	0	0	30–6	24
VALUR	9	7	0	2	43–11	21
KR	8	5	0	3	27–14	15
ÍBV	8	5	0	3	28–17	15
KEFLAVÍK	8	4	0	4	22–23	12
STJARNAN	8	2	0	6	9–24	6
FH	8	2	0	6	6–27	6
ÍA	9	0	0	9	6–49	0

1. deild karla:

HAUKAR–KA 1–1

1–0 Kristján Ómar Björnsson (2.), 1–1 Hreinn Hringsson (22.).

STABA EFSTU LÍDA:

BREIÐABLIK	8	7	1	0	15–2	22
VÍKINGUR	8	4	3	1	18–4	15
KA	9	4	2	3	16–9	14
HAUKAR	9	3	2	4	14–14	11
ÞÓR AK.	8	3	2	3	12–17	11
VÍKINGUR Ó.8	3	2	3	5	15–11	11

SERBNESKI MIÐJUMAÐURINN IGOR PESIC HJÁ ÍA SKORAÐI SANNKALLAÐ DRAUMAMARK GEGN KR:

Var búinn að fylgjast með Kristjáni

Síðara mark Skagamanna á KR-vellinum í fyrirkvöld verður lengi í minnum haft og margir eru farnir að tala um það sem mark ársins. Það vildi þannig til að Igor Pesic, miðjumaður ÍA, fékk boltann á eigin vallerheimingi eftir að Kristján Finnbogason, markvörður KR, átti misheppnaða aukaspyrnu framarlega á velliinum og var óf seinn að hlaupta til baka. Pesic hugsaði sig ekki tvisvar um heldur lét vaða á markíð af næstum sextu metra færi og náði að skora.



framarlega á velliinum og virkar stundum eins og aftasti varnarmaðurinn hjá þeim.

Svo þegar aukaspyrnan hans mistókst og Pálmi skallaði hana fyrir fætur mér, kom að eins eitt til greina – að láta vaða á markíð,” sagði Pesic.


Mark hans var enn sætara þegar haft er í huga að það tryggði Skagamönnum fyrsta sigurinn á KR í Vesturbænum í tólf ár. „Strákarnir í líðinu sögðu mér frá því

hvað væri í húfi þegar þessi lið mætast og því var það mér sérstaklega mikilvægt að ná að leggja mitt að mörkum í sigrinum. Langskot eru í rauninni min sterkasta hlíð sem leikmanns og ég veit að ég hef alla burði til að gera svona hluti á knattspyrnuvelliinum. Ég hef mikla trú á sjálfum mér, annar gæti ég ekki gert svona hluti,” sagði geðþekki Serbinn, sem sagðist ekki æfa svona skot sérstaklega.

„Mér líður mjög vel á Íslandi og það er reglulega fínt að vera á Akranesi að spila fótbolta, þó það taki mig eitthvað lengri tíma að komast alveg inn í boltann sem er spilaður hérna. Ég hef enn ekki sýnt mínar bestu hlíðar og hlakka mikið til að sýna hvað í mér býr í sumari,” sagði Pesic að lokum.

Þrjátíu stig FH í tíu leikjum

Íslandsmeistarar FH eru komnir með 9 stiga forskot og eru enn með fullt hús eftir fyrstu tíu leikina. Hafnfirðingar nýttu upphafsmínútur hálfleikjanna vel.



Kaplaikrni, áhorf: 800 Jóhannes Valgeirsson (6)

1–0 Ólafur Páll Snorrason (1.)
2–0 Tryggvi Guðmundsson (46.)

TÖLFRAÐIN

Skot (á mark)	15–12	(4–3)
Varn skot	Daði 3	– Omar 2
Horn		2–6
Aukaspurnar fengnar		14–7
Rangstöður		2–4

FÓTBOLTI Leiðindaveður í Hafnarfirðinum í gær setti mark sitt á leikinn í gær, þegar FH vann verðskuldaðan sigur á Keflavík með tveimur mörkum gegn engu.

Leiðindaveður var í gær áttu leikmenn beggja liða í tölurverðum erfiðleikum með að hemja boltann á blautum velliinum, nema þá helst leikmenn FH sem sýndu góða spilamennsku í seinni hálfleik í gær, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. FH byrjaði leikinn af miklum krafti og tókst að skora strax á fyrstu mínútu leiksins og var þar að verki Ólafur Páll Snorrason, en hann fékk falllega sendingu inn fyrir vörðina frá Allan Borgvardt.

Seinni hálfleikur hófst líkt og svo fyrri, með því að FH skoraði. Í þetta skiptið var það markahrókurinn Tryggvi Guðmundsson sem skoraði eftir ágæta sendingu Ólafs Páls Snorrasonar frá hægri. Leikmenn FH náðu að spila boltanum vel sín á milli á upphafsmínútum síðari hálfleiks og sýndu að það er



engin tilviljun að liðið er tþlaust það sem af er Íslandsmótinu. Góð hreyfing var á líönu og voru bakverðirnir áberandi í sóknarleiknum, sérstaklega hægri megin þar sem Guðmundur Sævarsson tók góð spretti hvað eftir annað. Keflvíkingar náðu ekki að fylgja eftir ágætri frammiðstöðu í fyrri hálfleik og voru alltaf skrefi á eftir sprekku liði FH. Ólafur Páll Snorrason var sprekur hjá FH.

„Við náðum ekki að spila nægilega vel í fyrri hálfleik. Boltinn gekk illa á milli manna. Í seinni hálfleik náðum við að láta boltan ganga betur og spiluðum ágæta knattspyrnu. Mörkin komu á góðum tíma í báðum hálfleikum og gáfu okkur forskot til þess að byggja á.“

BARÁTTA FH-ingurinn Allan Borgvardt hoptar hér upp úr tækingu Keflvíkingsins Baldurs Sigurðssonar í sigurleik FH á Kaplaikrni í gær.

FH 4–3–3	KEFLAVÍK 4–4–2		
Daði	6	Ómar	5
Guðmundur	8	Abdul Kadir	5
Auðun	6	(73. Milicevic	–)
(35. Baldur	6)	Baldur	7
Nielsen	6	Johansson	5
Freyr	6	Guðjón	5
Asgeir Gunnar	7	Bjarni	5
Heimir	6	(66. Gunnar Hilmar	5)
(89. Jónas Grani	–)	Hólmur Örn	5
Davíð Þór	6	Jónas Guðni	6
Ólafur Páll	7	Gestur	6
(89. Ármann Smári	–)	(89. Ásgrímur	–)
Borgvardt	6	Hörður	5
Tryggvi	6	Guðmundur	5

*MAÐUR LEIKSINS

Mótaröðin Sterkasti maður Íslands heldur áfram á Selfossi og Hveragerði í dag:

Kept um titilinn Suðurlandströllið

AFLARUNIR Það verða hrikaleg átök á Selfossi og í Hveragerði í dag þegar öflugustu kraftaþjótarn landsins etja kappi um titilinn „Suðurlandströllið 2005“.

Keppnin er liður í mótaröðinni Sterkasti maður Íslands þar sem veitt verða verðlaun fyrir stígahesta keppanda á mótum sum-

arsins. Sigurvegari síðustu keppni, Kristinn „Boris“ Haraldsson, verður meðal keppanda í dag og þá kemur kraftflytingakóngurinn Auðunn Jónsson aftur til inn eftir að hafa misst af síðasta móti vegna veikri erlendis.

Fyrstu greinarnar fara fram á Selfossi og þar hefst keppni

klukkan 13.30. Þar verður keppt í truckkærætti, drumbalyftu, hleðslu og drætti og krossfestylyftu, en seinnipartinn flyst keppnin til Hveragerðis, þar sem tekið verður á Atlassteinum fyrir framan Eden um 16:00.

> Við finnum til með ...

... Keflvíkungum sem hafa spilað tvo góða leiki gegn Íslandsmeisturum FH í Landsbankadeildinni í sumar en hafa komið bæði stiglausir og marklausir út úr þeim þrátt fyrir ótali færi og mörg glæsiliþf. FH vann leikina samanlagt 5–0 en fá lið hafa þó náð að spila fótbolta gegn þeim líkt og Keflvíkinger gerðu.

> Við hrósum ...

... Ólafur Páll Snorrason sem hefur nýtt tækifæri sín vel með FH í sumar. Ólafur Páll hefur skorað 2 mörk og gefið 4 stóðsendingar á þeim 242 mínútum sem hann hefur spilað. Ólafur Páll hefur því komið að marki með 40 mínútna millibili.

ÚR SPORTINU

Danskur knattspyrnumaður, **Peter Tranberg**, er nú staddur hjá Fylkismönnum og verður til reynslu hjá félaginu næstu daga. Tranberg er 27 ára miðjumaður og hefur allan sinn feril leikið með Álamborg í heimalandinu og á samtals 136 leiki að baki með liðinu. Ef af því verður að Fylkir semji við leikmanninn verður hann þriðji danski leikmaðurinn í herbúðum liðsins en þar eru fyrir Eric Gustafsson og Christian Christiansen en hann þekkir einmitt þann síðarnefnda sem gaf Fylki sin meðmæli.

Viðræður milli ítalska liðsins Inter Milan og spænska stórlíðsins Real Madrid um varnarmanninn **Walter Samuel** ganga hægt. Forráðamenn liðanna tveggja hafa fundað stíft síðustu daga en Inter vill fá Samuel í sínar raðir til að styrkja öftustu línu.

Ígær skrifuðu **Steven Gerrard** og **Jamie Carragher** undir nýja samninga við Evrópuameistarar Liverpool til ársins 2009. Í þessari viku stefndi

allt í Gerrard, sem er fyrriúti Liverpool, væri á förum frá félaginu og þar voru nöfn Real Madrid og Chelsea nefnd. Á ötruáttu hátt og á síðustu stundu hétti hann hvernig við að fara frá liðinu og ákvað að vera áfram á Anfield. Carragher er varnarmaður eins og flestir vita og er í miklum metum meðal stuðningsmanna Liverpool.

Tour de France hjólríðakeppnin er í fullum gangi og í gær var sjöunda dagleið. Eftir hana er **Lance Armstrong** í forystu, fjórða daginn í röð. Ástralinn Robbie McEwen sigraði þó dagleiidina sem var 229 kílómetrar og var þetta í annað sinn á þessu ári sem hann sigrað dagleiid en hinn sænski Magnus Backstedt hafnaði í öðru sæti. Forysta Armstrong er nú 55 sekúndur en annar í heildarkeppinni er landi hans frá Bandaríkjunum, George Hinicapie.

Mclaren-ökumaðurinn **Pedro de Mia Rosa** var langfljótastur á báðum æfingum keppnisliða Formúlu 1 í gær. Keppni helgarinnar fer fram á Silverstone-brautinni í Bretlandi um helgina. Brasilumaðurinn Ricardo Zonta á Toyota kom á eftir hinum spænska de la Rosa og var 0,4 sekúndum á eftir. McLarenmenn áttu góðan dag og þrjár af fjórum fljótustu bílum gærdagsins voru úr þeirra röðum, Kólumbíumaðurinn Juan Pablo Montoya varð þriðji og Kimi Raikkönen frá Finnlandi fjórði.

Asafa Powell ætla ekki að taka þátt í 100 metra hlaupinu á Gullmóti Alþjóðfrjálsþróttasambandsins á Ólympíuleikvanginum í Róm. Þetta eru mikil vonbrigði en búist var við að hann myndi þar etja kappi við Justin Gatlin Ólympíumeistarara og yrði því þó fyrsta uppgjöf þeirra tveggja en Powell setti einmitt glæsilegt heimsmet á dögnum.



EKKI LENGUR HJÁ FRAM Andri Steinn Birgisson hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Framliðið í bili.

Andri Steinn Birgisson er hættur hjá Fram: Hlakkar til að spila fyrir Víkinga

FÓTBOLTI Miðjumaðurinn Andri Steinn Birgisson er á leið til Víkings Reykjavíks sem er í öðru sæti 1. deildarinnar. Andri tók þá ákvörðun að hætta hjá Fram í Landsbankadeildinni en hann missti sæti sitt í liðinu eftir að hafa verið í byrjunarliðinu í fyrstu umferðunum. Hann var ekki í leikmannahópi liðsins sem lék gegn Þór í bikarunum á þriðjudag og tilkynnti framkvæmdastjóra Fram á miðvikudag að hann væri hættur.

Andri Steinn segir að ósætti sé stærsta astæðan fyrir því að hann ákvað að hætta hjá Safamyrarliðinu. „Það eru nokkrir hlutir sem orsaka þessa ákvörðun mína. Þetta

byrjaði þegar ég mætti tíu mínútu um seint í leik gegn Val, var í byrjunarliði en var tekinn af velli á 25. mínútu. Ég hefði sjálfur óskað þess að fá að byrja á þekknunni í stað þess að vera tekinn af velli svo snemma. Út frá þessu komu nokkur leiðindi upp á og mér var ýtt út í horn,” sagði Andri Steinn sem er 22 ára.

Sigurður Jónsson, þjálfari Víkings hefur rætt við hann oftar en einu sinni. „Hann hefur greinilega mikla trú á mér og það er ekkert nema jákvætt. Þeir eru í harðri baráttu um að komast upp í Landsbankadeildina og það verður gaman að taka þátt í henni.“



LÆTUR Í SÉR HEYRA Ólafur Þórðarson er einstakur karakter og það er oft ótrúlega gaman að fylgjast með honum hvetja og kalla á sína menn á hliðarlínunni eins hér í sigurveiknum í Vesturbænum á fimmtudagskvöldið. FRETTAHLAÐIÐ/VALLI

Hefur stjórnað ÍA í hundrað leikjum

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, varð á fimmtudagskvöldið þriðji þjálfari ÍA frá upphafi til þess að stjórna Skagaliðinu í 100 deildarleikjum.

FÓTBOLTI Ólafur Þórðarson og lærisveinar hans í ÍA í Landsbankadeild karla náðu langþráðu takmarki í fyrrakvöld þegar þeir unnu sinn fyrsta sigur á KR-vellinum í tólf ár eða síðan liðið vann þar 4-1 sigur 8. ágúst 1993.

Ólafur sjálfur hafði komið fimm ár á undan í Frostaskjöldi sem þjálfari án þess að ná að krækja í eitt einasta stig. Strákarnir hans bættu úr því í fyrrakvöld og hafa með tveimur góðum 2-0 sigrum á fornum fjendum sínum (ÍBV og KR) losað sig við falldraginn sem var farinn að gera vart við sig á Akranesi í síðasta mánuði.

Með því að ná að vera við stjórnina hjá Skagaliðinu í hundrað leikjum kemst Ólafur Þórðarson í þriggja manna hóp með ekki minni mönnum en Ríkharði Jónssyni og George Kirby. Ríkharður stjórnaði Skagaliðinu í 160 deildarleikjum á árunum 1951 til 1973 en Skagamenn unnu sex Íslandsmeistarátitla undir hans Ríkharðs á þessum fyrstu gullaldar árum félagsins en undir stjórn Kirby spilaði ÍA 102 deildarleiki í nokkrum áföngum frá 1974 til 1990.

Þjálfari ÍA síðan 1999

Ólafur Þórðarson er hins vegar fyrsti þjálfarinn í langri og glæsilegri sögu knattspyrnufélags Skagamann til þess að stjórna meistaraflokki liðsins í 100 leikjum samfellt en Ólafur hefur verið þjálfari ÍA síðan 13. september 1999. Ríkharður þjálfaði Skagaliðið í fjórum kippum, sú lengsta innihélt 60 leiki.

Allt síðan að Ólafur kom óvænt að lokakafli Skagaliðsins fyrir sex árum hefur hann farið með Skagaliðið gegn súrt og sætt og er nú að leggja grunninn að framtíð.

FLESTIR LEIKIR ÞJÁLFARA ÍA Í TÓLFU EFTSU DEILD:

Ólafur Þórðarson	100 (53,9%)
Hörður Helgason	84 (65,9%)
George Kirby	74 (56,8%)
Guðjón Þórðarson	72 (73,6%)
Logi Ólafsson	60 (66,1%)

LEIKIR ÍA UNDIR STJÓRN ÓLAFS GEGN FÉLÖGUM:

ÍBV	12 leikir (44,4% stiga í húsi)
Fram	11 (48,5%)
Fylkir	11 (45,5%)
Grindavík	11 (42,4%)
KR	11 (21,2%)
Keflavík	9 (81,5%)
FH	9 (37,0%)
KA	6 (66,7%)
Valur	5 (80,0%)
Breiðablik	4 (100%)
Þróttur	3 (100%)
Leiftur	2 (66,7%)
Stjarnan	2 (66,7%)
Víkingur	2 (50,0%)
bór Ak.	2 (50,0%)

arliði félagsins með því að byggja liðið upp á mörgum ungum og efnilegum knattspyrnumönnum ofan af Akranesi.

Ólafur gerði Skagamenn að Íslandsmeisturum 2001 og liðið vann bikarinn undir hans stjórn 2000 og 2003 en öll árin sem hann hefur stjórnað liðinu hefur það verið í efri hluta deildarinnar og eftir sigurinn á KR er liðið aftur meðal þeirra fimm efstu í Landsbankadeildinni.

Það er allt annað en algengt að þjálfari nái að vera með sama lið svo lengi. Ólafur varð 11. þjálfarinn í sögu 10 liða efstu deildar til þess að stjórna 100 deildarleikjum en aðeins sjá annar til ná því fyrir eitt lið.

Ólafur er reyndar farinn að nálgast met Ásgeirs Elfasonar sem er sá þjálfari sem hefur stjórna sama liði samfellt í tíu liða efstu deild en Ásgeir var þjálfari Framara í 126 leikjum í röð frá 1985 til 1991. oof@frettabladid.is

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

AUGLÝSINGASÍMI

FRÉTTAHLAÐIÐ 550 5000

Golfmót VISA 23. júlí



Punktakeppni með forgjöf og högggleikur án forgjafar

Vinningar:

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í punktkeppni með forgjöf:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Ícelandair til farseðlakaupa hjá **ICELANDAIR**
2. Flug fyrir tvo til einhers áfangastaðar **ICELANDAIR** í Evrópu.
3. - 4. Vörúttekt hjá **Hole in One** golfvörverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í högggleik án forgjafar:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Ícelandair til farseðlakaupa hjá **ICELANDAIR**
2. Flug fyrir tvo til einhers áfangastaðar **ICELANDAIR** í Evrópu.
3. - 4. Vörúttekt hjá **Hole in One** golfvörverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Nándarverðlaun á öllum þrjú brautum.

Aukaverðlaun fyrir holi í högg á 2. braut:

1.000.000 kr. innborgun á VISA-kreditkortid.

Allir keppendur fá teiggjöf og í mótslok verður dreigið úr skorkortum þeirra sem verða á staðnum.

Skráning:

Mótið er haldið á velli **GKG, Golfklúbbsí Kópavogs og Gardabæjar**, við Vífilstaði laugardaginn 23. júlí nk. Einungis **VISA-kreditkorthafar** geta tekið þátt í mótinu. Hámarksforgjöf er 24 hjá kórjum og 28 hjá konum. Skráningargjald er 2.000 kr. og skuldfærast af VISA-kreditkortu leikmanns. Síðasti skráningardagur er 22. júlí.

Skráning og frekari upplýsingar hjá **GKG** í síma 565 7373.



STUÐ MILLI STRÍÐA : Steríótýpudagar

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR ÆTLAR Á ÍRSKA DAGA

MYNIR: HELG SIGURSSON



Það er greinilega í tísku hjá bæjarfélögum landsins að efna til útlenskra daga af einhverju tagi. Dagarnir eru fær-
eyskir í Ólafsvík og danskir á Stykkishólmi, og nú í dag verða haldnir Írskir dagar á Akranesi.

Löndin sem eignast útibú á Íslandi með þessum hætti eru svoltíð spes og í raun ótrúlegt að hátíðirnar hali inn alla þessa þátttakendur. Danirnir eru orðnir þreyttir, greyin, enda er sjarmi Danaveldis takmarkaður við danska bjórin. Hvað blessaða Fær-

eyngina varðar hefði mig aldrei grunað að þeir yrðu svona vinsælir (og nota bene hér talar manneskju með reynslu, því ég hef lagt á mig hvorki meira né minna en vikuvöl í Færeyjum á ættarmóti. Eg fór með Norrænu og allt).

Akurnesingar mega reyndar eiga það að hafa ágætisástæðu fyrir því að halda Írska daga, því það voru vist tveir kumpánar frá Írlandi sem námu land á Akranesi (þó að í smáa letrinu lesist: ættaðir frá Noregi eins og aðrir landnámsmenn Íslands). En sjálf-sagt er það algjört aukaatriði hvers lenskir dagarnir eru, því oftan en ekki hefur dagskrá hátíðarinnar ákaflega lítið með landið að gera. Að undanskilinni „Írskri tónlistarveislu“ á Akranesi um helgina eru fáir dag-

skrárlíðir sem hafa eitthvað með frá að gera (ef þú vissuð það ekki, þá spilar Írafár ekki Írska tónlist). Keppnin um rauðhærðasta Íslendinginn verður sjálfsgagt stórfyndin en mig grunar að rauðhærði freknótti Írinn sé steríótýpa, fágætt og í útrým-ingarhættu á Írlandi.

En steríótýpur eru kannski óumflýjanlegar. Ekki er minnst á Íslendinga erlendis án þess að talað sé um harðfísk og lopapeysur. Og ég spái því að innan skamms verði haldnir bandarískir dagar einhvers staðar á landinu sem verða uppfullir af línudansi og hamborgurum og öðrum viðbjóði. Ignorance is a bliss, segir máltækid... Hvað sem steríótýpum líður mun ég eflaust skemmta mér stórvél á Akranesi í dag.

HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA UM HELGINA?

SIRKUS RVK SEGIR ÞER ALLT SEM ÞU ÞARFT AÐ VITA.

NÝTT TÍMARIT. NYR TONN.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



**KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLÁD SÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

SIRKUS

- FYLGSTU MED!

Afsökunarbeiðni handa Pitt og Jolie

Blaðið US Weekly neyddist til þess að biðja Brad Pitt og Angelinu Jolie afsökunar á fréttum þess efnis að „vinirnir“ væru að fara að ættleiða barn saman. Blaðið hafði skrifað fréttina og var búin að senda hana í prentun þegar hið sanna var uppgötváð. Á heimasíðu blaðsins var afsökunarbeiðnin birt og þar kemur fram að þrátt fyrir að Brad Pitt hafi verið viðstaddur þegar Angelina Jolie hafi skrifað undir ættleiðingarskjölin þá hafi hann ekki frekar komið nálægt því. Litla stúlkan, sem á að heita Zahara Marley Jolie, er aðeins fimm mánaða gömul. Hún er mun- aðarleysingi frá Addis Ababa og er



JOLIE Angelina Jolie er þekkt fyrir mann- úðarstörf í þágu barna og sérstakur sendi- herra UNICEF. Hún hefur nú ættleitt sitt annað barn en það er stúlka sem heitir Zahara Marley Jolie og kemur frá Addis Ababa.

sýkt af eyðni. Með þessum fréttum er bundinn endi á þær sögusagnir að Jolie sé ólétt eftir að til hennar sást í ungbarnadeild Harrods. ■

DiCaprio sest í sæti framleiðandans

Leonardo DiCaprio er víst búinn að ná sér eftir að kona réóst á hann með flösku. Tímariði Variety greinir frá því í sínu nýjasta hefti að nú ætli leikarinn að framleiða sína fyrstu mynd. Verður hún gerð eftir skáldsögu Kurt Vonnegut, Cat's Cradle. Reiknað er með því að tókur hefjist seint á þessu ári en ekki hefur verið staðfest hvort DiCaprio leiki sjálfur í myndinni.



DICAPRIO OG GISELE Leikarinn kom með Gisele upp á arminn þegar Óskarsverðlaunin voru afhent í ár. DiCaprio hafði ekki áður gert það því hann var vanur að koma eingöngu með móður sinni.

DiCaprio einbeittir sér nú aðallega að kvikmyndaleiknum. Ekki eru mörg ár síðan að leikarinn var fastagestur á síðum slúðurlaðanna en hann virðist nú hafa fundið rómantíkuna í örmum fyrirsætunnar Gisele Bündchen. DiCaprio er um þessar mundir að leika í

kvikmynd Martin Scorsese, The Departed, ásamt Matt Damon, Mark Wahlberg og Jack Nicholson. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jennifer Aniston féll saman á tókustað nýjustu myndar sinnar *The Break Up*. Það leið yfir stjórn- una eftir að hún hafði kvartað undan ógleði og höfuðverkjum fyrr um daginn. Opinberar skýringar eru þær að hún hafi fengið sólsting en heimildarmenn á tókustað segja að allt slúðrið um meint samband eigin- manns hennar, **Brad Pitt**, og **Angelínu Jolie** hafi tekið gráðarlegan toll.

Popprinsessan Britney Spears gengur með tívura samkvæmt bandaríska blaðinu *New York Daily News*. Talskona hennar vildi hvorki staðfesta þessa sögu né neita henni. Athygli vakti hversu fljótt Britney varð mik- il um sig því skvísan á ekki að eiga fyrr en í haust og þykir það benda til þess að sag- an sé sönn.

Madonna hefur grátbeiðið *The Office* grínistann **Ricky Gervais** um hlutverk í nýju þáttaröðinni hans *Extras*. Þegar Madonna mætti honum baksviðs á *Live 8* tónleikum- um í Hyde Park í London gekk hún að honum, itrekaði boðið og tók í hönd hans. „Þú veist að nú erum við búin að handsala munnlegt samkomulag,” sagði Madonna glettn- islega. Ricky er sagður ánægður með áhuga hennar og hyggst gefa henni hlutverk í þát- unum.



JOY BRYANT Þessi geðþekka leikkona lék meðal annars á móti Beyoncé Knowles í hipp hopp útgáfunni af Carmen.

50 Cent kom- inn með nýja

Íslandsvinurinn og glæparappar- inn 50 Cent er kominn með nýja kærustu, það fullyrðir *New York Daily News*. Fifty, eins og hann er gjarnan kallaður, var áður með *Kill Bill* leikkonunni Vivica A. Fox, en er nú sagður vera með Joy Bryant, mótleikkonu sinni úr *Get Rich or Die Tryin'*. Sú mynd á að lýsa gróflaga skrautlegri ævi rapparans sem áður vann fyrir sér sem melludólgur og eiturlyfjasali. Blaðið hefur eftir heimildar- manni að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem Joy deili sæng með aðalleikara í kvikmynd. Hún hefur verið fyrirsæta fyrir Tommy Hilfiger og var eitt sinn stuttlega með Rn'B listamanninum Usher. Talsmaður Bryant játaði hvorki né neitaði því að hún væri með rapp- aranum. ■

Snoop Dogg

TÓNLEIKATILBOÐ

Í tilefni af tónleikum Snoop Dogg í Egilshöll 17 júlí verða eftirfarandi Snoop titlar á tilboði.

CD+DVD
2.299

Snoop Dogg
R&G: (Rhythm & Gangsta) The Masterpiece Tour Edition CD+DVD
Takmarkað magn

1.999

Snoop Dogg
Greatest Hits

DVD

Tónlist

Plötur og DVD diskar á tilboði!

Snoop Dogg	R&G: (Rhythm & Gangsta) The Masterpiece Tour Edition CD+DVD	2299
Snoop Dogg	R&G: (Rhythm & Gangsta) The Masterpiece	1999
Snoop Dogg	Greatest Hits	1999
Snoop Dogg	Top Dogg	1799
Snoop Dogg	Tha Last Meal	1799
Snoop Dogg	Paid Tha Cost To Be Da	1799
Snoop Dogg	Da Game Is To Be Sold	1799
Snoop Dogg	Boss Play-A Day In The Life Of Snoop Dogg DVD	2299
Snoop Dogg	Puff Puff Pass Tour DVD	2299

...skemmtir þér ;)



Kl. 17.00

Um helgina er önnur tónleikahelgi Sumartónleika í Skálholtskirkju 2005. Flytjendur verða annars vegar Sönghópurinn Hljómeyki og hins vegar Nordic Affect. Sá fyrrnefndi flytur dagskrá helgaða verkum Jónunnar Vildar sem er ein af fimm staðartónskáldum í ár. Einnig frumflytur Hljómeyki útsetningu Önnu Þorvaldsdóttur, sem er úr hópi okkar yngstu tónskálda og einnig staðartónskáld í sumar, á sálmunum Heyr þú oss himnum á í messu helgarrinnar kl. 17 á sunnudaginn.

menning

menning@frettabladid.is

Umsóknir á Iceland Airwaves

Aðstandendur tónlistarháttarinnar Iceland Airwaves, sem haldin verður í Reykjavík í sjöunda sinn daganna 19. til 23. október, eru byrjaðir að taka við umsóknum frá innlendum hljómsveitum og listamönnum sem vilja koma fram á hátíðinni. Í fyrra komu yfir 100 innlendir flytjendur fram á Airwaves auk 23 erlendra hljómsveita og listamanna. Þá bárust skipuleggjendur háttarinnar um 250 umsóknir frá innlendum flytjendum um að fá að spila á hátíðinni.

Þetta er í fyrsta sinn sem skipuleggjendur háttarinnar gefa hljómsveitum og listamönnum kost á að sækja um að spila á hátíðinni með því að fylla út sérstakt eyðublað og skila inn ákveðnum fylgigögnum, en hingað til hefur umsóknarferlið verið óformlegur. Hægt er að nálgast eyðublaðið á netsíðunni www.icelandairwaves.com undir liðnum „Press/Industry“.

Skilafrestur umsókna er til 10. ágúst 2005.



ICELAND AIRWAVES Innlendir hljómsveitir og listmenn sem hafa áhuga á því að koma fram á Iceland Airwaves 2005 sem haldin verður í sjöunda sinn daganna 19. til 23. október geta nálgast eyðublað á netsíðunni www.icelandairwaves.com undir liðnum „Press/Industry“.

EKKI MISSA AF...

...tónleikum Kvintetts Kristjónu Stefánsdóttur sem leikur á sjöttu tónleikum sumartónleikaradár veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu klukkan 16.00 í dag. Aðrir meðlimir kvintettsins eru saxófónleikarinn Sigurður Flóason, píanóleikarinn Eyþór Gunnarsson og bassaleikarinn Róbert Þórhalsson og trommuleikarinn Scott McLemore. Aðgangur er ókeypis.

...frumflutningi á íslenski þýðingu Guðmundar Hansen og Gunnsteins Ólafssonar á Malarsáttakunni fögru eftir Franz Schubert í flutningi Hlöðvers Sigurðssonar tenórs og Antoniu Hevesi píanóleikara sem fer fram í Siglufjarðarkirkju í dag kl. 17.00.

[METSÖLULISTI]

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

1 MÓÐIR Í HJÁVERKUM

KILJA - Allison Pearson

2 FIMMTA KONAN

KILJA - Henning Mankell

3 UTAN ALFARALEIDA

Jón G. Snaeland

4 DAUBADJASSINN

KILJA - Arne Dahl

5 KORTAB. M. OG MENNINGAR

Mál og menning

6 ÚTIVISTARBÓKIN

Páll Ásgeir Ásgeirsson

7 KLEIFARVATN

KILJA - Arnaldur Indriðason

8 ALKEMISTINN

KILJA - Paulo Coelho

9 ÍSLENSKA VEGAHANDBÓKIN

Steind. Steind.s. frá Hlöðum o.fl.

10 ENGLAR OG DJÓFLAR

KILJA - Dan Brown

SKÁLDVERK - INNBUINDNAR BÆKUR

1 DÁÐ ER ALT ÁN DRAMA O.F.L. KV.

Halldór Laxness

2 PORPIÐ

Jón úr Vör

3 PRÍÐJA GRÁÐA

James Patterson

4 DON KÍKÓTI

2. bindi - Miguel Cervantes

5 FLÓTTINN

Sindri Freysson

6 FÍÁRHÆTTUSPILARINN

Fjodor Dostojevskij

7 KARÍTAS ÁN TITLS

Kristín Marja Baldursdóttir

8 UPPLITAD MYRKUR

Gyrdi Elíasson

9 PS. ÉG ELSKA ÞIG

Cecilia Ahern

10 BLINDA

Jose Saramago

EYMUNDSSON - MÁL OG MENNING - PENNINN

KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bókur

Boðsaganarinn í sínu 688.0878

www.kringluakrain.is

Söngleikur eftir Thomas MEYER, Charles STROUSE & Martin CHARNOV

Annie

í Austurbæ

Forsýning fim. 14/7 kl. 19 sæti laus
Forsýning fös. 15/7 kl. 19 sæti laus
Frumssýning sun. 17/7 kl. 16 örfá sæti laus

551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR

2. sýning 9/7, 3. sýning 14/7, 4. sýning 15/7, 5. sýning 16/7, 6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

MARKAÐURINN

Talstöðin FMI 909

Hafiði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Verk eftir bandarísk tónskáld og verk sem tengjast landinu á einhvern hátt verða á efnisskrá á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins sem haldnir verða í Siglufjarðarkirkju á sunnudaginn klukkan 14.



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON Nemandi við Juilliard tónlistarháskólann í New York verður einleikari í verkinu Rhapsody in Blue eftir George Gershwin, sem flutt verður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins í Siglufjarðarkirkju klukkan 14 á sunnudaginn.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika klukkan 14 á sunnudaginn í Siglufjarðarkirkju. Hljómsveitin var stofnuð 7. nóvember 2004 og hélt fyrstu tónleika sína í Reykjavík 16. desember sama ár. Hljómsveitina skipa nemendur úr tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Tónleikarnir í Siglufjarðarkirkju bera yfirskriftina „Sagnir frá nýja heiminum“. Á efnisskrá verður ýmist tónlist eftir bandarísk tónskáld eða verk sem tengjast landinu á einhvern hátt.

Aaron Copland er oft nefndur faðir bandarískrar tónlistar, en hann hafði mikil áhrif á landa sína meðal annars Leonard Bernstein. Tvö verk eftir Copland verða flutt á tónleikumunum, „El Salon Mexico“ er samið eftir kynei tónskáldsins af þjóðlegri mexíkóskri tónlist. Í „Þögull borg“ (Quiet city) eftir sama höfund, leika bræðurnir Matthías og Jóhann Nardeau einleik. Matthías hefur stundað framhaldsnám í óbóleik í Paris, en

Jóhann líkur einleikaraprófi frá Tónlistarskólannum í Reykjavík á næsta ári.

Rhapsody in Blue eftir George Gershwin er hálfgegt djassverk í klassískum búningi. Þar leikur Víkingur Heiðar Ólafsson einleik, en hann lærir píanóleik við Juilliard tónlistarháskólann í New York.

Eftir hlé verður flutt 9. sinfónía Dvorák, Frá Nýja heiminum. Dvorák samdi sinfóníuna þegar hann bjó í Bandaríkjunum, en hún ber sterkan keim af þarlandri þjóðlagatónlist.

Hljómsveitarstjóri verður Robert Gutter. Hann er fæddur í New York árið 1938 og stundaði

tónlistarnám þar og í háskólanum í Yale. Líkt og margir hljómsveitarstjórar austan hafs og vestan sótti hann samarnaskeið hjá Franco Ferrera í Siena á Ítalíu.

Robert Gutter byggði upp sinfóníuhljómsveitina í Springfield og gerði hana að einni kunnustu hljómsveit Bandaríkjanna á landsvísu. Hann tók við stöðu tónlistarstjóra háskólans í Greensboro, Norður-Karólínu, árið 1988 og hefur gegnt því starfi síðan. Hann er auk þess aðal gestastjórnandi Úkraínsku þjóðarhljómsveitarinnar í Kænugarði. Robert Gutter hefur stjórnað hljómsveitum víða um heim en aldrei áður gist Ísland. ■

Safnadagurinn er á sunnudaginn

Íslenski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur annan sunnudag í júlí ár hvert og ber hann því í ár upp á morgun, sunnudaginn 10. júlí. Þá eru safnafstofnanir hvattar til að halda daginn hátíðlegan á einn eða annan hátt í dagskrá sinni.

Fjölbreytt dagskrá verður á söfnum landsins.

Í Þjóðminjasafni Íslands klukkan 14 leiðir Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur gesti um grunnsýningu safnsins; Þjóð verður til og klukkan 16. Verður Þóra Kristjánsdóttir sérfræðingur með leiðsögn um sýninguna Mynd á þili, íslenskir myndlistarmenn fyrri alda.

Aðgangur að Minjasafninu á Akureyri verður ókeypis í tilefni af safnadeginum og er opið frá 10-17.

Í safninu eru bæði grunnsýningar sem rekja sögu héraðsins, og skammtímasýningar um ýmis efni. Eyjafjörður frá öndverðu er sýning sem segir sögu fjarðarins frá landnámi fram yfir síðaskipti. Hún byggir á fornleifarannsóknunum, efni úr fornun handritum og munum úr eigu Minjasafnsins og Þjóðminjasafns Íslands. Allir munir eru úr Eyjafirði.

Akureyri - bærin verður Pollinn fjallar um þætti úr sögu Akureyri-



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI Íslenski safnadagurinn verður haldinn hátíðlegur á Minjasafninu á Akureyri á morgun.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS Leiðsagnar verða um sýningar safnsins á morgun í tilefni af safnadeginum.

frá upphafi til nútímans. Fjallað er um fiskveiðar, verslun, mannlíf, gróður, hýbýlahætti og þróun húsa-gerða.

Skammtímasýning safnsins er Myndir úr mínu lífi. Ljósmyndir Gunnlaugs P. Kristinssonar frá Akureyri 1955-1985. Á henni gefur að líta myndir úr mannlífi og atvinnulífi bæjarins.

Í Norræna húsinu klukkan 14 segja Helgi Þórsson og Magnús Logi Kristinsson, tveir af sýnendum Grúsar, frá verum sínum á sýningunni. Annar sýningarstjórnanna, Hanna Styrmsdóttir, kynnr sýninguna og svarar spurningum. Í tilefni dagsins verður opið hús í Norræna húsinu frá 12 til 17.

En það eru ekki bara söfnin sem halda upp á daginn því dagskrá verður í Grasagarðinum í Reykja-

vík þar sem fram fer fræðsla um fjölrætur blómplöntur og er fjöldi þeirra yfir 2.000 villtar tegundir, afbrigði og ræktuð yrki.

Hólmfríður A. Sigurðardóttir leiðir fræðsluna á göngu um garðinn en hún er garðykjandídat og fjölfróð um garðblóm og erlendar fjölrætur jurtir. Mæting er í lystihúsinu kl. 11 og verður boðið upp á piparmintute eftir fræðsluna.

Í Víkinu, Sjóminjasafninu í Reykjavík að Grandagarði 8, fer fram dagskrá af safnadeginum sem hefst klukkan 13.30 í anddyri safnsins með flutningi sýnnatónlistar á dragspil auk þess sem hnytt verða net í sýningarsalnum. Klukkan 15.00 verður svo frumsýnd myndin Hættur að hafsins sem er 52 mínútur að lengd. ■

Grieg á orgeltónleikum í Hallgrímskirkju

Um helgina verður norsk orgelleikarinn Björn Andor Drage gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið í Hallgrímskirkju. Hann leikur laugardaginn 9. júlí kl. 12 og sunnudaginn 10. júlí kl. 20.



Björn Andor Drage er meðal virtustu organista Noregs, mjög þekktur fyrir áherslu á að kynna norska tónlist. Til þessa hefur hann meðal annars umritað tónlist tónskálda sem ekki skrifuðu orgeltónlist. Í tilefni af 150 ára Eðvard Griegs hljóðritaði hann geisladisk í Hallgrímskirkju þar sem hann lék þekkt verk Griegs. Efnisskrá laugardagstónleikana

hefst á einu slíku, Norsku dans eftir Grieg en svo leikur hann Dóríska tokkötú eftir Bach, Fantasiu í Es-dúr eftir Saint-Saëns og tónleikunum lýkur með Kjempevise-Slätten eftir Harald Sæverud sem Andor Björn hefur umritað.

Efnisskrá sunnudagstónleikanna hefst líka á franskri orgeltónlist. Það eru tveir spunar eftir Tournemire, Te Deum og Petite rapsodie improvisée, upphaflega flutt og hljóðritað 1931 og skráð af Duruflé rúmlega 30 árum síðar. Hitt franska verkið er þekkt Fantasia í Es-dúr eftir Saint-Saëns. ■

Dansinn fram í dauðann

Í Ketilhúsinu í Listagilinu á Akureyri fer fram, klukkan 20.30 í kvöld, ljóða- og söngvaskemmtunin Heimur ljóðsins sem haldin er í sjötta sinn. Að þessu sinni ber skemmtunin yfirskriftina Dansinn fram í dauðann. Flutt verða kvæði eftir T.S. Eliot og Jóhannes úr Kötlum. Flytjendur eru Þorsteinn Gylfason, Sif Ragnhildardóttir, Michael Jón Clarke og Richard Simm.

„Þetta fyrirbæri var fyrst haldið árið 1998 en þá var flutt dagskrá sem Artúr Björgvin Bollason stóð fyrir. Það var trúfullt þetta fyrsta skipti sem dagskráin var haldin. Ákveðið var að endurtaka þetta árið 1999 og Þorsteinn Gylfason tók það að sér ásamt þeim Sif, Michael og Richard. Svo var sama fólk sem sá um dagskrána árin á

eftir og jukust vinsældir þessara skemmtana með hverju ári og var fólk farið að koma frá Reykjavík og öðrum landshlutum til þess að sjá dagskrána. Síðastliðin tvö ár hefur dagskráin hins vegar ekki verið haldin sökum fjárskorts en í T.S. Eliot og Jóhannes úr Kötlum. Flytjendur eru Þorsteinn Gylfason, Sif Ragnhildardóttir, Michael Jón Clarke og Richard Simm. Ljóðin sem verða flutt eftir Eliot eru úr ljóðabálknum Old Possums Book of Practical Cats en söngleikurinn Cats er saminnt upp úr þessum ljóðabálki og verða flutt tvö lög úr söngleikum á skemmtuninni. Aðgangseyrir er 1000 krónur. ■



ÞORSTEINN GYLFASON OG SIF RAGNHILDARDÓTTIR Þau koma fram á Heimur ljóðsins 2005, ljóða- og söngvaskemmtun í Ketilhúsinu í kvöld ásamt þeim Michael Jón Clarke og Richard Simm. Skemmtunin ber yfirskriftina Dansinn fram í dauðann og verða flutt lög eftir Jóhannes úr Kötlum og T.S. Eliot.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ
6 7 8 9 10 11 12
Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Norsk orgelleikarinn **Björn Andor Drage**, sem er gestur tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið, heldur tónleika í **Hallgrímskirkju**. Á efnisskránni eru verk eftir Grieg Bach, Saint-Saëns og Harald Sæverud.
- 15.00 Tónleikar **Hljómeykis í Skálholtskirkju**. Flutt verða verk eftir Jörnni víðar.
- 16.00 **Kvintett Kristjönu Stefánsdóttur** leikur á sjöttu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins **Jómfrúarinnar við Lækjargötu** Aðrir meðlimir kvintettsins eru saxófonleikarinn Sigurður Flóason, pianóleikarinn Eyþór Gunnarsson og bassaleikarinn Róbert Þórhallsson og trommuleikarinn Scott McLenore. Aðgangur er ókeypis.
- 17.00 **Nordic Affect** flytur dagskrá í **Skálholtskirkju** sem þau kalla í **Kjölfar söndunnar**
- 21.00 Sumartónleikar við Mývatn í **Reykjahliðarkirkju**. Jazztríóð **FÍs** leikur eigin tónlist og lög úr safni Hauks Morthens. Tríóð skipa Davíð Þór Jónsson, Helgi Sv. Helgason og Valdimar K. Helgason. Aðgangur ókeypis.

OPNANIR

- 14.00 Myndlistarkonan **Gunnella** og ljósmyndarinn **Inger Helene Bérason** opna samsýningu í **Listasetrinu Kirkjuhvoli**, Akranesi. Sýningin stendur til 24. júlí. Allir velkomnir
- 15.00 **Olga Bergmann** opnar sýninguna **Náttúrusögur** í sýningarýmiinu **Suðsúðvestur** Hafnargötu 22 Reykjanesbæ.
- 16.00 **Rósa Matthíasdóttir** opnar sýningu á **Vinbarnum**, Kirkjutorgi 4, 101 Reykjavík. Rósa byrjaði að hanna og smíða mósaikspjela fyrir fimm árum og er þessi sýning hennar sú niunda í röðinni.

LJÓÐAKVÖLD

- 20.30 Ljóða- og söngvaskemmtun í **Ketilhúsinu**, Listagili á Akureyri. Kvöldið ber yfirskriftina **Dansinn fram í dauðann**. Flutt verða ljóð eftir T.S. Eliot og Jóhannes úr Kötlum. Flytjendur eru Þorsteinn Gylfason, Sif Ragnhildardóttir Michael Jón Clarke og Richard Simm.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en solarhring fyrir birtingu.

tíska o.fl. FÖSTUDAGUR



AUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesna blað landsins -

Komdu og upplifðu Jó-Jó æðið í Smáralind í dag!

Úrslitakeppni í Vetrargarði Smáralindar klukkan 16:00 í dag.

Töframaðurinn Bjarni og Ken Russell, alþjóðlegur Jó-Jó meistari frá Bandaríkjunum, leika list sínar.

Komdu með Coke eða Coke light. Jó-Jó æðið með þér og taktu þátt í Jó-Jó keppinni.

Vinningar eru:
1. sæti: Heimabó frá Sony,
2. sæti: Sony Playstation 2 tölvu og lekur
3. sæti: Mp3 spilar

Írafár treður upp og allir fá ískalt Coca-Cola og Snickers.

Leiktu þér í allt sumar með Coca-Cola

BT SNICKERS Coca-Cola

SIN CITY **REGNBOGINN**
SÍMI 551 9000

FRUMSÝNINGARHELGI

...HVERN OG TÆR UPPLIFUN...
GJÓRSAMLEGA GÆVLEK
MYNDI*
***★★ XCF XFM

„J HELDNI FRÁBER MYNDI“
***★★ T.V. kvikmyndir.is

„TÖFF, KÍL OG ETTURHÖR“
***★★ Ó.Ó.Ú. DAGLADÍD

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND PESSA SOMARS“
***★★ D.D. FRETTLABÍDÍD

***★★ D.D.J. Kvikmyndir.com

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 **B.I. 16 ára**

***★★ OOH DV
Mjúk ein vétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Fráber gamannmynd sem fór beint
á toppin í USA.

quess who

Sýnd kl. 3.30, 5.50, 8 og 10.10

Mr. & Mrs. Smith

Yfir 30.000 gestir!

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 **B.I. 14 ára**

Sýnd kl. 3, 6 og 9 **B.I. 10 ára**

BIÓ.IS – allt á einum stað

SIN CITY **SMÁRA BÍÓ**
SÍMI 564 0000 HUGSABU STÓRT
